



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. júní 2006 – 149. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Bubbi Morthens er fimmtegur í dag



Einn ástsælasti listamaður Íslands er hálfur aldar gamall og af því tilefni rifja nokkrir þjóðþekktir einstaklingar upp sögur af Bubba. **FÓLK 28**

Verslunin Ellingsen níutíu ára

Sigurður K. Pálsson, forstöðumaður markaðssviðs Olís, segist ekki vera í vafa um að Othar Ellingsen, stofnandi verslunarinnar, væri stoltur af henni eins og hún er í dag. **TÍMAMÓT 22**

Byltingarsækinn sendiherra




Sænski sendiherrann, Madeleine Ströje-Wilkens, segir að sér finnst hún nánast komin heim á Íslandi. Hún mætir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur í borðtennis við Norræna húsið í dag. **BAKSVIÐ 18**

Á leið til Danmerkur

Arnór Atlason handknattleikskappi mun að öllum líkindum skrifa undir samning við danska félagið FCK í vikunni en hann hefur leikið með þýska félaginu Magdeburg síðustu ár. **ÍPRÓTTIR 34**



VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA - Í dag verður fremur stíf suðvestan átt. Viða rigning eða skúrir með morgninum en styttr smám saman upp og léttir heldur til á Norður- og Austurlandi. Vaxandi væta á ný sunnan og vestan til í kvöld. Hiti 8-15 stig, hlýjast fyrir austan. **VEÐUR 4**

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

3 dagar í HM 2006

SÝM besta sætið

MasterCard Landsbankinn olis Iceland Express

ÞINGVÖLLUM KL. 21.00



FORSÆTISRÁÐHERRASKIPTI Halldór Ásgrímsson tilkynnti þingflokki Framsóknarflokksins í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum í gærkvöld að hann hygðist draga sig út úr stjórn málum að loknu flokksþingi í haust. Á myndinni sést hann tilkynna opinberlega að hann láti af formennsku í Framsóknarflokki og embætti forsætisráðherra. Tæpri klukkustund síðar hélt verðandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, blaðamannafund við heimili sitt við Granaskjól í Reykjavík.

GRANASKJÓLI KL. 21.55



Halldór hættir – Geir verður forsætisráðherra

Halldór Ásgrímsson hættir í ríkisstjórn og Geir H. Haarde verður forsætisráðherra. Halldór lætur af formennsku í Framsóknarflokki í haust. Óvissa ríkir um framtíð Guðna Ágústssonar í stjórn málum. „Þetta var kvöldið hans Halldórs,“ var það eina sem Guðni lét hafa eftir sér í gær.

STJÓRN MÁL Halldór Ásgrímsson dregur sig í hlé úr stjórn málum á flokksþingi Framsóknarflokksins í haust. Hann tilkynnti þingflokki og landsstjórn flokksins ákvörðun sína á fundi í bústað forsætisráðherra á Þingvöllum í gærkvöldi. „Ég hef ákveðið að draga mig í hlé úr stjórn máluum eftir nokkuð langa veru þar og ég mun fara úr þeirri ríkisstjórn sem ég nú stjórna. Síðan hef ég ákveðið, eins og áður hefur komið fram, að leggja til við miðstjórnarfund í næstu viku að flokksþing verði kallað saman snemma næsta haust og þar verði kosin ný forysta samkvæmt lögum flokksins,“ sagði Halldór við blaðamenn í gærkvöldi.

Til fundarins á Þingvöllum var boðað með skömmum fyrirvara og vissu fundarmenn ekki hvers væri að vænta. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ráðfærði Halldór sig aðeins við allra nánustu trúnaðarmenn áður en hann tilkynnti ákvörðun sína á Þingvöllum. Töf manna þingflokkur Framsóknarflokksins sat fundinn auk landsstjórnar, en hana skipa formenn kjördæmissambanda og landsambanda og forystumenn nokkurra lykilnefnda flokksins. Fund-

armenn voru því alls á þriðja tuginn.

Halldór og Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, hafa þegar rætt um væntanlegar breytingar á ríkisstjórninni en viðræður þeirra hafa ekki verið leiddar til lykta. Halldór vildi ekkert láta uppi um gang þeirra í gærkvöldi en hann mun áfram stýra þeim af hálfu Framsóknarflokksins. „Það liggur ljóst fyrir að við munum ná saman. Ríkisstjórnarsamstarfið er ekki í neinu uppnámi. Ég get fullvissað alla um það,“ var það eina sem Halldór sagði um þau mál.

„Það sem gerist næst er að við munum á næstu dögum setjast niður og ganga frá því hvernig framhaldið verður. Það liggur fyrir að ég mun taka við stjórnarforystunni í þessari ríkisstjórn,“ sagði Geir Haarde fyrir utan heimili sitt í gærkvöldi.

Hann sagði að eftir væri að ganga frá nokkrum lausum endum, sem væri verk formanna stjórnarflokka. Óákveðið væri hvernig ráðuneytum yrði skipt milli flokka og hverjir myndu gegna ákveðnum ráðherraembættum. „Við tökum okkur þann tíma sem við teljum okkur þurfa. Í rauninni

er þetta ekki dagaspursmál. Ríkisstjórnin situr áfram og það eru engin sérstök vandamál þó að Halldór hafi ákveðið að hætta,“ sagði Geir og taldi brotthvarf forsætisráðherra mikil pólitísk tíðindi.

Enn ríkir mikil óvissa um pólitíska framtíð Guðna Ágústssonar, varaformanns Framsóknarflokksins. Halldór sagði það eitt í gær að þeir Guðni hefðu greint Hjálmari Árnasyni, þingflokksformanni Framsóknarflokksins, frá því að þeir væru báðir viljugir til að hætta. Sjálfur vildi Guðni ekkert segja annað en að gærkvöldið hefði verið kvöldið hans Halldórs.

Ljóst er að Halldór bindur miklar vonir við endurkomu Finns Ingólfssonar í stjórn málin og í gærkvöldi upplýsti hann að rætt hefði verið við Finn. „Það skapaðist mikill áhugi fyrir því innan flokksins að fá Finn Ingólfsson til starfa. Við ræddum við Finn, það liggur fyrir,“ sagði Halldór í gærkvöldi og bætti við að hann teldi það mikinn feng fyrir flokkinn að fá Finn aftur til starfa. Spurður hvort hann treysti engum núverandi forystumanni eða kjörnum fulltrúa Framsóknarflokksins fyrir formennsku í flokki svaraði hann:

„Ég treysti öllu mínu fólki. Nú reynir á okkur að skapa samstöðu um forystu flokksins. Flokksþing-ið tekur ákvörðun um næstu skref.“ **-bps/-mh/-bg Sjá einnig bls. 6**

Byrjaðu núna að æfa!

Besta leiðin til að byrja fyrir Reykjavíkumarkaðsliðið er að skrá sig í hlaupahópið GLITNIR. Hlaupahópið er opið fyrir styttni og löngum hlaupum. Skráningu og hlaupum er haldið í Kinnju-sandi þriðjuga og fjóruga kl.

REYKJAVÍKUR MARAÐON GLITNIR 19. AGÚST

GLITNIR



SPURNING DAGSINS?

Danny, kanntu lögin ennþá?

„Já blessaður vertu. Við spiluðum þetta svo oft í gamla daga að puttnarnir hitta á réttu strengina þó heilinn sé kannski farinn eitthvað annað.“

Danny Pollock er gítarleikari Utangarðsmanna, sem eru meðal hljómsveitanna sem leika á Bubbatónleiknum í Höllinni í kvöld.



VOPNIN TALA Stuðningsmenn sjáleiðtogans Muqtada al-Sadr láta ófriðlega í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofbeldisverkum linnir ekki:

Yfir 50 manns rænt í Bagdad

ÍRAK, AP Byssumenn í lögreglubúningum gerðu áhlaup á strætisvagnastöðvar í Bagdad um hábjartan dag í gær og rændu yfir fimmtíu manns, þar á meðal ferðamönnum og götusölum. Gíslarnir voru fluttir í fimmtán lögreglubíla sem óku burt, en íraskar og bandarískar hersveitir komu á svæðið þegar allt var yfirstaðið.

Innanríkisráðuneytið neitar því að lögreglan hafi verið viðriðin málið, en þetta er aðeins eitt af fjölmörgum ofbeldisverkum í borginni undanfarnar vikur. Forsætisráðherra Írak, Nouri al-Maliki, hefur heitið því að stöðva ofbeldi í höfuðborginni, en það blæs ekki byrlega fyrstu tvær vikurnar hans í embætti. - sgi

VESTMANNAEYJAR

Draugasögur í góðu veðri Fjölskylduhátíð Vestmannaeyjabæjar fór vel fram um síðustu helgi, þar sem veðurblíða ríkti og þátttaka var góð. Dagskráin var nokkuð fjölbreytt, en hátíðinni lauk formlega í gærkvöldi á Kaffi Kró þar sem krassandi draugasögur voru sagðar. Þetta kemur fram á www.sudurland.is

PINGEYRI

Minnisvarði afhjúpaður Á sjómanna daginn stendur til að afhjúpa hjá Pingeyrarkirkju minnisvarða um sjómenn sem fórust með skipunum Dýra 1921 og Hölmsteini 1945. Munu afkomendur skipverjanna leiða minnisvarðana í ljós við hátíðlega athöfn.

Horfum um lánshæfismat breytt úr stöðugum í neikvæðar:

Hætta eykst á harðri lendingu

EFNAHAGSMÁL Matsfyrirtækið Standard & Poor's telur aukna hættu á harðri lendingu íslenska hagkerfisins og hefur breytt horfunum á lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar en lánshæfiseinkunnir eru óbreyttar. Horfum á lánshæfismati langtímaskuldbindinga Íbúðalánssjóðs í erlendri mynt var einnig breytt í neikvæðar úr stöðugum en lánshæfiseinkunnir eru óbreyttar. Góð lánshæfiseinkunn veitir betri lánakjör á mörkuðum og er því mjög mikilvæg.

Standard & Poor's telur þörf á auknum stýrivaxtahækkunum vegna mikils verðbólguþrýstings en hann stafar meðal annars af



SEÐLABANKI ÍSLANDS Fjármálaráðherra segir að framkvæmdir hins opinbera verði ekki miklar á árinu, aðeins um 1 prósent af þjóðarframleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

launahækkunum og veikingu krónunnar.

Matsfyrirtækið bendir þó á ýmsa jákvæða þætti hagkerfisins,

eins og litlar skuldir ríkissjóðs, mikla hagsæld og sveigjanlegt stjórnkerfi.

Bent er á að lánshæfismatið geti lækkað ef innlend eftirspurn og verðbólga hjaðni ekki. Til þess að koma í veg fyrir það þurfi ríkisstjórnin og Seðlabankinn að vinna saman en fjármálaráðherra segir að ekkert vanti upp á þá samvinnu.

„Þetta er samhlíða því sem komið hefur fram áður hjá öðrum þannig að út af fyrir sig er ekkert nýtt í þessu,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Árni segist vona að það jafnvægi sem gengið hafi náð núna haldi sér og „að verðbólgan gangi fljótt yfir“. - sgi

Meiri samdráttur á Landspítala í sumar

Samdráttur í starfsemi Landspítalans yfir sumartímamann verður meiri á þessu ári en í fyrra. Mögulegir legudagar eru þúsund færri á þessu ári en í fyrra. Samdráttur á þjónustu er óhjákvæmilegur, segir hjúkrunarforstjóri.

HEILBRIGÐISMÁL Mögulegir legudagar yfir sumarmánuðina á Landspítalanum eru tæplega þúsund færri en á síðasta ári. Samdráttur á starfsemi Landspítalans hefur farið minnkandi undanfarnar vikur, að teknu tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið á starfsemi spítalans á síðustu árum.

Mögulegir legudagar, sem sýna nýtingu rúma á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, yfir sumarmánuði þessa árs verða í heildina 75.192, samkvæmt áætlunum sviðsstjóra, en þeir voru 76.167 fyrir ári.

Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri Landspítalans, segir samdráttinn á starfsemi Landspítalans vera innan við tíu prósent, sem sé viðunandi fyrir jafn fjölmennan vinnustað og Landspítalan. „Ég held að samdrátturinn sem verður yfir sumarmánuðina sé ásættanlegur. Viða erlendis er samdrátturinn mun



GANGUR Á LANDSPÍTALANUM Unnið hefur verið að því að reyna að draga úr samdrætti á þjónustu á Landspítalanum yfir sumarmánuðina á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

meiri. Landspítalinn er stór vinnustaður og starfsmenn hafa rétt á sumarfríi, og því er sam-

dráttur óhjákvæmilegur.“ Töluvert verður um að deildir verði samreknar í sumar, og vinnur þá starfsfólk á fleiri en einni deild. Legudeildir barna- og unglíngadeilda verðar reknar saman frá 7. júlí til 14. ágúst.

Linda Kristmundsdóttir, deildarstjóri barna- og unglíngadeilda Landspítalans, segir álagið vera mikið í starfsfólki sjúkrahússins yfir sumarmánuðina en á geðdeildum er minna álag yfir sumarmánuðina heldur en á veturna. „Þótt deildirnar séu reknar saman þá tel ég það ekki bitna á þjónustu við sjúklinga, þar sem þjónusta okkar er í samræmi við þörfina.“

magnush@frettabladid.is

HLUTI SUMARSTARFS LSH

- **Barnasvið**
Dagdeild 23E 17. júlí-14. ágúst
- **Kvinnasvið**
Kvenlæknigadeild 21A með 13 rúmum (af 31) 6. júní-1. september.
Sængurkvennadeild 22A og meðgöngudeild 22B sameinaðar 1. júní-27. júní og 21. júlí til 24. ágúst.
- **Geðsvið**
Legudeildir barna- og unglíngadeilda verða samreknar, 7. júlí til 14. ágúst.
- **Endurhæfingarsvið**
Deildir R2 og R3 (legudeild og dagdeild) sameinaðar frá 29. júní til 9. ágúst.
- **Skurðlækningsvið**
Deildir B5 og A5 sameinast 16. júní til 14.

- ágúst (deildirnar loka til skiptis í fjórar vikur).
Dagdeild A5 í Fossvogi 16. júní til 21. ágúst.
Heila-, tauga- og æðaskurðeild B6 9. júní til 21. ágúst.
Almennar skurðlæknigadeildir 12G og 13G draga saman starfsemi 23. júní til 21. ágúst.
Þvágæfæraskurðeild 13D 23. júní til 28. ágúst með 15 rúm opin.
Lýtalæknigadeild A4 16. júní til 21. ágúst átta rúm á A4.
Hjarta-, lungna- og augnskurðeild 23. júní til 14. júlí og 8. ágúst til 28. ágúst verða 15 rúm opin á deild 12E.
Þvágæfæraransóknir 11A lokuð 24. júlí til 8. ágúst.
Dagdeild augndeilda 24. júlí til 8. ágúst.

Mikilli ferðahelgi lokið:

Hraðakstur við Blönduós

UMFERÐ Mikill umferðarpungi var á þjóðvegum landsins í gær enda nýttu margir langa helgi til að bregða sér úr bænum. Umferðin gekk ofast stórslysalaust þótt nokkuð hafi verið um hraðakstur og önnur umferðalagabrot.

Lögreglan á Blönduósi stoppaði nokkra ökumenn fyrir of hraðan akstur um helgina. Ók sá sem hraðast fór á rúmlega 150 kílómetra á klukkustund og tveir aðrir á um 140 kílómetra hraða. Á Selfossi var einnig nokkuð um hraðakstur og um miðjan dag í gær höfðu átta ökumenn verið stöðvaðir af lögreglunni fyrir of hraðan akstur frá því á laugardaginn. - at

Össur Skarphéðinsson:

Samfylking átti að fá fimm

STJÓRNMÁL Össur Skarphéðinsson telur að Samfylkingin hefði átt að ná fimm ef ekki sex mönnum inn í borgarstjórnina en niðurstaðan varð fjórir.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Össur segir í pistli á heimasíðu sinni að það hafi verið mistök að hafa ekki nýtt sér betur vel heppnað prófkjör Samfylkingarinnar og að of langur tími hafi liðið frá því þar til kosningabaráttan fór af stað. Hann telur einnig að flokkurinn hafi átt að nýta sér betur misræmi í málflutningi Vilhjálms Þ. Vilhjálms-sonar og þingflokks sjálfstæðismanna í málefnum leikskóla og eldri borgara. - sgi

Unglæknar styðja læknanema:

Hóta uppsögnum

HEILBRIGÐISMÁL „Við töldum okkur hafa náð saman á fimmtudag en daginn eftir var komið babb í bátinn og mér hótað áminningu og uppsögn vegna afskipta minna,“ segir Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags ungra lækna. „Nemarnir hafa komið fram með tilboð sem þeir aukastnað fyrir spítalan upp á 500 þúsund krónur fyrir allt sumarið en því var hafnað. Til stuðnings hafa unglæknar ákveðið að ganga ekki í vaktir læknanemanna og því hafa fylgt hótanir um áminningar og uppsagnir.“

Bjarni vill að Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra komi að lausn deilunnar en ráðherra segir það af og frá. „Kaup og kjör starfsfólks eru alfarið mál spítalans og yfirstjórnar hans.“ - aõe

Umhverfisráðherra boðar herta löggjöf gegn utanvegaakstri:

Villimennska af versta tagi

UMHVERFISMÁL Taka þarf utanvegaakstur fastari tókum, hækka sektir og jafnvel gera ökutæki upptæk sem eru notuð eru til aksturs utan vega. Þetta er mat Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra, sem kannaði gróðurskemmdir vegna utanvegaaksturs við Djúpatvatn á Reykjanesi.

„Akstur utan vega er bannaður og slík brot eru mjög alvarleg. Skemmdir eins og þær sem ég skoðaði við Djúpatvatn eru sumar varanlegar og annað tekur mörg ár að gróa. Íslensk náttúra er afskaplega viðkvæm og þetta er einfaldlega villimennska af versta tagi,“ segir Sigríður Anna.

Reglugerð um utanvegaakstur var endurskoðuð fyrir ári síðan og hefur umhverfisráðuneytið stutt við ýmis verkefni til að taka á málinu, meðal annars að efla fræðslu meðal erlendra ferðamanna, en



SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARÐÓTTIR KANNAR GRÓÐURSKEMMIR VEGNA UTANVEGAAKSTURS Umhverfisráðherra var á ferð við Djúpatvatn á Reykjanesi þar sem sjá má skemmdir vegna aksturs utan vega. Sumar þeirra eru varanlegar en mörg ár tekur fyrir önnur sár að gróa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sigríður Anna segir að enn frekari aðgerða sé þörf. „Að mínu mati þarf að taka mjög hart á þessum brotum. Við ætlum að fara betur yfir þetta á næstunni og skoða breytingar á lögum.“ Hugmyndir

Sigríðar Önnu felast í því að herða viðurlög, meðal annars með því að hækka sektir. „Mér finnst jafnvel koma til greina að gera ökutæki upptæk sem notuð eru á þennan hátt.“ - at

BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY WAGON

Nýskr 05.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð
2.340.000,-

50.000kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.



VIÐ SELJUM BARA BLÁA OG GULA BÍLA!

BNB sölugreining

Flest treystum við á leiðsögn annarra þegar kemur að kaupum á notuðum bíl. Við hjá Betri notuðum bílum boðum því nýja siði til að gera bílakaupin öruggari og einfaldari: BNB sölugreiningu.

Fagmenn okkar framkvæma ítarlega greiningu á öllum bílum sem koma til greina í sölu. Þeir þurfa að ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur m.a. mið af aldri, akstri og viðhalds sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

■ Úrvalsbíll

Er í verksmiðjuábyrgð. **12 mánaða viðbótarábyrgð***:

- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

■ Gæðabíll

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. **3 mánaða viðbótarábyrgð***:

- Vélbúnaðar
- Hemplakerfis
- Raffbúnaðar
- Fjöðrunarbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur. Þú mátt treysta því.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

*Ábyrgðarskilmála má nálgast hjá BNB Nýbýlavegi og umboðsmönnum Toyota

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 31.5.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	72,1	72,44
Sterlingspund	134,38	135,04
Evra	91,99	92,51
Dönsk króna	12,335	12,407
Norsk króna	11,816	11,886
Sænsk króna	9,924	9,982
Japanskt jen	0,6375	0,6413

SDR 107,11 107,75

Gengisvísitala krónunnar
127,4115

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VÍGAMENN Í MOGADISHU Íslamskir upp-reisnarmenn í höfuðborg Sómalíu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslamskar hersveitir í Sómalíu: Náðu völdum í höfuðborginni

SÓMALÍA, AP Íslamskir bókstafstrúarmenn tóku Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, og sameinuðu með því borgina undir einni stjórn í fyrsta sinn í rúman áratug.

Bandalag stríðsherra, sem ráðið hafa borginni síðan 1991, hefur barist gegn íslömsku hersveitunum undanfarna mánuði og er talið að um 300 manns hafi farist og 1.700 særst, margir þeirra óbreyttir borgarar. Bandarísk stjórnvöld eru talin styðja við bakkið á stríðsherrunum til að ekki takist að koma á íslamskri stjórn að fyrirmynd talíbana. Sumir telja valdatökuna skref til friðar en aðrir óttast hið versta. - sgi

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hópslagsmál í Húsafelli Tveimur hópum ungmenna lenti saman á tjaldsvæðinu í Húsafelli um helgina með þeim afleiðingum að úr urðu hópslagsmál. Lögreglan í Borgarnesi lagði leið sína í Húsafell til að skikka leikinn en þegar hana bar að garði hafði tekist að stilla til friðar milli hópanna. Að sögn lögreglunnar höfðu ungmennin, sem voru í kringum tvítugt, ekki komið saman á tjaldsvæðið og voru ómeidd eftir slagsmálin.

Bílvelta á Eyjafjarðarbraut Engin alvarleg slys urðu þegar bíll valt á Eyjafjarðarbraut rétt eftir hádegi í gær. Tveir farþegar ásamt ökuþingi voru í bílnum og voru þeir fluttir á sýsladeild. Talið er að ökuþingi hafi misst stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann valt.

Leiðtoga íhaldsflokks falin stjórnarmyndun eftir þingkosningar í Tékklandi:

Stjórnarmyndun verður erfið

TÉKKLAND, AP Mirek Topolaneck, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Tékklandi, sagðist í gær myndu freista þess að mynda þriggja flokka samsteypustjórn síns flokks með kristilegum demókrötum og græningjum.

Flokkur Topolanecks, íhaldsflokkurinn ODS, fékk lítið eitt meira fylgi en Jafnaðarmannaflokkurinn, sem farið hefur fyrir ríkisstjórninni undanfarið kjörtímabil, í þingkosningunum um helgina.

Vaclav Klaus, forseti Tékklands og flokksfélagi Topolanecks, hafði fyrir í gær falið honum stjórnarmyndunarumboðið. Myndun meirihlutasamstarfs er talið verða erfið.

ODS fékk 81 þingsæti í neðri deild þjóðþingsins með 34,5 prósent atkvæða en jafnaðarmenn komu næstir með 74 þingsæti og 32,3 prósent atkvæða. Jafnvel þótt Tololaneck takist að fá bæði kristilega demókrata og græningja til stjórnarsamstarfs ráða þeir þrjú flokkar aðeins yfir 100 af þingsætunum 200. Fimmti flokkurinn sem fékk menn kjörna á þing var Kommúnistaflokkurinn, sem treysti stöðu sína frá því í síðustu kosningum og fékk 26 menn kjörna. - aa

MIREK TOPOLANEK Leiðtogi íhaldsflokksins ODS vill mynda þriggja flokka stjórn þótt slík stjórn hefði ekki hreinan þingmeirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÚR EINU MÖTUNEFYTA VARNARLIÐSINS Iðnaðarmenn virðast lítið kæra sig um aðstoð við að finna nýtt starf þegar Varnarliðið hverfur endanlega af landi brott í september. Alls þrjú hundruð aðrir hafa notfært sér ráðgjafarþjónustu þá sem bærinn og verkafélagsfélagið komu á fót fyrir í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

400 starfsmenn hafa ekki fengið atvinnu

Af sex hundruð íslenskum starfsmönnum Varnarliðsins sem sagt var upp eru enn fjögur hundruð án atvinnu þegar starfsemi líkur í september.

ATVINNUMÁL „Staðan er sú að tæplega fjögur hundruð starfsmenn hafa ekki orðið sér úti um aðra atvinnu þegar uppsagnarfresti lýkur hjá Varnarliðinu,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur.

Eins og kunnugt er var rúmlega sex hundruð íslenskum starfsmönnum bandaríska Varnarliðsins sagt upp störfum þegar ákveðið var að leggja starfsemi hersins endanlega niður í lok september. Tæplega tvö hundruð þeirra munu áfram starfa á svæðinu í tilfallandi störfum fyrir Flugmálastjórn. Sjöttíu hafa orðið sér úti um önnur störf en aðrir eru enn óvissir um hvað tekur við í lok uppsagnartímans.

Tiltölulega fáir hafa þó nýtt sér sérstaka ráðgjafarþjónustu sem sett var á laggirnar af hálfu verka-

lýðsfélagsins og Reykjanesbæjar til aðstoðar þeim er misst hafa vinnu sína á varnarsvæðinu. Að sögn Helgu Jóhönnu Oddsdóttur, starfsmannastjóra Reykjanesbæjar, sem sér um rekstur þjónustunnar, hafa þrjú hundruð manns farið þar í gegn og fengið ýmiss konar aðstoð en stór hópur hefur ekkert látið sjá sig og verið er að leita leiða til að ná til þess fólks. „Það er nóg að gera og straumur fólks hefur verið þangað enda er margt í boði eins og tölvunámskeið og sérfræðiráðgjöf ýmiss konar. Það hefur hingað til gengið alveg bærilega að finna störf fyrir marga enn sem komið er en talsverður fjöldi hefur ekki látið sjá sig. Þar er fyrst og fremst um iðnaðarmenn að ræða sem eru rólegri en aðrir og við erum að skipuleggja fundi með þeim og öðrum á varnar-

svæðinu. Við færum þjónustuna til þeirra og vonumst til að hitta alla og enginn verði útundan enda eru ýmsir möguleikar í stöðunni. Það eru nokkur fyrirtæki að auka við starfsemi sína hér í bænum og það er ekkert svartnaetti framundan.“

Kristján Gunnarsson bætir við að blikur séu á lofti í atvinnumálum þótt staðan sé ágæt eins og sakir standa. „Umsvif öll eru að minnka á svæðinu og er þar fyrst og fremst um byggingageirann að ræða. Svo gæti ég trúað að hluti þessara einstaklinga eigi erfitt með að sætta sig við að lækka í launakjörum. Störf fyrir Varnarliðið hafa verið ágætlega borguð miðað við það sem gerist annars staðar og laun almennt í Keflavík eru lægri en til að mynda í höfuðborginni. Það hefur áhrif.“

albert@frettabladid.is

Íslam sækir á í Danmörku:

Fleiri gerast múslimar

DANMÖRK Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 hefur það færst í vöxt að kristnir Danir snúist til íslamstrúar.

Hafa 2.500 Danir sagt sig úr kirkjunni og gerst múslimar samkvæmt frétt Berlingske tidende, en á sama tíma hafa 700 múslimar gerst kristnir.

Aukin umfjöllun um íslam er talin ástæðan fyrir því að fleiri einstaklingar kynna sér trúarbrögðin og gerast múslimar í kjölfarið.

Áður fyrr voru það helst kristnar konur sem giftust múslimum sem skiptu um trú. - ks

Árekstur í Hvalfjarðargöngum:

Lokað í tvo og hálfan tíma

SLYS Loka þurfti Hvalfjarðargöngunum í um tvær og hálf klukkustund á sunnudaginn vegna áreksturs. Fjórir bílar lentu saman og þurfti að fjarlægja skemmdu bílana af vettvangi með krana. Göngunum var lokað um klukkan hálf fimm um eftirmiðdaginn og beindi lögreglan bílum um Hvalfjörð á meðan lokað var. Opnað var á ný fyrir umferð um göngin um klukkan sjö þegar boðið var að fjarlægja bílana og sópa glerbrotnum og öðrum aðskotahlutum í burtu.

Nú farþegar voru í bílnum og slasaðist enginn alvarlega en fjórir voru fluttir á sýsladeild til aðhlynningar. - at

Frestur runninn út:

Hamas hunsar boð Abbas

PALESTÍNA, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínunnar, sagðist í gær ekki myndu hvika frá ákvörðun sinni um að gefa Hamas-forystunni, sem fer fyrir palestínsku heima-



MAHMOUD
ABBAS

stjórninni, frest sem rann út í gærkvöld til að styðja þjóðarkvæðagreiðslu um stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis við hlið Ísraels. Hamas-liðar hafa ekki viljað styðja þessa áætlun Abbas þar sem í því fælist óbein viðurkenning á Ísraelsríki.


Sáttafundur sem boðaður hafði verið í gærkvöldi var aflýst. - aa

BANDARÍKIN


Oliuverð hækkar Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði um meira en tvo Bandaríkjadali fatið á föstudag, fór í 72,70 dali á markaði í New York eftir að fréttir bárust af því að erlendir verkamenn á olíuborðum undan ströndum Nígeríu hefðu verið numdir á brott. Það skapaði áhyggjur af truflun á olíuútflutningi frá Nígeríu.

GOTT VEÐUR
TIL AÐ BYRJA
AÐ ÆFA!

REYKJAVÍKUR
MARAFON
GLITNIS
19. ÁGÚST

**VEÐURSPÁ**

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	14°C skúrir	London	19°C léttskýjað	Alicante	26°C heiðskirt
Billund	18°C hálfskýjað	Paris	21°C léttskýjað	Mallorca	22°C léttskýjað
Stöku skúrir. Vaxandi úrkoma í kvöld. Hiti 8-11 stig.	23°C hálfskýjað	Frankfurt	19°C skýjað-skúrir	Algarve	25°C léttskýjað
	15°C hálfskýjað	Friedrichshafen	16°C skýjað	Krit	27°C léttskýjað
	14°C léttskýjað	Berlin	16°C skýjað skúr	Las Palmas	22°C léttskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Af því að heima er best

Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins**.

Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.



Hefurðu einhverntíma átt í vandræðum með myndlykilinn? Ég skal koma heim til þín, tengja og stilla fyrir þig.



Þegar framboðið af **sjónvarpi, síma, interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu. Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.

		
Sjónvarp	Sími & internet	Heimavörn
S M L	S M L	S M L
		

Mamma.is

Ný stjórn Orkuveitunnar mun ganga frá kaupum á grunnneti Símans:

Ný stjórn OR afgreiðir málið

VIÐSKIPTI Orkuveita Reykjavíkur kaupir grunnnet Símans. Samningur þar að lútandi er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nálægt því fullfrágenginn, en undir hann verður ekki skrifað fyrr en skipuð hefur verið ný stjórn Orkuveitunnar. Gengið verður frá skipan nýrrar stjórnar á næstu dögum í kjölfar borgarstjórnarkosninga.

Ekki liggur fyrir hversu mikið Orkuveitan greiðir fyrir grunnetið eða hvað það felur nákvæmlega í sér. Verðhugmyndir sem nefndar hafa verið eru hins vegar vel yfir 20 milljörðum króna.

Næsti borgarstjórnarfundur er eftir slétta viku, 13. þessa mánað-



SKÍFUSÍMI Grunnnet Símans tekur til fjölda tegunda af tengingum. Mesta verðmætið liggur í ljósleiðaranum, sem er 4.500 kílómetra langur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

ar, en svo kemur ný stjórn Orkuveitunnar fyrst saman miðvikudaginn 21. júní. Ólíklegt er því að skrifað verði undir samning um kaupin fyrr en undir lok mánaðar-

ins. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson oddviti Sjálfstæðisflokks og nýkjörinn borgarstjóri í Reykjavík hefur verið upplýstur um stöðu málsins og vill að ný stjórn gangi endanlega frá því.

Viðræður Símans og Orkuveitunnar hafa staðið frá því í mars á þessu ári, en upp úr miðjum maí var lokið við tæknilegar útfærslur á því hvernig aðskilja ætti grunnetið frá öðrum rekstri Símans.

Gangi eftir að Orkuveitan kaupir grunnetið býst Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar við að stofnunin og Samkeppniseftirlitið fari yfir samrunann í sameiningu. ■

Solana lentur í Íran:

Með sáttaboð í farteskinu

ÍRAN, AP Javier Solana, utanríkisráðgjafi Evrópusambandsins, lenti í Teheran í gærkvöld með sáttatilboði í farteskinu. Þar er Írön- um boðinn margvíslegur efnahagslegur ávinningur hætti þeir auðgun úrans.

Solana tjáði fréttamönnum á flugvellinum að Vesturlönd vildu hefja nýtt skeið samskipta við Íran á grundvelli gagnkvæmrar virðingar og trausts.

Ahmadinejad, forseti Írans, hefur fagnað tilboðinu, sem Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Þýskaland, Rússland og Kína standa að, en ítrekað að Íranar muni ekki gefa kjarnorkuáætlun upp á bátinn. - aa

KJÖRKASSINN

Telurðu kjarnorkuáætlun Írana ógn við heimsfriðinn?

Já	59,2%
Nei	40,8%

SPURNING DAGSINS

Styður þú Geir H. Haarde sem forsætisráðherra?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Bjartir dagar

Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar

Í DAG 6. júní 1.-10. júní 2006

Kl. 14:00 Egla í nýjum spegli í Hafnarfjarðarleikhúsinu

Fallegt, skemmtilegt og vogað brúðuleikhús, fullt af húmor og trega um Egil Skallagrímsson. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson, brúður og leikmynd eftir Helgu Arnalds og sögumaður er Hallveig Thorlacius.

Kl. 20:00 Frumsýning myndarinnar „Hvar söngur ómar sestu glaður“

í Bæjarbíói. Heimildamynd um Egil Friðleifsson, stofnanda og stjórnanda Kórs Öldutúnsskóla í 40 ár. Höfundur myndarinnar, Halldór Árni Sveinsson sem hefur fylgst með kórnum síðastliðin 14 ár, rekur hér sögu kórsins í tónum, tali og myndum.

Kl. 20:00 Ninna og Capri Trío. Umhverfisvæn tískusýning og gömludansarnir

í Gúttó til styrktar krabbameinsjúkum börnum. Eftir hlé verður slegið upp gömludansaballi við undirleik hljómsveitarinnar Capri Trío. Aðgangseyrir 500 kr - fritt fyrir börn.

Kl. 20:00 Kvikmyndakvöld í Gamla bókasafninu

Sýndar verða stuttmyndir sem ungt fólk hefur unnið að í vetur.

Aðgangur ókeypis á viðburði nema annað sé tekið fram

ALLA BJARTA DAGA - Ratív - Tungur í leikhúsi - Mikróveröld og morgunstemningar Ljóð í lauginni - Leikskólist - Sumarlestur - Brynja og börnin

Allar nánari upplýsingar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6 Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is

Steingrímur J. Sigfússon:

Vill þingkosningar

STJÓRN MÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, vill að stjórnin segi af sér: „Ábyrgasta afstaðan væri að boða til kosninga þannig að ný stjórn með nýtt endurnýjað umboð taki við verkunum.“

Steingrímur vekur athygli á hve stjórnlítill atburðarásin hafi verið við boðað brotthvarf Halldórs Ágrímssonar úr stóli forsætisráðherra.

„Það er greinilega algert upplausnarástand í Framsóknarflokknum og það smitast út í stjórnarsamstarfið. Ríkisstjórnin virðist nær óstarfhæf. Ég fullyrði að það sé mikill ábyrgðarhlutur að standa svona að málum þegar geysilega afdrifarík verkefni blasa við í landsmálunum.“ Nefnir Steingrímur þar jafnvægisleysi í efnahagsmálum; lausa kjarasamninga í haust og verðbólgu.

Steingrímur telur óvíst að festan aukist þegar Geir H. Haarde taki við stjórnartaumunum. „Sjálfstæðismenn verða að spyrja sig hvort Framsóknarflokkurinn sé í stjórntæku ástandi. Meðal annars



FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA Steingrímur segir ríkisstjórnina eiga í dauðastríði. Taki Geir við lengi það stríðið aðeins um nokkra mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

af þeim sökum tel ég það mikinn ábyrgðarhlutur að framlengja þetta stjórnarsamstarf,“ segir hann og bætir við: „Þetta er dauðastríð ríkisstjórnarinnar. Aðeins er spurning um hversu langvinnt það verður.“ Nokkra mánaða ríkisstjórn Geirs tefji fyrir nýrri að taka við stjórnartaumunum. - gag

Magnús Þór Hafsteinsson:

Ótrúverðugur flokkur í molum

STJÓRN MÁL „Mér list ágætlega á nýja ríkisstjórn og mun betur en þá sem áður var. Það er miklu eðlilegra að ríkisstjórnin sé leidd af Sjálfstæðisflokki en Framsóknarflokki, sem er mjög ótrúverðugur flokkur og nánast í molum,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins. „Landið þarf á miklu styrkari stjórn að halda en Framsókn hefur nokkurn tímann getað veitt því. Nú þarf ákveðna menn til að stjórna og ég vona að Geir Haarde farnist vel í þeim verkefnum sem bíða hans.“ - at



MAGNÚS ÞÓR Varaformanni Frjálslynda flokksins list mun betur á nýja ríkisstjórn en þá sem fyrir er.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Ríkisstjórnin ætti að segja af sér

STJÓRN MÁL „Ef þessar stjórnarmyndunarviðræður eiga að ganga út frá því að rada nýjum ráðherrum á ný embætti breytir það engu og mér finnst það ekki styrkja stjórnina heldur veikja hana,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Í þessi þrjú ár er búin að vera endalaus ráðherrakapall í gangi þar sem þriðji forsætisráðherrann er að taka við á jafnmörgum árum. Mér finnst þessi ríkisstjórn einfaldlega vera þrotin af kröftum og eðlilegast við þessar aðstæður að hún segði af sér.“ - at



INGIBJÖRG SÓLRÚN Formaður Samfylkingarinnar segir að nýir ráðherrar muni ekki styrkja ríkisstjórnina heldur veikja hana.

FERILL HALLDÓRS



- Samvinnuskólapróf 1965
- Löggiltur endurskoðandi 1970
- Framhaldsnám við verslunarskóla í Bergen og Kaupmannahöfn 1971-1973
- Lektor við viðskiptadeild Háskóla Íslands 1973-1975
- Í bankaráði Seðlabanka Íslands 1976-1983 og formaður 1980-1983.



- **FERILL SEM RÁÐHERRA**
- Sjávarútvegsráðherra 1983-1991
- Dóms- og kirkjumálaráðherra 1988-1989
- Samstarfsráðherra Norðurlandanna 1985-1987
- Utanríkisráðherra 1995-2004
- Samstarfsráðherra Norðurlandanna 1995-1999



■ Forsætisráðherra frá 2004




- **FERILL HJÁ FRAMSÓKNARFLOKKI**
- Varaformaður Framsóknarflokksins 1980-1994
- Formaður flokksins frá 1994
- Formaður hóps miðjuflokkanna í Norðurlandaráði 1993-1995

Félagar í Vildarþjónustu fá 50% afslátt hjá Flugfélagi Íslands

Skoðaðu sumartilboð Vildarþjónustu Sparisjóðsins á spar.is



SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta



Við höfum miklu meiri áhuga á **Jóni Jóns** en Dow Jones

Þitt gengi skiptir okkur ekki minna máli en gengi hlutabréfa og heimsmarkaðsverðið á olíu. Markmiðið okkar er fyrst og fremst að þín fjármál, draumar og hugmyndir gangi upp. Það er engin tilviljun að Sparisjóðurinn er með ánægðustu viðskiptavinina í bankakerfinu 7 ár í röð.

Við lögum okkur að þínum þörfum!



 **SPARISJÓÐURINN**
Vildarþjónusta



Er húsnæði á teikniborðinu?

Ert þú að hugleiða kaup á atvinnuhúsnæði?

"Með sérsniðinni ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu, höfum við hjá Lýsingu hjálpað fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum að koma þaki yfir sína starfsemi."

Sigurbjörg Leifsdóttir
Ráðgjafi, fyrirtækjasvið

Suðurlandsbraut 22
Glerárgötu 24-26
Sími 540 1500
Fax 540 1505
www.lysing.is




Vertu á hellu í sumar fyrir
4.495 KRÓNUR Á MÁNUÐI*



Hellur & steinar FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.



– allt til bygginga



*Forsendur miðast við 60 m² af Álfabergi án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað opnuðum hellubrettum.

Breski varaforsetisráðherrann í vandræðum:

Ófús blóraböggull

BRETLAND, AP John Prescott, varaforsetisráðherra Bretlands, segir að andstæðingar Tonys Blair séu með árásum á sig að hengja bakara fyrir smíð. Gagnrýnendurnir séu í raun og veru að reyna að koma höggi á forsætisráðherrann umdeilda og segir Prescott sig hafa verið gerðan að blóraböggli í því samhengi.

Prescott sætir miklu ámæli þessa dagana eftir að upp komst um framhjáhalð hans með ritara sínum, Tracey Temple, og vegna afhróðs þess sem Verkamanna-flokkurinn galt í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum í Englandi. Hann heldur því fram að

markmið gagnrýnenda sé í raun að knýja á að Tony Blair segi af sér.

Prescott á í vök að verjast því einnig hefur birting ljósmyndar af honum að leika krikket, meðan hann átti að vera að leysa Blair af og stjórna landinu, reynst honum óþægur ljár í þúfu.

Varaforsetisráðherrann hefur viðurkennt ástarsamband sitt við ritarann og segist fullur eftirsjár. Þetta sé búið og gert og muni ekki endurtaka sig: „Ég er enginn engill og ekki heldur fordæmdur syndgari.“ Hann segist staðráðinn í að endurheimta traust kjósenda og samstarfsmanna sinna í Verkamannaflokknum.

- kþ

Aflareglu ekki breytt

Útgerðarmenn eru ánægðir að sjávarútvegsráðherra hansi ráðgjöf Hafró hvað þorskveiðar varðar. Slíkt er þó nauðsyn eigi stofninn að stækka.

SIJÁVARÚTVEGSMÁL „Ég verð að segja að mér hugnast ekki sú aðferðafræði sem Hafró notast við og er ánægður að kominn er ráðherra sem ekki hleypur blint á eftir tillögum þeirra í hvert sinn,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri útgerðarfyrirtækisins Brims, vegna þeirrar tillögu Hafransóknastofnunarinnar að aflareglu þorsks verði breytt til að stækka hrygningastofninn sem er verulega undir meðallagi.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur alfarið hafnað hugmyndunum, sem hann segir rista of djúpt og munu hafa slæm áhrif á þjóðarbúskapinn ef af verði. Vill Einar meina að ekki sé um beinar tillögur að ræða þó það komi skýrt fram í gögnum Hafró. Er þar lagt til að aflareglu verði breytt úr 25 prósentum, eins og núverandi veiðiregla gerir ráð fyrir, niður í sextán prósent, standi hugur til að stækka og efla hrygningarstofn þorsks, sem er verulega undir meðallagi.

Telur Einar slíka breytingu of umfangsmikla og ekki verða tekna í flýti. „Ekki er um nein skammtímasjónarmið hjá mér að ræða. Þvert á móti þurfum við að hafa langtímahugsun í fiskveiðistjórnun okkar og þess vegna væri það skammtímasjónarmið hjá mér ef ég hrapaði að einhverri niðurstöðu í svo stóru máli. Við þurfum lengri tíma til að fara yfir þessi mál. Annars er ekki um tillögur að ræða hjá Hafró og það er stóri misskilningurinn í þessu máli öllu. Ég útiloka þó ekkert að breytingar hvað þorskkvótann varði verði gerðar fyrir þarnaesta fiskveiðiár.“

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró, ítrekar að almennt ástand fiskveiðistofna við landið sé í meginatriðum nokkuð gott.



NÓG AF ÞORSKI Þorskveiði hefur verið góð undanfarið og útgerðarmenn skilja ekki af hverju Hafró vill lækka aflamark þorskveiða úr 25 prósentum af heildarstofninum niður í 16 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

„Kjarni ráðgjafar okkar er að við sjáum glögglega að meðalnýliðun í þorski er töluvert fyrir neðan langtímameðaltal. Það er ekki hættuástand og fyrirsjáanlegt er að aflinn verður svipaður næstu árin og verið hefur ef ekkert er að gert. En standi vilji til að auka veiðar í framtíðinni er nauðsynlegt að styrkja hrygningarstofninn. Við hvetjum til að stjórnvöld og hagsmunaaðilar vinni að því.“


Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, er hissa á tillögum Hafró enda hafi veiðar á þorski verið afar góðar á undanförunum misserum. „Verði tillögnum fylgt þá gerist ekkert annað hvað okkur varðar en að við verðum að fækka starfsfólki en ég skil alls ekki forsendur Hafró. Það veiðist mun meira af þorski nú en fyrir tuttugu árum síðan þegar ég hóf afskipti af sjávarútvegi.“

albert@frettabladid.is

HVAÐ ER AFLAREGLA?

■ Langtímanýtingarstefna

Aflaregla eða aflamark fyrir þorskveiðar er langtímanýtingarstefna ríkisstjórnarinnar frá árinu 1996. Hún var mótuð bæði af fiskifræðingum og vísindamönnum en einnig hagfræðingum og hagsmunaaðilum. Þannig reiknaðist mönnum til að með veiðum á 25 prósent þorskstofnsins hafi það verið farsælt í bæði líffræðilegu og efnahagslegu tilliti. Síðan þetta var ákveðið hefur Hafró ekki lagt til aflamark fyrir þorsk þar sem nýtingarstefnan hefur verið í gildi. Gallinn er hins vegar sá að veiðar hafa reglulega verið meira en sem nemur 25 prósentum og þess vegna telur Hafró nauðsyn að lækka próséntuna niður í 16 prósent eins og staðan er í dag.



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

31. MAÍ

BRASILÍA

ÞESSI EGILS GULL VARÐ TIL ÞANN 31. MAÍ, FJÓRUM ÁRUM EFTIR AÐ HM 2002 HÓFST. KEPPNI SEM ENDAÐI MEÐ FIMMTA HEIMSMEISTARATITLI BRASÍLÍU. KÍKTU UNDIR GULLDÓSINA ÞÍNA OG SJÁÐU HVAÐA MERKISDAG ÞINN VAR FRAMLEIDDUR ÞVÍ FERSKLEIKINN SKIPTIR MIKLU MÁLI ÞEGAR BJÖR ER ANNARS VEGAR. EGILS GULL ER NÚ BRUGGADUR ÚR ÍSLENSKU BYGGI TIL AÐ GEFA ENN BETRA BRAGÐ. NJÓTTU HM MEÐ EGILS GULLI.





ÚTSALA ÚTSALA 30 – 60% afsláttur Hefst í dag

Dæmi um verð.	Áður.	Núna.
Jakkapeysa m/hettu	6.700.-	3.900.-
Hekluð peysa	6.900.-	2.900.-
Vafin peysa	5.900.-	3.900.-
Pólóbolur	3.300.-	2.300.-
Stutterma bolur m/mynd	3.200.-	1.900.-
Langerma bolur	3.900.-	2.400.-
Stutterma skyrtu	3.900.-	2.400.-
Ermalaus skyrtu	3.500.-	2.400.-
Tunika m/bróderíi	4.900.-	3.400.-
Teinóttur jakki	7.400.-	4.500.-
Renndur jakki	7.600.-	3.800.-
Sumarkjól	4.600.-	3.300.-
Gallapils	6.900.-	2.900.-
Sítt pis	4.900.-	2.900.-
Hörbuxur	7.900.-	4.900.-
Gallabuxur	7.500.-	4.800.-
Kvartbuxur	5.700.-	3.900.-

Skór á 50% afslætti. Og margt margt fleira
Einnig úrval af eldri fatnaði á kr 990.-
Opíð 10:00 – 18:00 www.friendtex.is



Síðumúla 13 • Sími 568-2870

Einfaldara Ísland

Einfaldara og betra regluverk í þágu atvinnulífs og almennings

Ráðstefna haldin á Grand Hótelu 6. júní 2006 kl. 13:00-17:00

- 13:10 **Ávarp**
Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.
- 13:20 **Skilvirkar reglur - stefnumörkun og áherslur OECD**
Mr. Josef Konvitz, Head of Division, Programme Regulatory Management and Reform, OECD.
- 13:50 **Einfaldari og betri reglur – áherslur Evrópusambandsins**
Mrs. Silvia Viceconte, Economist, European Commission, DG Enterprise and Industry, Unit B3, Impact assessment and economic evaluation.
- 14:20 **Samvinna opinberra aðila og einkaaðila í þágu betri reglusetningar**
Hr. Flemming N. Olsen, specialkonsulent, Regelforenklingsenheden, Finansministeriet, Danmörku.
- 15:00 **Kaffihlé**
- 15:15 **Mikilvægi góðra og einfaldra reglna**
Pétur Reimarsson, verkefnastjóri, Samtökum atvinnulífsins og fulltrúi í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.
- 15:30 **Samráð er þáttur í góðum löggjafarháttum**
Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands.
- 15:45 **Hvernig horfir reglumhverfið við fyrirtækjunum?**
Gestur Guðjónsson Olíudreifingu.
- 16:00 **Betri reglusetning frá sjónarhóli sveitarfélaganna**
Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands ísl. sveitarfélaga.
- 16:15 **Pallborðsumræður: Raunhæfar úrbætur – mikilvægi stefnumörkunar**
Hrönn Greipsdóttir, hóteltjóri Radisson SAS Hótel Saga, Bjarni Benediktsson alþingismaður, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, Jón Gunnarsson alþingismaður, Ágúst Jónsson verkfræðingur og Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.
- 17:00 **Ráðstefnuslit**

Ráðstefnustjóri: Páll Þórhallsson lögfræðingur, formaður starfshóps um „Einfaldara Ísland“.

Ráðstefnan er liður í undirbúningi samstarfsverkefnis stjórnvalda og atvinnulífs sem gengur undir nafninu „Einfaldara Ísland“.

Aðgangur er ókeypis og öllum er heimil þátttaka.

Skráning í síma 545 8401 eða á netfanginu anna.hugrun.jonasdottir@for.stjr.is



Forsætisráðuneytið

Starfshópur um „Einfaldara Ísland“

Samtök atvinnulífsins álykta vegna Íbúðalánasjóðs: Lánin verði lækkuð

KJARAMÁL Samtök atvinnulífsins segja að Íbúðalánasjóður ætti að lækka lánshlutfall á lánnum sínum úr níutíu prósentum í áttatíu eða sjö tíu prósent. Fasteignir meggi ekki hækka í verði vegna verðbólgunnar.

„Ég sé engin rök til þess að ríkið leiði þensluástandið á markaðnum,“ sagði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri samtakanna, á blaðamannafundi í gær, föstudag.

„Við viljum ekki sjá neina kollsteypu á fasteignamarkaðnum. Við viljum ekki sjá stóran hóp, sem er nýbúinn að fjárfesta í íbúð, lenda í greiðsluferðileikum, en við viljum sjá að verðið á markaðnum hækki



ÍBÚÐAVERÐ MÁ EKKI HÆKKA Samtök atvinnulífsins vilja að stjórnvöld lækki lánahlutfall Íbúðalánasjóðs svo verð íbúða hækki ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ekki heldur haldist stöðugt eða lækki.“

- gag



Á ÞÖNUM UM SJÚKRAHÚSIÐ Samtök atvinnulífsins benda á að öldruðum muni fjölga um helming á næstu þrjátíu árum. Ísland verji nú þegar mestu fé til heilbrigðismála af OECD-löndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Fresta verði sjúkrahúsinu

Samtök atvinnulífsins gagnrýna stefnu stjórnvalda í heilbrigðismálum. Kostnaður stefnir í að verða 15 prósent af landsframleiðslu.

RÍKISFJÁRMÁL Samtök atvinnulífsins vilja að 45 milljarða króna fjárfestingu í hátækni-sjúkrahús verði frestað. Markið verði sett á að að bæta þjónustu í heilbrigðismálunum þar sem brýnast er, svo sem í öldrunarmálum. Fjöldi aldraðra tvöfaldist á næstu þrjátíu árum.

Ásta Möller, varaformaður heilbrigðis- og trygginganefndar, tekur undir að áherslubreytingu þurfi í málefnum aldraðra. Hún komi hins vegar ekki í veg fyrir nauðsyn þess að byggja hátækni-sjúkrahús.

„Peningarnir hafa verið teknir til hlíðar í þessum tilgangi,“ segir Ásta og bætir við: „Það er kominn tími á miklar endurbætur á spítalanum ef ekki verður farið í framkvæmdir, þannig að við værum að eyða peningum til óþurftar yrði byggingunni frestað.“

Ásta bendir á að haft hafi verið eftir Jóni Kristjánssyni, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, að helmingur fólksins á biðlistum eftir húkrunarrýmum gæti verið heima fengi það stuðning til þess. „Á Íslandi eru flest öldrunarrými í heimi. Áherslan hefur verið röng og byggt af mikið og ójafnt um landið. Þar eru víða fleiri rými en þörf er á en skorturinn

er í Reykjavík.“ Einungis þurfi 200 til 300 hjúkrunarrými í viðbót.

Samtök atvinnulífsins benda á að OECD telji að verði engar breytingar á íslensku heilbrigðiskerfi nemi útgjöldin til heilbrigðismála fimmtán prósentum af vergrí landsframleiðslu árið 2050, þau hækki um rúm fimm prósentustig frá því sem nú er og verði 55 milljörðum meiri á ári sé miðað við núverði. „Fyrir þá upphæð væri hægt að byggja eitt svokallað hátækni-sjúkrahús og sex fullkomin hjúkrunarheimili fyrir aldraða á hverju ári.“ Útgjöldin séu nú þegar þau hæstu sem þekkist innan OECD-landanna.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að samfélagið beri mikinn kostnað af heilbrigðiskerfinu. „Þessi kostnaður er fjármagnaður gegnum tryggingar og skatta sem lenda með einum eða öðrum hætti á atvinnulífinu og starfsfólkinu. Síðan eiga öll venjuleg rekstrarsjónarmið að gilda um heilbrigðisþjónustuna eins og allan annan rekstur,“ svarar Vilhjálmur spurður hvers vegna samtökin velti heilbrigðismálunum fyrir sér.

gag@frettabladid.is

Kæra vegna Laxárvirkjunar:

Landsvirkjun stöðvuð

ORKUMÁL Landsvirkjun hefur enn ekki látið Laxárvirkjun í stað hlutafjár í sameiginlegt smásölu-fyrirtæki hennar, RARIK og Orkubús Vestfjarða eins og stjórn hennar ákvað í janúar.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafultrúi Landsvirkjunar, segir beðið eftir álit Samkeppniseftirlitsins vegna kærur Reykjavíkurborgar, en borgin telur viðskiptin rýra eignarhlut hennar. „Þetta eru flóknar aðgerðir en unnið er í málinu.“ Eftir kærana hafi eftirlitið



LAXÁRVIRKJUN Bitist er um Laxárvirkjun, en Landsvirkjun hefur ekki enn afhent hana.

óskað upplýsinga til að úrskurða um hvort málið verði tekið fyrir.

Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að taka erindið til meðferðar.

- gag

sóltíloð

Frábær sumarauki
Verðmæti 265.000 kr.
-þér að kostnaðarlausu

Aðeins **22** sportjeppar eru til á þessu sérstaka sóltíloði

Sóltíloð með aukahlutapakka 2.990.000 kr.*

Engin bið
Ford Escape GPS Active tilbúinn til afhendingar núna

Tíloðið gildir til 10. júní



Ford Escape 4x4 GPS Active
2,3i, 5 dýra, sjálfskiptur, 153 hestöfl.

Rataðu á Escape og þú nýtur þess að vera til



Ford Escape 4x4 **GPS Active**

Sóltíloð með aukahlutapakka*
2.990.000 kr.

Rekstrarleiga 54.169 kr. Bílasamningur 36.768 kr.

Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.

Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:

- Nuvi 350: eitt fullkornasta leiðsögutækkið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeiðli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlífdarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

Og sportjeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni

Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kaupu Ford Escape GPS Active. Garmin Nuvi 350 er meðfærilegt leiðsögutækki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækkið úr bílnum og gerðu það að leikfélagi eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Íslantilla golfvelli á Spáni akkurat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensinstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nuvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nuvi líka beint í vasann. Nuvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?



Aukalega 265 þús. - þér að kostnaðarlausu.

Komdu í dag. Vertu á Ford Escape 4x4 GPS Active.

Engin bið
Ford Escape GPS Active er til afhendingar strax

Tíloðið gildir til 10. júní



Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veitir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt veljir þú bíl á góðu sóltíloði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltíloði.

Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar gildir aðeins til 10. júní n.k. eða meðan birgðir endast.

Sumarið er komið í Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is



LADY WASHINGTON Lady Washington heitir þetta skip sem sigldi nýverið tignarlega undir Morrison-brú í Portland í Oregon í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SP-skýrsla um aðgerðir til að losa heiminn undan ógn geryðingarpopna:

Hvatt til átaks í afvopnun

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR Í nýrri skýrslu sem valinkunnur hópur sérfræðinga úr öllum heimshornum hefur samið fyrir Sameinuðu þjóðirnar er skorað á kjarnorkuveldi heims, einkum og sér í lagi Bandaríkin, að taka sér tak og fullgilda sjálf þá sáttmála sem þau ætlast til að önnur ríki hlíti.

Hans Blix, fyrrverandi yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna í Írak, stýrði skýrslugerðinni, en að baki henni liggur tveggja ára starf. Í skýrslunni eru settar fram alls sextíu tillögur að því hvernig komast megi nær því markmiði að losa heiminn við ógnina af geryðingarpopnum, það er

kjarnorku-, efna- og sýklavopnum.

Efst á óskalista skýrsluhöfunda er að allar ríkisstjórnir heims skrifi undir sáttmálann um bann við kjarnorkuvopnatilraunum sem saminn var fyrir áratug; að þau ríki sem nú ráða yfir kjarnorkuvopnum geri gangskör að því að minnka kjarnorkuvopnabúr sín og að þau verði að hætta að framleiða plútóníum og háauðgað úran í fleiri kjarnorkusprengrum.

Blix lýsti þessum tillögum í viðtali við Fréttablaðið hinn 6. apríl síðastliðinn, en skýrslan var formlega lögð fram í höfuðstöðvum SP í New York á fimmtudag.



HANS BLIX 60 tillögur í þágu afvopunar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samræmd próf í grunnskóla:

Höfuðborgar-svæðið hæst

SAMRÆMD PRÓF Námsmatsstofnun hefur birt niðurstöður úr samræmdu prófunum í ár. Þar kemur fram að Suðvesturkjördæmi er með hæstu meðaltalseinkunn í íslensku og stærðfræði en Reykjavík fylgir þar fast á eftir. Suðurkjördæmi er hins vegar með lægstu einkunnirnar í þessum greinum.

Reykjavík og Suðvesturkjördæmi eru með jafn háa meðaltalseinkunn í ensku eða 6,9 en þar rekur Norðvesturkjördæmi lestina.

Alls 49 nemendur fengu tíu í stærðfræði en enginn í íslensku. Ítarlegri tölur eru væntanlegar á næstunni.

- gþg

Átökin á Austur-Tímor:

Horta tekur að sér öryggismál

AUSTUR-TÍMOR, AP Nóbelsverðlaunahafinn Jose Ramon Horta, sem er utanríkisráðherra á Austur-Tímor, tók fyrir helgi einnig að sér



JOSE RAMOS HORTA

embætti varnarmálaráðherra og innanríkisráðherra. Ekkert lát er á óeirðunum á Austur-Tímor, þrátt fyrir að þúsundir erlendra friðargæsluliða séu komnar þangað.

Átökin hófust í síðasta mánuði þegar Mari Alkatiri forsætisráðherra rak þriðjung hersins. Hinir reku hermenn, sem höfðu kvartað undan aðbúnaði sínum, hafa síðan barist við þá sem eftir voru í hernum, auk þess sem almennar óeirðir hafa brotist út.

- gþ

Hlaut fimm mánaða skilorðsbundinn dóm í þrjú ár fyrir heimilisofbeldi:

Í lífshættu á skurðarborðinu

DÓMSMÁL 24 ára gamall maður hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára fyrir hrottalega líkamsárás í október í fyrra gegn fyrrum sambyliskonu sinni, sem er árinu yngri.

Maðurinn hrindi konunni í gólfid og traðkaði á maga hennar svo gat kom á smágirni. Hún var flutt á sjúkrahús þar sem hún fór í skurðaðgerð, sem bjargði henni úr lífshættu.

Lögreglan var kölluð að íbúð fólksins í Hraunbæ til að stöðva slagsmál milli þess. Lögreglan kom að konunni fyrir utan íbúðina þar sem hún hélt um magann. Hú var þjökkuð af verkjum og kvíðurinn spenntur þegar hún komst undir læknishendur. Konan greindi lögreglu frá misklíð þeirra á milli eftir skemmtanahald. Hann



VAR FLUTT Á SJÚKRAHÚS Konan var flutt á sjúkrahús með spenntan kvíðinn og þjökkuð af verkjum. Hún var í lífshættu.

sagði lögreglunni að hún hefði lamið hann með gítarnum sínum, sem konan staðfesti. Hann var með roða á bringu og ofarlega á maga. Hann var hruflaður á hálsi vinstra megin. Lögreglunni hafði verið tilkynnt um að hún hefði lagt til hans með hnífi, en hvorugt þeirra staðfesti það.

Læknir bar fyrir dómi að mikið afl þyrfti til að veita áverkana sem konan hlaut. Sambærilegir áverkarnar sæust helst í bílslysum.

Maðurinn hefur hlotið fjölda refsídóma, en dómurinn var ekki þyngri þar sem konan átti upptökin að slagsmálunum.

- gþg

Fjölmiðlafrelsi í Rússlandi:

Pútín svarar gagnrýni

RÚSSLAND, AP Forseti Rússlands, Vladímír Pútín, svaraði í gær gagnrýni sem hann hefur fengið á sig vegna skorts á fjölmiðlafrelsi í Rússlandi.

Forsetinn sagði á Heimspingi dagblaða (World Newspaper Congress) að fólk hefði gleymt því hversu stóran hlut fjölmiðlar áttu í umbreytingu landsins frá Sovét-tímanum yfir í hið nýja Rússland. Hann svaraði þó ekki gagnrýni Gavin O'Reilly, forseta Heimssambands dagblaða, þess efnis að fjölmiðlafrelsi hefði minnkað á þeim rúmu sex árum sem Pútín hefur verið við völd. Þrjár helstu sjónvarpsstöðvar landsins eru undir stjórn ríkisins og gagnrýna ekki forsetann, en margir aðrir miðlar eru háðir svæðisyfirvöldum.



VLADIMIR PÚTÍN

- sgj

fjölbreytt nám

við allra hæfi

almennt svið



Almennar bóklegar greinar eru hluti af námi á öllum brautum skólans. **Allt almenna námið er matshæft á milli skóla eftir því sem við á.** Einnig er hægt að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

fjarnám




Fjarnám er áhugaverður kostur fyrir þá sem ekki geta nýtt sér staðbundið nám, t.d. vegna vinnu eða búsetu. Í fjarnáminu er boðið upp á **fjölbreytt námsúrval í bóklegum og fagbóklegum greinum** ásamt ýmsum greinum meistaranámsins.

sérdeildarsvið



Á sérdeildarsviði eru tvær brautir: **Starfsdeild** • **Nýbúabraut**. Auk þess er endurhæfingarnám Janusar (rekið í tengslum við skólann). Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

rafiðnasvið



Á rafiðnasviði eru eftirtaldar brautir: **Grunnnám rafiðna** • **Rafvirkjun** • **Rafeindavirkjun** • **Rafvirkjun** • **Rafveituvirkjun** • **Simsíði**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

hönnunarsvið




Á hönnunarsviði eru fjórar brautir: **Listnámsbraut** (almenn hönnun og keramik) • **Hársnyrting** • **Fataiðnabraut** (klæðskurður og kjólasaumur) • **Gull- og silfursmíði**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

byggingasvið



Á byggingasviði eru fimm iðnbrautir í framhaldi af grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina: **Húsasmíði** • **Húsgagnasmíði** • **Múrsmíði** • **Málun** • **Veggfóðrun og dúklagningar**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

upplýsinga- og margmiðlunarsvið



Á upplýsinga- og margmiðlunarsviði eru þrjár brautir: **Upplýsinga- og fjölmiðlunarsvið** • **Tækniteikun** • **Margmiðlunarskólinn**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

tölvusvið



Á tölvusviði er ein braut: **Tölvubraut** sem býður upp á sérhæfingu í **forritun** og **netkerfum**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

Aðstoð við innritun fyrir þá sem ljúka grunnskólaprófi í vor verður í skólanum fim. 8. júní frá kl. 10:00–14:00. Námsráðgjafar og sviðsstjórar leiðbeina þá um námsval og brautir skólans.

Innritun í fjarnám og kvöldskólann stendur yfir. Allar upplýsingar á vef skólans www.ir.is.

Allar nánari upplýsingar á www.ir.is og á skrifstofu skólans, síma 522 6500.



ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Skólavörðuholti | 101 Reykjavík
Sími 522 6500 | Fax 522 6501
www.ir.is | ir@ir.is



LANGPREYTTIR PALESTÍNUMENN Lögreglu-
menn krefjast launa sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kreppa í Palestínu:

Launalausir í þrjá mánuði

PALESTÍNA, AP Undanfarna daga hafa stórir hópar opinberra starfsmanna palestínsku heima-
stjórnarinnar, þar á meðal vopna-
ðir lögreglumenn, farið í kröfugöngur til að knýja á um að þeir fái greidd út laun. Um 100.000 manns, sem eru á launaskrá heimastjórnarinnar, hafa ekki fengið greidd laun í þrjá mánuði.

Hamas-stjórnin segist ekki hafa bolmagn til að greiða öllum starfsmönnum sínum laun vegna þvingunaraðgerða alþjóðasamfélagsins. Margir lögreglumanna eru hliðhollir Fatah-hreyfingunni og eykur þetta enn á spennuna sem ríkir milli hennar og stjórnarinnar. -kp

Umhverfisaðgerðir í London:

Heimsins lengsta snúra

UMHVERFISMÁL, AP Umhverfissinnar í London hengdu rúmlega 34 kílómetra af fötum á lengstu fatasnúru heims á Trafalgar Square í gær. Gjörnungurinn var hluti af alþjóðlegum aðgerðum á umhverfisdegi Sameinuðu þjóðanna, en með honum var mótmælt hversu háðir Bretar eru orkufrekum þurrkurum. Samkvæmt Umhverfisstofnuninni myndu sparast um 12 milljarðar króna á ári ef hver einasta breska fjölskylda hengdi upp einn skammt af blautum fötum á viku í stað þess að setja þau í þurrkarann. Einnig myndi losun koltvíoxíðs minnka um 500 þúsund tonn. -sgj

Menntaskólinn á Ísafirði:

Enskukennara dæmt í vil

DÓMSTÓLAR Fyrrverandi enskukennari við Menntaskólann á Ísafirði fær laun greidd frá 1. september til 31. júlí. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi.

Kennaranum, sem er kona, hafði verið sagt upp sem sviðsstjóra yfir erlendum tungumálum. Hún höfðaði mál vegna ákvörðunar um brottvikninguna sem sögð var vegna óvandvirkni í starfi og vanrækslu við prófayfirferð í enskuáfangi og þar með vanrækslu á starfsskyldum. Hún var einnig ekki heldur talin hafa haft næga menntun.

Dómurinn sagði að skólustjóra Menntaskólans hefði átt að vera ljóst að enskukennarinn hefði ekki næga menntun. Hún hefði átt að fá að andmæla ákvörðun um áminningu. - gag

Mátti ekki fá sér að reykja:

Réðist á lög- regluþjón

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi mann til sex mánaða fangelsis fyrir að hafa ráðist að lögreglumanni og slegið hann ítrekað með krepptum hnefa.

Málavextir eru þeir að lög-
reglumenn voru að aka manninum á slysadeild eftir umferðarslys. Vildi maðurinn fá sér að reykja og brást við með barsmíðum þegar honum var bent á að slíkt mætti ekki í lögregluþjón. Taldi dómurinn að um sérlega ámælisverða árás væri að ræða en þrjár mánuðir dómsins eru þó skilorðsbundnir. - aðe

Heilsufarsupplýsingar íslenskra starfsmanna varnarliðsins til Bandaríkjanna:

Geymd um tíma og svo eytt

VARNARLIÐIÐ „Þótt umrædd gögn lúti að íslenskum þegnum er ekki endilega víst að þau falli undir íslensk lög og ég satt best að segja tel það ólíklegt,“ segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar.

Margir íslenskir starfsmenn varnarliðsins hafa lýst yfir áhyggjum af því hvað gert verður við heilbrigðisupplýsingar þær er varnarliðið hefur safnað saman um starfsmenn sína um árabíl en gögnin eru nafngreinanleg og stendur til að taka þau með til Bandaríkjanna þegar starfsmenn lúkur í september næstkomandi.

Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi varnarliðsins, segir mjög

strangar reglur gilda um meðferð slíkra upplýsinga og eru þær reglur jafnvel harðari en gerist hér á landi. „Öll gögnin fara beint í skjalageymslu og er eytt samkvæmt reglum að ákveðnum tíma liðnum. Það gilda sömu reglur um alla hermenn og borgaralega starfsmenn hersins hvar sem er í heiminum og aðgengi að gögnunum er háð afar ströngum skilyrðum. Þarna er um ákveðið kerfi að ræða en allir starfsmenn geta fengið afrit af öllum gögnum sé þess óskað.“ - aðe

SÖMU REGLUR FYRIR ALLA Farið er með allar heilsufarsupplýsingar á sama máta hvort sem um er að ræða hermenn eða borgaralega starfsmenn hersins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Lögregluaðgerð í London:

Skotinn við handtöku

BRETLAND, AP Lögreglan í Lundúnum skaut mann og handtók annan í áhlaupi fyrir helgi. Atvikið átti sér stað í austurhluta borgarinnar þegar lögreglan réðist inn í hús vegna ábendinga um meinta hryðjuverkastarfsemi.

Maðurinn sem lögreglan skaut særðist lítillega og var fluttur á sjúkrahús, en hann er ekki talinn í lífshættu. Hinn maðurinn, 23 ára gamall, var handtekinn í aðgerðinni. Áhlaupið var gert í kjölfar viðræðna öryggislögreglunnar og lífefnafræðinga frá heilbrigðiseftirlitinu og var byggt á vísbendingum sem lögreglan fékk um meintan undirbúning fyrir hryðjuverk. -sgj

www.flugfelag.is | 4607080 • 8945390

Þér er boðið á landsleik



Ísland - Danmörk í KA-heimilinu 6. júní

Flugfélag Íslands býður Akureyringum og nærsveitamönnum á handboltalandsleik **Íslendinga** og **Dana** sem fram fer í **KA-heimilinu** á þriðjudagskvöld kl. 19.35.

Leikurinn er mikilvægur liður í lokaundirbúningi okkar manna fyrir átökin gegn Svíum, þar sem barist verður um sæti á **HM í Þýskalandi 2007**.

Ókeypis **aðgöngumiða** má nálgast í **Flugstöðinni á Akureyri**.

Skemmtum okkur saman í KA-heimilinu og styðjum strákana til sigurs.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið



Á árinu 2006 flytja Heimsferðir og fyrirtæki Heimsferðir - Nú fá Íslendingar að njóta þess

Fyrstu 1000



Jandia Mar
Jandia



Frá aðeins
37.895 kr.*
Vikuferð, flug og gisting

Frábært
vetrarfrí!
Glæsilegasta gistingin
á ótrúlegu verði

Forsala til

Fuerteventura í vetur

- Kanaríeyjan sem sló í gegn hjá
Íslendingum í sumar

Tryggðu þér sæti
- bókaðu núna!

Frábært verð!

Kr. 37.895

* Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 30. jan., á Oasis Royal íbúðahótelinu ***. Netverð á mann.

Kr. 59.890 - allt innifalið

Gisting í tvíþýli í vikur á Jandia Mar hótelinu **** með allt innifalið. Netverð á mann.

Kr. 44.295
- fyrir stórar fjölskyldur

3 fullorðnir og 3 börn, 2-11 ára, í Oasis Papagayo lúxushýsi með 3 svefnherbergjum í viku 30. janúar. Netverð á mann.

Kr. 84.990

Gisting í tvíþýli, vikuferð 30. jan., á Sheraton Beach & Golf Resort ***** með morgunverði. Netverð á mann.



Sheraton Beach Golf & Spa Resort
Caleta de Fuste



Oasis Tamarindo
Correlejo

10.000 kr. afsláttur
Fyrstu 500 sætin.
Þeir sem bóka strax, geta tryggt
sér 10.000 kr. afslátt.
Takmarkað sætaframboð með afslætti á hverri



Fegurstu strendur heims!



Hitastig á daginn / sólarstundir

Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nov	Des
21	22	23	24	25	26	29	31	27	26	24	22
6,5	7	7,5	7,5	8,5	9,5	9,5	10	8	7,5	7	6

Frá Skandinavíu yfir 75.000 farþega til Kanaríeyja.

Sætin á verði sem þú hefur aldrei séð áður



Forsala til Kanarí í vetur

Dunas Suite
Hotel Maspalomas



Frá aðeins
29.795 kr.*
Vikuferð, flug og gisting

Glæsilegir
gististaðir
á frábæru verði

Beint
morgunflug
frá Íslandi

- allt að **26%**
verðlækkun
frá því í fyrra*

10.000 kr. afsláttur

Fyrstu **500** sætin.

Takmarkað sætaframboð með afslætti á hverri dasetningu



Eugenia Victoria
Enska ströndin



Roque Nublo
Enska ströndin



Frábært verð!

Kr. 29.795

* Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 3. eða 10. janúar, á Vista Golf. Netverð á mann.

Kr. 48.490 - hálf fæði

Gisting í tvíþýli á Hotel Rondo með hálfu fæði í viku, 3. eða 10. janúar. Netverð á mann.

Kr. 55.890 - hálf fæði

Gisting í tvíþýli í viku á Hotel Eugenia Victoria með hálfu fæði, 3. eða 10. janúar. Netverð á mann.

Kr. 79.990


- glæsileg 5* gisting

Gisting í tvíþýli, vikuferð 3. eða 10. janúar, á Hotel Dunas La Canaria ***** með morgunverði. Netverð á mann.

Glæsilegt 5 stjörnu hótél í viku frá **kr. 79.990**



Dunas La Canaria Arguineguin




* Dæmi: Verðmunur milli ára á vikuferð í febrúar m.v. gistingu í tvíþýli á Roque Nublo (að teknu tilliti til gengisbreytinga júní 2005- júní 2006).

 **Heimsferðir**

Svona erum við

> Fjöldi gesta í fiska- og dýrasöfnum landsins



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: JIMMY HOFFA

Dularfullt hvarf verkalýðsforingjans

Í vikunni hætti Alríkislögregla Bandaríkjanna leit sem hafði staðið í tvær vikur að líki verkalýðsforingjans Jimmy Hoffa. Vísendingar sem lögreglan taldi áreiðanlegar bárust um að Hoffa væri grafinn á búgarði í útjaðri Detroit en leit bar engan árangur.

Hver var Jimmy Hoffa?

James Riddle „Jimmy“ Hoffa, sem fæddist 14. febrúar árið 1913, var leiðtogi verkalýðsfélags vörubilstjóra (e. International Brotherhood of Teamsters) á sjötta og sjöunda áratugnum.

Hoffa tókst að sameina verkalýðsfélög vörubilstjóra í nánast gjörvallri Norður-Ameríku og reyndi sömuleiðis að fá starfsmenn annarra samgöngufyrirtækja í

verkalýðsfélagið. Þetta olli stjórnvöldum og fyrirtækjum miklum áhyggjum þar sem verkföll sem næðu til allra samgöngutækja myndu hafa hrikalegar afleiðingar fyrir efnahag landsins.

**Tengsl Hoffa við Mafiuna**

Talið er að Hoffa hafi haft tengsl við aðila í Mafiunni sem hafi hjálpað Hoffa við að ná völdum í verkalýðsfélaginu. John F. Kennedy forseti og eftirmaður hans Lyndon B. Johnson beittu Hoffa þrýstingi með rannsókn á starfsemi hans og tilraun til að raska hinu sístækkandi verkalýðsfélagi.

Árið 1967 var Hoffa sakfelldur fyrir tilraun til að móta hæstaréttardómara og dæmdur í fimmtán ára fangelsi. Honum var hins vegar

sleppt árið 1971 þegar Nixon forseti mildaði dóminn yfir honum með því skilyrði að Hoffa myndi ekki koma að starfsemi verkalýðsfélags í tíu ár.

Hið dularfulla hvarf

Hoffa hafði ráðgert að fara í mál til að ógilda skilyrði Nixons svo hann gæti snúið aftur í verkalýðsfélagið þegar hann hvarf sporlaust hinn 30. júlí árið 1975. Seinast sást til Hoffa á bílastæði við veitingastað í úthverfi Detroit þar sem hann átti að hitta tvo Mafiuleiðtoga.

Enn í dag eru örlög Hoffa leyndardómur og hafa ýmsar kenningar verið lagðar fram varðandi hvarfið. Ein þeirra hermír að það sé Hoffa, en ekki Elvis Presley, sem hvíli í gróf Presleys. Engin kenning hefur þó verið sönnuð og lík Hoffa hefur aldrei fundist.

Heimild: Wikipedia.org

Meirihlutamyndanir

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006

Meirihlutar sem myndaðir hafa verið í 37 stærstu sveitarfélögum landsins

Vestfirðir

Ísafjarðarbær **B D**
 Bolungarvík **A K**
 Tálknafjörður **D**
 Vesturbyggð **S**

Norðurland vestra

Húnaþing v. **B D**
 Blönduós **E**
 Skagafjörður **B S**

Norðurland eystra

Fjallabyggð **B D**
 Akureyri **D S**
 Dalvíkurbyggð **B J ?**
 Húsavík og nágrenni **B D**

Vesturland

Akranes **D F**
 Borgarnes **D L**
 Stykkishólmur **D**
 Snæfellsbær **D**
 Grundarfjörður **D**

Höfuðborgarsvæðið

Reykjavík **B D**
 Garðabær **D**
 Álftanes **A**
 Seltjarnarnes **D**
 Hafnarfjörður **S**
 Kópavogur **B D**
 Mosfellsbær **D V**

Suðurnes

Reykjanesbær **D**
 Grindavík **D S**
 Sandgerði **D K**

Suðurland

Vestmannaeyjar **D**
 Árborg **B D**
 Rangárþing eystra **D K**
 Rangárþing ytra **D**
 Mýrdalshreppur **D**
 Hveragerði **D**
 Ölfus **D**

Austurland

Fjarðabyggð **B L**
 Fljótshálsa **D L**
 Seyðisfjörður **D**
 Hornafjörður **B S**

SPURT & SVARÐ

KARLEMBÁ



ELÍSBET ÞORGEIRSDÓTTIR Háskólanemi og fyrrverandi ritstýra Veru.

Yfirburðir og undirgefni

Orðið karlemba komst í umræðuna í síðustu viku þegar Valgerður Sverrisdóttir ásaði Jón Gunnarsson samþingmann sinn um karlembu í sinn garð í þingræðu. Þingmaðurinn sagði þetta orðaval hinn mesta misskilning hjá Valgerði.

En hvað er karlemba?

Karlemba er að trúá stöðugt á yfirburði karlanna og sýna það með framkomu sinni með því að gera lítið úr konum eða ætlast til þess að þær komi fram af undirgefni.

Hvernig veit einstaklingur hvort hann er karlemba?

Til að mynda ef honum finnst sjálfsgat eða eftirsóknarvert að konan vinni einhver störf sem hann vill ekki vinna sjálfur, þetta er algengt á heimilum og kallast kvenmannsverk.

Geta konur líka verið karlembur?

Nei, ekki beint, það er nú algengara að þær séu kvenrembur. En konur sem aðhyllast ákveðna gerð karlembu, til dæmis þær sem vilja ekki sjá aðrar konur rísa of hátt, þær kalla ég nú bara hrokafullar.

Sjálfstæðisflokkur í ráðandi stöðu

Sjálfstæðisflokkurinn er tvímælalaust sigurvegari sveitarstjórnarkosninganna á dögum ef horft er til myndunar meirihluta í stærri sveitarfélögum á landinu. Í þeim 37 sveitarfélögum þar sem flokkurinn bauð fram undir eigin nafni náði flokkurinn hreinum meirihluta í þrettán og í öðrum fimmtán hefur hann gengið frá meirihlutasamstarfi við aðra flokka.

Þetta þýðir að flokkurinn kemur að meirihlutastjórn í 28 af 37 stærstu sveitarfélögum landsins; í rétt rúmlega þremur af hverjum fjórum.

Þá ber að líta til þess að flokkurinn missti meirihluta í sjö sveitarfélögum af þessum 37 sem hann hafði ýmist einn eða með öðrum.

Svo er vert að veita því athygli að ríkisstjórnarmynstrið D+B er nú ráðandi í sjö af þessum 37 sveitarfélögum; í Reykjavík, Kópavogi, Ísafjarðarbæ, Húnaþingi vestra, Fjallabyggð (Siglufirði/Ólafsfirði), Húsavík og nágrenni og í Árborg.

D-listi í átta af tíu

Ef farið er yfir landshlutana einn af öðrum og byrjað á höfuðborgarsvæðinu er Sjálfstæðisflokkurinn einn við völd í Garðabæ og á Seltjarnarnesi; í samstjórn með

Framsóknarflokki í Reykjavík og Kópavogi og með Vinstri grænum í Mosfellsbæ. Á Álftanesi féll meirihluti flokksins fyrir Á-lista Álftaneslistans og í Hafnarfirði fer Samfylking ein með öll völd.

Á Suðurnesjum er blái liturinn yfirgnæfandi í stjórnun stærri sveitarfélaganna. Sjálfstæðisflokkurinn bætti nokkru við hreinan meirihluta sinn í Reykjanesbæ og hefur myndað meirihluta í Grindavík með Samfylkingu og í Sandgerði með óháðum.

allt

ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT



D-listi í sjö af níu

Vesturlandið er ekki síður blátt yfir að líta. Í fimm stærstu sveitarfélögum stjórna sjálfstæðismenn ýmist einir eða með öðrum. Þeir hafa hreinan meirihluta í Snæfellsbæ, Stykkishólmi og Grundarfirði og hafa myndað meirihluta á Akranesi með Frjálslyndum og í nýju sameinuðu sveitarfélagi í Borgarfirði með Borgarlistanum.

Á Vestfjörðum fækkar bláu merkjunum hins vegar frá síðustu kosningum. Flokkurinn tapar meirihluta sínum í Vesturbýggð yfir til Bæjarfélagsins Samstöðu og í Bolungarvík eru sjálfstæðismenn í fyrsta sinn í sögu flokksins ekki í meirihluta. Þeir vinna aftur á móti hreinan meirihluta á Tálknafirði og halda meirihluta sínum í Ísafjarðarbæ með stuðningi Framsóknar.

D-listi í fimm af sjö

Á Norðurlandi kemur Sjálfstæðisflokkurinn að meirihlutastjórn fjögurra af sjö stærstu sveitarfélögum. Hann missir meirihluta sinn í tveimur; á Blönduósi þar sem Blönduóslistinn fékk hreinan meirihluta og í Skagafirði þar sem Framsókn og Samfylking hafa myndað meirihluta. Staðan í Dalvíkurbyggð er hins vegar óljós þegar þetta er skrifað en þar féll meirihluti sjálfstæðismanna og Framsóknar en viðræður eru í gangi milli J-lista óháðra og B-lista Framsóknar um myndun nýs meirihluta.

Í Húnaþingi vestra er ríkisstjórnarmynstrið uppi á teningnum. Sömu sögu er að segja í hinu nýja sveitarfélagi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, Fjallabyggð, og enn fremur í nýju sveitarfélagi á Norðurlandi eystra, Húsavík og nágrenni sem hugsanlega fær nafnið Norðurþing. Á Akureyri féll meirihluti sjálfstæðismanna og Framsóknar en nýr meirihluti sjálfstæðismanna og Samfylkingar tekur við.

D-listi í níu af ellefu

Á Austurlandi eru sjálfstæðismenn áfram við völd í tveimur af fjórum stærstu sveitarfélögum; missa meirihluta á einum stað en vinna hann á öðrum. Þeir ná hreinum meirihluta á Seyðisfirði og stýra Fljótsdalshéraði ásamt L-lista Héraðslistans. Meirihluti þeirra og Framsóknar fellur í Hornafirði og Framsókn myndar nýjan ásamt Samfylkingu. Í stækkaðri Fjarðabyggð er meirihluti L-listans, Fjarðarlistans og Framsóknar áfram við völd.

Loks er það Suðurland en þar er blái liturinn allsráðandi. Sjálfstæðisflokkurinn er þar í meirihluta í öllum sjö stærstu sveitarfélögum fjórðungsins. Í fimm þeirra er hann einn í meirihluta; heldur honum í Rangárþingi ytra en vinnur hann í Mýrdalshreppi, Hveragerði, Ólfusi og Vestmannaeyjum. Í Árborg er komið á samstarf D og B og í Rangárþingi eystra hafa sjálfstæðismenn myndað meirihluta með K-lista Samherja rétt eins og á síðasta kjörtímabili.

FRÉTTASKÝRING
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is



TÖLVULISTINN



RAUN STÆRÐ

Aðeins 12.6 x 8cm

KVÍK MYNDIR

OTG

MP3

2"5 HDD

JPG

TVIX mini

BEINT Í SJÓNVARP

Horðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr frínu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölu



EINNIG 2.5" HÝSING

Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar



BEINT Í GRÆJUR

Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TVIX spilaranum án tölu eða sjónvarps



BEINT Í MYNDAVÉL

Eina græjan sem þú þarft í frið, þú flytur allar myndir beint úr myndavél eða kortalesara yfir á TVIX án tölu



AUGVELD Í NOTKUN

Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG



FYLGIHLUTIR

Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum



ÁN HD

14.900

40GB

22.900

100GB

29.900

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK

Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI

Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK

Hafnargötu 90
Sími 534 7400



Sjóvá hefur verið aðal styrktaraðili Kvinnahlaupsins í 14 ár

SJÓVÁ

Taktu þátt í Sjóvá Kvinnahlaupi ÍSÍ 10. júní. Nánari upplýsingar á sjova.is

Nánast eins og að koma heim

Madeleine Ströje-Wilkens tók við sem sendiherra Svíþjóðar á Íslandi í fyrrahaust. Hún segir það vera til marks um hve tengsl landanna eru nán að á hálfu ári sem sendiherra hér hefur hún hitt fleiri ráðherra úr sænsku ríkisstjórninni en hún gerði á ellefu ára ferli sem sendifulltrúi Svíþjóðar í Rómönsku Ameríku.

Ströje-Wilkens var síðast sendiherra í Argentínu en hún á langan feril að baki í sænsku utanríkisþjónustunni og hjá Sameinuðu þjóðunum, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) og sem sjálfstæður ráðgjafi.

„Ég er atvinnudiplómat, gift diplómata,“ segir Ströje-Wilkens, beðin um að segja frá sjálfri sér. „Við hjónin höfum því þurft að una því að vera í fjarbúð - hann er núna sendiherra í Chile en flytur hingað í október. Hann mun væntanlega geta unnið hédan fyrir utanríkisþjónustuna unz hann kemst á eftirlaun.“

Hún segist reyndar hafa unnið heilmikið utan utanríkisþjónustunnar. Þannig starfaði hún fyrir þróunaráætlun SP (UNDP), bæði í Santiago í Chile og Nairobi í Kenía. „Svo hef ég starfað sem sjálfstæður ráðgjafi í þróunarverkefnum, meðal annars hjálpað stjórnvöldum í þróunarlöndum að bera sig eftir þróunarástoðarfé,“ segir hún. Svo vann hún við kosningaefirlit í hinum ýmsu löndum á vegum bæði SP og ÖSE, meðal annars í Namibíu, Níkaragúa, Sambíu og í Suðaustur-Evrópulöndum á borð við Makedóníu og Króatíu. Á tímabili stýrði hún kosningaefirliti á vegum ÖSE í Úsbekistan.

„Mér finnst það mikilvægt að hafa byggt upp það tengslanet sem fylgir þessari margþætta starfsreynslu, ekki bara við aðra

diplómata og stjórnmalaleiðtoga í höfuðborgunum, heldur einnig að komast í samband við venjulegt fólk utan höfuðborganna, við fulltrúa frjálsra félagasamtaka o.s.frv. Ástæðan fyrir því að ég sótti í slík verkefni var auðvitað að geta búið á sama stað og maðurinn minn var staðsettur sem diplómata hverju sinni, en ég verð að segja að ég er mjög ánægð með að hafa haft tækifæri til að öðlast þessa margháttuðu reynslu,“ segir hún.

Byltingarsækin

„Það má segja að í nærri öllum löndum sem ég hef verið send til á vegum sænsku utanríkisþjónustunnar hafi verið gerð stjórnarbylting á meðan ég var þar,“ segir Ströje-Wilkens. „Þannig var Salvador Allende steypst skömmu eftir að ég kom fyrst til Chile haustið 1973, þegar ég var í Kenía var gerð byltingartilraun þar, í Lesótó var gerð stjórnarbylting. Það var kannski í trausti þess að hér væri friðvænlegra sem yfirmenn mínir ákváðu að senda mig hingað til Íslands,“ segir hún, en bætir við, kímin á svip: „Reyndar hefur það svo gerst síðan ég kom hingað að Davíð Oddsson hætti í ríkisstjórn og áföll skóku fjármálamarkaðinn. Kannski þora yfirmenn mínir í Svíþjóð ekki að fá mig alveg heim!“

Reyndar segir hún að sér finnist það að koma hingað til Íslands vera nánast eins og að koma heim.



MADELEINE STRÖJE-WILKENS Sænska landsliðstreyjan sem hangir á gangi sendiráðsins við Lágmulann í Reykjavík minnir á þema þjóðhátíðardagskrárinnar sem efnt verður til á vegum sendiráðsins og Sænska félagsins við Norræna húsið í dag. FRÉTTABLAÐID/HARI

„Ég var í allt ellefu ár í Rómönsku Ameríku, nú ár í Afríku og svo hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Sem Svía finnst mér ég því vera nærri því heima með því að vera hér á Íslandi,“ segir hún. Ástæðna fyrir því að sér líði nánast eins og heima hjá sér í Reykjavík segir hún ef til vill koma til af því að sjálf sé hún uppalin í hafn-

arborginni Landskróna, sem meðal Svía er kölluð Borg vindanna. „Sé maður alinn upp við hafið vill maður vera við hafið. Svo að mér líður mjög vel hér,“ segir hún.

Það er mjög ánægjulegt að vera norrænn sendiherra á Íslandi, segir hún. Aðeins eitt hafi valdið sér vonbrigðum, þar er hversu erfitt það sé að læra íslensku. En það sé mjög auðvelt að vinna hér; „eins og ég segi; við erum mjög skyld þótt þið Íslendingar séu fiskimenn og við Svíar skógarfólk.“ Auðvelt sé að komast í samband við fólk hér. „Það hafa líka ótrúlega margir Íslendingar verið í Svíþjóð - okkur telst til að minnst 40.000 Íslendingar hafi dvalið í hálfri eða lengur í Svíþjóð. Um 4.000 Íslendingar búa þar, nema og starfa. Það er líka jákvætt að þessi nánú tengsl eiga sér stað svo að segja af sjálfu sér. 25.000 Svíar koma til Íslands á ári og um 10.000 Íslendingar fara til Svíþjóðar árlega,“ útskýrir sendiherrann.

Norrænt samstarf hafi að sjálf-sögðu einnig mikið að segja; það eru stöðugt einhverjir norrænir fundir eða ráðstefnur í gangi sem stefna fólk frá hinum Norður-löndunum hingað, að ógleymdu Norræna húsinu sem gegnir miklu hlutverki við að efla menningar-tengsl landanna.

Sendiráðið er lítið (3 sendifulltrúar, 3 staðarráðnir) og einbeitt sér að tilteknum verkefnum. „Nú eru Sameinuðu þjóðirnar í brennidepli í tilefni af framboði Íslands til setu í öryggisráðinu 2009-2010. Þannig skipulögðum við heimsókn Hans Blix hingað fyrr á árinu, í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri,“ segir sendiherrann.

Sænskir dagar á Húsavík

Annar hápunktur í starfsemi sendiráðsins í ár segir Ströje-Wilkens að verði Sænskir dagar á Húsavík, sem haldnir verða í tengslum við Mærudaga í síðustu júlívikunni í sumar. Sænsk tengsl Húsavíkur má rekja allt aftur til þess er Svíinn Garðar Svavarsson

sigldi í kringum Ísland fyrstur manna svo vitað sé árið 870 og átti vetursetu þar sem Húsavík er núna. Sendiherrann segir hugmyndir uppi um að koma á fót nýju safni á Húsavík undir nafninu Garðars-hólmi, helguðu landnámi Íslands og siglingum víkinga.

Meðal þess sem sendiráðið leggur Sænskum dögum á Húsavík verða glerlistaverkin sem Karl XVI Gústaf Svíakonungur færði Íslendingum að gjöf er hann sótti landið heim fyrir tveimur árum.

„Svoerþaðauðvitaðþjóðhátíðardagskráin,“ segir Ströje-Wilkens, en þjóðhátíðardagur Svíþjóðar er í dag. „Við ákváðum að efna til dagskrár með íþróttum og leikjum í stað hefðbundins kokkteilboðs.“ Hátíðin hefst kl. 17 við Norræna húsið. Þar verða ýmsir dæmigerðir sænskir leikir, svo sem brennibolti og kubb, og reiðtúr og getraunir með vinningum fyrir börnin. „Þá mun ég mæta íslenska menningar- og íþróttamálaráðherrann Þorgerði Katrínú Gunnarsdóttur í borðtennisleik,“ segir sendiherrann og er óhætt að fullyrða að sá „vináttulandsleikur“ verði hápunktur dagskrárinnar.

„Á morgun (7. júní) kemur svo Göran Persson forsætisráðherra á leiðtogafund Eyrstrasaltsráðsins. Svíar eru að taka við formennskunni í ráðinu af Íslendingum um næstu mánaðamót og því fer fundurinn fram hér. Persson var síðast hér á ferð í haust sem leið, á leiðtogafundi norrænu ráðherranefndarinnar, sem jafnan fer fram í tengslum við Norðurlandaráðsþing. „Á fjór-um mánuðum hér hitti ég fleiri ráðherra úr sænsku ríkisstjórninni en á ellefu árum í Rómönsku Ameríku. Sem segir sitt um hve nánú tengslin eru,“ segir sænski sendiherrann Madeleine Ströje-Wilkens.



FRÉTTAVIÐTAL
AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Smart og létt á fæti

– heilsteypt glös á tilboðsverði

Pórunn Kristjánsdóttir
Sölumaður hjá RV



1.924 kr.
12 stk.

Imperial 42 cl
rauðvínsglös



854 kr.
6 stk.

Maldive 36 cl
björglös



1.341 kr.
12 stk.

Imperial 19 cl
hvítvínsglös



1.579 kr.
12 stk.

Imperial 23 cl
hvítvínsglös



1.757 kr.
12 stk.

Imperial 31 cl
rauðvínsglös

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



FRJÁLSI

FASTEIGNALÁN
Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ
AÐEINS
2,5%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 3.4.2006

Kanarí



Haust og vetrarferðir á betra verði



**5.000 kr.
kynningar-
afsláttur!**

◦ Beint vikulegt leiguflug til Gran Canaria alla föstudaga frá 27. október.

◦ Dvöl í 1, 2, 3 eða 4 vikur

◦ 5.000 kr. kynningarafsláttur á mann í allar ferðir nema jóla- og páskaferðir

◦ Ríflegur barnaafsláttur*

◦ Íslensk fararstjórn

◦ Úrval kynnisferða

◦ Allar upplýsingar og bókanir á heimasíðunni, www.apollo.is.

◦ Vetrar-bæklingur okkar kemur út seinni hluta júní-mánaðar.

**Frábærir gististaðir,
þar á meðal:**

Koka 🏠🏠+

Góðar stúdíóíbúðir við hliðina á Kasbah-verslunarmiðstöðinni. **Vika frá 43.100 kr.**

Tenegüia 🏠🏠+

Vel þekktar íbúðir meðal Íslendinga á Ensku-ströndinni. **Vika frá 48.400 kr.**

Arco Iris 🏠🏠🏠+

Góðar íbúðir á besta stað við ströndina í Playa del Ingles. **Verð frá 54.900 kr.**

Sunsuites Amazonas 🏠🏠🏠+

Einstaklega góðar íbúðir rétt við miðbæinn í Playa del Ingles. **Verð frá 59.900 kr.**

Parque Cristobal 🏠🏠🏠

Glæsilegur og nýuppgerður smáhúsagarður á Ensku ströndinni. **Verð frá 53.400 kr.**

Maspalomas Dunas Suites & Villas

🏠🏠🏠

Fyrsta flokks íbúða- og smáhúsagarður. **Verð frá 54.900 kr.**

Cordial Green Golf 🏠🏠🏠+

Nýuppgerður raðhúsagarður í Maspalomas. **Verð frá 46.900 kr.**

Puerto Azul í Puerto Rico 🏠🏠🏠+

Frábært sólarhótel sem sló í gegn meðal farþega okkar síðasta vetur. **Verð frá 47.400 kr.**

Gran Amadores 🏠🏠🏠+

Frábært fjölskylduhótel skammt frá Puerto Rico: **Vika frá 37.450 kr. á mann fyrir 4ra manna fjölskyldu, þar af 2 börn 2ja-17 ára.**

**Bókaðu
núna!**
www.apollo.is

apollo



5 100 300 www.apollo.is

Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

* Kynningarafsláttur nær ekki til barnaverðs.

Öll verðdæmi miðast við tvíþýli í 1 viku og að ferðin sé bókuð á netinu á meðan kynningarafsláttur gildir.

skoðun

**SÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON**

Tillögur Samtaka atvinnulífsins eru ábyrgt útspil til þess að halda aftur af verðbólgu:

Ríki og sveitarfélög taki sér tak

Eftir áratuga barning við verðbólgu, óráðsú og sóun í samfélaginu tókst að koma böndum á efnahagslífið. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa með vaxandi stöðugleika og bættum lífskjörum almennings.

Þann árangur má þakka því að atvinnurekendur og launafólk náðu sameiginlegum skilningi á hagsmunum sína. Langtímahagsmunirnir lágu saman í því að halda hjólum efnahagslífsins í skynsamlegum farvegi.

Eftir þjóðarsáttarsamningana hefur þessi skilningur verið sameiginlegur, enda þótt menn hafi á stundum greint á um einstök úrlausnarefni. Atvinnurekendur og launafólk hafa róið í sömu átt og komið fram af ábyrgð gagnvart samfélaginu með því að láta skynsemina vera ofar skammtímasjónarmiðum og pólitískum loddaraleik.

Forsenda þess að haldbært samkomulag náist á vinnumarkaði sem felur í sér stöðugleika í efnahagskerfinu er að aðilar vinnumarkaðarins treysti því að hugur fylgi máli hjá stjórnvöldum. Margt bendir til þess að upp á það traust skorti. Núverandi óvissa um forystu í öðrum stjórnarflokkanna er ekki til að bæta slíkt og mikilvægt er að þær línur skýrist sem fyrst.

Tillögur Samtaka atvinnulífsins til að koma í veg fyrir uppögn kjarasamninga eru í anda þessarar stefnu sem ráðið hefur á vinnumarkaði í næstum tvo áratugi. Sama má segja um fyrstu viðbrögð Alþýðusambandsins. Báðir þessir aðilar hafa sýnt ábyrgð í samningum og viðhorfum til þess vanda sem núverandi þensluástand hefur skapað. Hættan á óðaverðbólgu er raunveruleg og í samræmi við það hafa Samtök atvinnulífsins og verkafélög haldið uppi málefnalegri gagnrýni á efnahagsstjórnina og lagt fram hugmyndir til úrbóta.

Það er afar mikilvægt að ríkið og sveitarfélögin leggi sitt af mörkum til að samkomulag náist á vinnumarkaði þar sem tekist er af skynsemi á við þann efnahagsveruleika sem við blasir. Það er líka mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins fái samhliða skýr skilaboð frá stjórnvöldum um að allt verði gert til þess að markmiðin með slíku samkomulagi náist.

Stjórnvöld hafa verið kærulaus í stjórn efnahagsmála. Ráðamenn hafa hvað eftir annað gert lítið úr vandanum og bæði ýtt undir væntingar og hrint í framkvæmd þensluhvetjandi breytingum. Við slíkt verður ekki búið öllu lengur.

Forsenda þess að haldbært samkomulag náist á vinnumarkaði sem felur í sér stöðugleika í efnahagskerfinu er að aðilar vinnumarkaðarins treysti því að hugur fylgi máli hjá stjórnvöldum. Margt bendir til þess að upp á það traust skorti. Núverandi óvissa um forystu í öðrum stjórnarflokkanna er ekki til að bæta slíkt og mikilvægt er að þær línur skýrist sem fyrst.

Fram undan er kosningarár, sem eykur verulega hættu á að skammtímasjónarmið verði ríkjandi umfram langtímasjónarmið í efnahagsmálum. Það er afar mikilvægt við slíkar kringumstæður að stjórnvöld beiti sig aga og séu beitt aga í þjóðfélagsmálum. Mikilvægt er í húfi og ekki nóg að verkafélögshreyfing og atvinnurekendur einir sýni ábyrgð við slíkar kringumstæður.

Vent-Axia

VIFTUR







- Veggviftur
- Loftviftur
- Borðviftur
- Iðnaðarviftur
- Pakkviftur



FÁLKINN

PEKING REYNSLA ÞJÓNUSTA

Stofnað 1904

Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími 540 7000 • www.falkinn.is

	FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Finnur og flokksmenn Finnur Ingólfsson var eitt helsta umræðuefnið þar sem fleiri en einn komu saman um helgina og virðast flestir hafa skoðanir á endurkomu hans í stjórn málin og hvernig að henni er staðið. Þá var það rífað upp í heitum potti í Laugardalnum að á haustmánuðum 1999, þegar Finnur átti enn eftir nokkrar vikur af ráðherradómi sínum, hefði hann boðað viðhorfskönnun meðal almennra framsóknarmanna til að kanna hvort þeir væru almennt sammála stefnu flokksforystunnar. Var talsvert fjallað um könnunina á sínum tíma og fanst mörgum merkilegt að forystumenn stjórnmálaflokks könnuðu með þessum hætti</p> 	<p>hvort þeir væru í raun að gera það sem flokksmenn vildu. Laugargestir gátu ómögulega munað hverjar niðurstöðurnar könnunarinnar voru en mundu hins vegar vel úrslit síðustu sveitarstjórnkosninga. Sögðu þeir þau til marks um að könnunin hefði farið fyrir ofan garð og neðan.</p> <p>Engar auglýsingar Þegar Finnur Ingólfsson varð seðlabankastjóri í janúar 2000 sagði hann að sín skoðun væri sú að ekki ætti að auglýsa störf á borð við embætti seðlabankastjóra. Lét hann þau orð falla í kjölfar gagnrýni á ráðningu sína en mörgum þótti ómerkilegt af stjórnvöldum að auglýsa starfið laust til umsóknar um leið og gengið væri frá ráðningunni bak við tjöldin. Davíð Oddsson lýsti sig svo</p> 	<p>sammála Finni og í kjölfarið var ákveðið að hætta að auglýsa embættið laust til umsóknar. Davíð var svo síðar skipaður seðlabankastjóri án auglýsingar.</p> <p>Hættir Jón? Össur Skarphéðinsson gerir málefni Framsóknar að umtalsefni á vefsíðu sinni og eyðir nokkru púðri í stöðu Guðna Ágústssonar innan flokksins. Telur hann landbúnaðarráðherra hafa öll völd í hendi sér og ráða í raun framvindu mála. Össur spáir því einnig að Jón Kristjánsson hverfi úr ríkisstjórninni með Halldóri Ásgrímssyni enda sé honum ekki kappsmál að sitja í stjórninni eftir að Halldór sé farinn. Spáir hann einnig fyrir um eftirmann Jóns í embætti og býst við að Jónína Bjartmarz verði ráðherra.</p> <p style="text-align: right; font-size: small;">bjorn@frettabladid.is</p>

Timburmenn kosninga

Fyrir réttum fjórum vikum lýsti ég í þessum dálki vandlætingu á þeim sem kvörtuðu og þreyttust á kosningabaráttu. Ég lýsti mikilvægi kosninga í lýðræðisþjóðfélagi og þá um leið nauðsyn á stjórn málmuræðu sem eðlilegt er að eigi sér stað rétt fyrir kosningar. Nú hvarflar að mér að fara að dæmi frambjóðandans fyrir vestan og éta þetta einfaldlega allt ofan í mig. Aðdragandi kosninganna var afsþyrnu leiðinlegur.

Frambjóðendurnir og þeir sem skipulögðu kosningabaráttuna bera einhverja ábyrgð á því. Ég held t.d. að flokkurinn sem ég styð, þ.e. Samfylkingin, sé að missa sjónar á því að flokkar þurfa að taka afstöðu þó þeir séu ekki einmálshreyfingar. Ég er þeirrar skoðunar að Vinstri grænir geti að miklu leyti þakkað tærri afstöðu í umhverfismálum góðan árangur í kosningunum.

Fólk sem er í stórum flokki eins og Samfylkingin er verður að setta sig við að vera stundum í minnihluta í flokknum. Þau sem eru í stórum flokki verða að forgangsraða. Það er ekki hægt að ætla að vera stór flokkur sem sækir fylgi sitt fyrst og fremst til þeirra sem búa í þéttbýli á suðvesturhorninu og láta þá sem styðja stóriðjustefnu nöfnu minnar Sverrisdóttur ráða ferðinni í byggðamálum og umhverfismálum. Meira að segja Moggi er farinn að efast um að sú stefna gangi alveg upp. Þegar svo er komið finnst henni mér svolítið skrítið að nútíma jafnaðarmannaflokkur hafi þau mál ekki nokkuð á tæru.

Flokkunum er þó ekki fyrst og fremst um að kenna, hvað aðdragandi kosninganna var óspennandi og leiðinlegur. Fréttamenn bera þar mesta ábyrgð. Hvers konar vitleysa var eiginlega þessi raðskoðanakönnun (eða hvað það nú

**Í DAG
TILGANGUR
STJÓRN MÁLA**

**VALGERÐUR
BJARNADÓTTIR**

Aðalatriðið er ekki lengur að ná fram stefnumálum, heldur hver fær framkvæmdastjórastarfið, launin og upphæðina sem talin er fylgja því.

hét) Ríkisútvarpsins? Það er umræðunnar virði að velja fyrir sér hvort og þá um leið hvaða og hve mikil áhrif skoðanakönnunir hafa á skoðanamyndun. Ef þær hafa áhrif þá er ljóst að Ríkisútvarpið kostaði, eða á gamaldags íslensku, borgaði fyrir kosningabaráttu einhverra. Í Frakklandi er talið að skoðanakönnunir hafi áhrif og því má ekki birta þær í hálfan mánuð áður en kosningar fara fram.

Að þessu efni frágengnu sem er þó grafalvarlegt, þá var þetta leiðinleg og með öllu ómálefnaleg umfjöllun um kosningarnar. Ekki bætti úr skák að fréttamenn létu eins og skoðanakönnunin í gær hefði verið algildur sannleikur, síðustu kosningar – svei mér þá – þess vegna vann Framsóknarflokkurinn á alla kosningabaráttuna þó að flokkurinn hafi aldrei beðið annað eins afhróð í kosningum. Svo mikilvægt að eftir því sem sagan segir þá er formaðurinn að hugsa um að taka pokann sinn. Ekki þvælast eftirlaunakjörin sem þau samþykktu á þinginu fyrir rúnum tveimur árum fyrir honum

þegar hann veltir því fyrir sér, blessaður maðurinn.

Vinur minn um þrjú vakti athygli mína á því að í viðtölum við þá sem verða í minnihluta í bæjar- og sveitastjórnnum næsta kjörtímabil var einn rauður þráður. Þau ætla öll að berjast á móti meirihlutanum og komast að næst. Enginn ætlar að vinna að góðum málum með meirihlutanum. Á kona þá að trúna því að í öllum bæjarfélögum sé svo mikill ágreiningur að ekkert dugi nema stálin stinn til að eiga við þetta fólk sem ætlar að sinna sameiginlegum málum okkar borgaranna? Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum var á annarri skoðun, hann ætlar að ná góðri samvinnu við minnihlutann, sagði hann. Fá þau þá embætti, spurði þá fréttamaðurinn.

Því miður er spurning fréttamannsins lýsandi fyrir hvaða augum stjórn málavafstur er lítið. Það virðist fyrst og síðast snúast um að fá eða vera í vinnu. Í einu bæjarfélagi að minnsta kosti var samið um að flokkarnir sem sömdu hefðu skipti á yfirráðum bæjarstjórnastólans á kjördæmabilinu. Í öðru bæjarfélagi lítur út sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi þurft hrossakaup innanflokks til að ná samstöðu um að vinna með vinstri grænum. Ég verð bæjarstjóri í tvö ár og þú svo í tvö. Aðalatriðið er ekki lengur að ná fram stefnumálum, heldur hver fær framkvæmdastjórastarfið, launin og upphæðina sem talin er fylgja því.

Eftir höfðinu dansa limirnir, þannig sömdu ríkisstjórnarflokkarnir eftir síðustu kosningar. Minnir mikið að á apasamfélagið sem Germaine Greer lýsti á skemmtilegustu ráðstefnu í heimi sem haldin var á Bifröst í síðustu viku. Ekki hefur það nú skilað þessari þjóð mikilli gæfu eða stjórnmálum.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNISLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Í GÓÐU SKJÓLI

Jón Bergsson ehf. hefur hafið sölu á garðsskálum sem hægt er að opna upp á gátt í góðu veðri.

HÚS 2

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Ás	10-13
Árborgir	46
Bakki	47
Domus	20
Draumahús	25-32
Eignamiðlun	16
ES1	6
Fasteignafélag Austurl.	14
Fasteignakaup	6
Fasteignamiðlun FMG	14
Fyrirt.sala Íslands	8, 15
Gimli	9
Hof	15
Hóll	46
Húseign	22
IAV	7
Lundur	34
Lyngvík	19
Lögmenn Suðurl.	18
Neteign	17
Nýtt	43
Perla investment	36
Remax Borg	36, 40
Remax Lind 18, 33, 40, 44	
Remax Mjódd	37-39
Valhöll	41



Glæsilegt einbýli við Breiðahvarf 17.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 6. júní, 157. dagur ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	3.11	13.26	23.44
Akureyri	2.15	13.11	23.11

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Glæsilega hönnuð eign á einstakri lóð

Remax í Mjódd er með til sölu glæsilegt 350 fermetra einbýlishús á einstakri hornlóð með góðu útsýni, innbyggðum bílskúr og auka húsi á lóð.

Komið er inn í forstofu með rúmgóðum fataskáp með rennihurðum og náttúrusteini á gólfi. Þaðan er gengið inn á gang sem er með fallegri innfelltri lýsingu. Á hægri hönd er samliggjandi eldhús, borðstofa og sjónvarpshol með parketi á gólfi. Úr því rými er gengið upp nokkrar tröppur í stofuna sem er sérlega björt og með gluggum niður að gólfi og glæsilegu útsýni. Í stofu er parket á gólfi. Arinn er opinn í stofu og frá eldhúsi og borðstofu. Eldhúsið er mjög rúmgott með sérsníðaðri innréttingu og stórra eyju. Tvöfaldar opnanlegar dyr út í garð eru bæði í borðstofu og eldhúsi.

Við forstofu innar á ganginum er gestasalerni, flísalagt í hólf og gólf. Hjónaherbergi er rúmgott með stóru fataherbergi. Inn af fataherberginu er baðherbergi með nuddbaðkari og sturtu. Annað rúmgott herbergi er á hæðinni og þvottahús með skápum þaðan sem innangengt er í bílskúr.

Af gangi er gengið niður nokkrar tröppur með næturlýsingu á vegg, inn af holi eru tvö rúmgóð herbergi með parketi á gólfi og stórum skápum. Salerni með sturtu er inn af holi.

Steyptir skjólveggir eru kringum allt húsið og 250 fermetra upphitað bílaplan. Þriggja herbergja auka hús er á lóðinni innréttað á afar vandaðan hátt.

Þetta er einkar glæsileg og vönduð eign þar sem hvergi hefur verið til sparað og hagsað hefur verið um alla þætti við hönnun hússins.

Tilboð óskast í eignina.



Svona mun menningarhúsið á Akureyri líta út.

Myndarlegt skjól fyrir menninguna

BYGGING MENNINGARHÚSS OG TÓNLISTARSKÓLA Í MIÐBÆ AKUREYRAR HEFST VÆNTANLEGA Á NÆSTU MÁNUÐUM.

Útboðsgögn vegna byggingar menningarhúss og tónlistarskóla við Strandgötu á Akureyri voru afhent nýlega. Áformað er að opna tilboðin í smíðina 27. þessa mánaðar og hefja hana hálfum mánuði síðar, að sögn Magnúsar Garðarssonar sem hefur umsjón með framkvæmdum fyrir hönd Akureyrarbæjar. Þar sem húsið mun standa á landfyllingu þurfti að byrja á að fergja svæðið til þess að láta jarðveginn síga. Fargið verður tekið af á næstu vikum og verið er að ganga frá stálþili.

Menningarhúsið, að meðtöldum tónlistarskóla, verður 7.513 fermetrar að stærð sem skiptast á þrjár hæðir og kjallara. Tónlistarskólinn verður á efstu hæðinni og fær einnig afnot af 2. hæð að hluta. Framkvæmdum við húsið og umhverfi þess á að verða lokið vorið 2008.

Spurðu fasteignasalann...



VELFAC

...HVORT ÞAÐ SÉU VELFAC GLUGGAR Í DRAUMAÍBÚÐINNI

Því það skiptir máli.

10 ÁRA ÁBYRGÐ

formaco

Formaco • Fossaleyfir 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055 • www.formaco.is



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



Svalirnar eru lagervara í mörgum gerðum

Svalir - Stigar

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com



TRÉSTIGAR LAGERVARA
L-stigar, Cottage frá kr 68.000- Beinir stigar, Premium frá kr 19.900-
Lúgustigar frá kr 19.900- Hringstigar, Saturn frá kr 95.000- Fura, beyki, Eik
STIGAR **Stigalagerinn**
HANDRÍÐ www.stigalagerinn.is s:5641890



Einfalt gler
...í garðinn

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is

Hún er komin!



Önnur bókin í bókaflökknum „Við ræktum“ er komin út.

Tryggðu þér eintak í næstu bókaþúð eða í áskrift í síma 586 8005




Sumarhúsið og garðurinn ehf.,
Síðumúla 15, 108 Reykjavík, www.rit.is



Jón Arnarsson í einu af garðhýsunum sem hann er með til sölu.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Gluggar & hurðir



Ekkert viðhald



Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: gluggar@vortex.is



Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

Í góðu skjóli

Jón Bergsson ehf. hefur nýlega hafið sölu á garðhýsum sem hægt er að opna upp á gátt á góðum sumardögum. Einnig má þar finna svokallaðar garðkúlur yfir heita pottinn.

„Við erum mjög stoltir af þessari vöru því þetta er jú alveg sérstaklega gott fyrir okkar veðurfar,“ segir Jón Arnarsson hjá Jóni Bergssyni ehf. en hann er barnabarn hans upphaflega eiganda sem stofnaði fyrirtækið á þriðja áratug síðustu aldar. Fyrirtækið hefur nýlega hafið sölu á skemmtilegum garðskálum úr plexigleri.

„Skálinn sem slíkur er búinn til í tveimur til fjórum einingum sem renna hver undir aðra eins og harmónikka. Þá getur þú dregið frá þegar gott er veður og dregið fyrir þegar rignir,“ lýsir Jón og bætir við að húsin sé hægt að fá í mismunandi stærðum allt eftir víðáttu garðsins. „Við erum að tala um 4 til 8,5 metra á lengd og fjarlægðin frá húsvegg fram á verönd er 3 til 4,5 metrar en hæðin 2 til 2,5 metrar.“ Jón bætir

við að hægt sé að fá gafla með húsunum eða nota húsvegg sem gafl allt eftir þörfum.

Á vefnum er hægt að fá upplýsingar um það sem er á döfnni en einnig er þar að finna kynningar á öllu því helsta sem Skaginn býður upp á. Hægt er að dorga á bryggjunni, fara í golf, skoða söfn og margt fleira, en nákvæmar leiðbeiningar um hvernig fólk finnur afþreyinguna er einmitt að finna á síðunni. Þar er að finna kort af bænum, nokkrir Akurnesingar segja frá



AKRANES Nú er hægt að fræðast um allt sem hægt er að gera á Akranesi á nýjum ferðavef sem er að finna á slóðinni visitakranes.is.

sínum uppáhaldsstað og bráðlega verður einnig hægt að skoða myndir og myndbönd.

Eins og kemur fram á vefnum að hægt er að taka strætó frá Reykjavík til Akranes.

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta. Ljósar, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Fróðleikur af gardur.is

Bráðgreind baráttukona og veðurstofustjóri:

Teresía Guðmundsson

Teresía var f. 15. marz 1901 í Lund í Dalene, Noregi, dóttir Ingebrets Anda yfirfenn. í Kristiansand og k.h. Ingeborgar. Stúd. frá dómkirkjuskóla í Kristiansand 19 ára, ári síðar kennarapróf. Lauk fyrri hl. kand. prófs í Oslóarhásk. 1925 (staerðfr., stjórnufr., efnfr.), síðarihl.pr. 1937 í veðurfræði, fyrst kvenna til að ljúka því prófi, með næsthæstu einkunn, sem gefin hafði verið, fyrir ritgerð um áhrif landslags á úrkomu á Íslandi. Fluttist til Khafnar með manni sínum, Ól bóm sin tvö, hóf íslenzkunám, náði færni í málinu, skrifaði brátt lýtalausa íslenzku. Veðurfræðingur á Veðurst. Ísl. 1929-46. Veðurstofustjóri 1946-63, einhver fyrsta kona í svo hárrí stöðu. Sótti mikilvæg ráðstefnur, m.a. tók Alþjóðaflugmálastofnunin að sér að greiða kostnað við þjónustu við flugumferð til og umhverfis landið; var þá stofnuð Flugveðurstofa á Keflavíkurflugvelli. Frá SP fékst tæknistúdn. við Veðurstofuna. Vann sérfr.störf í veðurfarsdeild 1963-79, hafði þá unnið þar 50 ár. Riddari af FO 1966. Sat í stjórn Kvenréttindafél. Ísl. 1944-56 og í nefndum sem fóru yfir lagafrumvörp; 1945 tókst einni þeirra að fá samþykkt launajafnrétti til handa konum í þjónustu ríkisins. Unni ferðalögum og hestamennsku, hafði fagaða kynnigáfu, hnittin í tilsvörum. Lézt 31. júlí 1983. M.h. (1927): Barði Guðmundsson (1900-1957) þjóðskjalavörður; áttu tvö börn.

Meira um hana á gardur.is


Hægt er að setja inn innviðig lícína íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

Bubbi

Lögín mín

Grafir og bein
Ísbjarnarblús
Aldrei fór ég suður
Blóðbönd
Hrognin eru að koma
Syneta
Kveðja
Kyrrlátt kvöld
Með vindinum kemur kvíðinn
Segulstöðvarblús
Afgan
Systir minna auðmýktu bræðra
Myrkur sjór og sandur
Agnis og Friðrik
Borgarbarn

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Dreifing:  s e n a

Nýr diskur með Bubba þar sem hann flytur mörg af sínum þekktustu lögum í nýjum búningi.



25 tímar



DANSLEIKHÚS / SAMKEPPNI 2006

Fimmtudaginn 8. júní kl. 20

Í 25 tíma hafa níu höfundar unnið að verkum fyrir blandaðan hóp leikara og dansara. Nú eru þau tilbúin! Dórnafnd velur þrjú verk til verðlauna og áhorfendur það fjórða.

AÐEINS ÞETTA EINA KVÖLD! Dansleikur að keppni lokinni!

Miðaverð er 2.500 kr. Miðasala í síma 568 8000 og á www.borgarleikhus.is

Keppnin er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur, Íslenska dansflokksins og SPRON

BORGARLEIKHÚSIÐ



STUÐ MILLI STRÍÐA spennandi líf

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR LÉT HVERSDAGSLEIKANN BLIKKA SIG.



Mér hefur oft fundist sem hversdagsleikanum væri ekki gert nógu hátt undir höfði. Hann þykir ekki vera mjög spennandi og hann er talinn minna alltof oft á hversu innantómt og tilgangslaut líf okkar er í raun og veru. Ég tel þó að hann sé hafður fyrir rangri sök því fátt er eins spennandi og hversdagsleikinn. Viss atvik sem aðeins geta átt sér stað í hversdagsleikanum hafa gjarnan merkilega djúpstæð áhrif á mann, jafnvel ómerkileg atvik geta hreyft við manni. Ég gleymi til dæmis aldrei því þegar ég mætti fallegustu konu veraldar á götu-

horni í New York. Ekki var það Unnur Birna, heldur gömul kona í fjólublárru kápu með hatt. Hún skar sig úr mannhafinu, þar sem hún virtist af allt öðrum heimi. Aldrei á ævinni hefur jafnmikil hamingja mætt mér og í augunum á þessari gömlu konu. Eitt augnablik hlakkaði ég til að eldast og upplifa þessa ótrúlegu sátt við umhverfi mitt, sem þessi kona upplifði augljóslega. Í hvert sinn sem ég hugsa um ellina man ég eftir litlu fallegu ljómandi konunni.

Ég man líka vel eftir því þegar ég mætti þeirru ljótustu konu sem ég hef nokkurn tímann augum litið. Henni mætti ég á götu í Los Angeles, þar sem hún kom trítlandi í mínipílsí og stuttum leðurjakka,

með slefandi hundkríli í fanginu. Hún var einhvers staðar á bilinu 45 til 95 ára, hrikalega mjó, með aflit að hár, strekkt gervibrúnt andlit, uppblásin brjóst og þrútnar varir. Hún var svo meðvituð um að fólk væri að horfa á hana að hún gat varla opnað dyrnar á litla sæta sportbílnum sínum. Nei, fegurðin er augljóslega ekki keypt, ekki frekar en hamingjan. En þessir hversdagslegu fundir sem ég átti við þessar konur eitt augnablik á götuhorni skilja aðeins meira eftir sig en vangavelturnar um fegurðina. Eitt augnablik blikkaði hversdagsleikinn mig og sýndi mér hversu spennandi og sniðugur hann er í raun og veru. Maður þarf bara að hafa augun opin.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Överli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



BORGARLEIKHÚSIÐ



Frítt árgjald



fyrsta árið

á S24 kreditkortum



**Pú átt möguleika
á að vinna
ferðaávísun að
verðmæti
50.000 kr.**



Þér gefst kostur á hagstæðara kreditkorti en gengur og gerist á markaðnum. S24 kreditkortin bera almennt lægra árgjald og betri vexti. Þau henta einkar vel fyrir alla daglega notkun og þú greiðir engin færslugjöld.

Peir sem fá sér S24 kreditkort fyrir 10. júlí eiga möguleika á að vinna S24-MasterCard ferðaávísanir, fimm að verðmæti 10.000 og tvær að verðmæti 50.000*.

Vinningsshafarnir verða dregnir út vikulega frá 6. júní til 10. júlí.

*Gildir einnig fyrir núverandi kreditkortshafa hjá S24.

**5.000 kr.
ferðaávísun
fylgir hverju nýju
kreditkortu.**

Sæktu um kort...

WWW.s24.is



Panic Productions
í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið
kynnir tvö dans/leikhúsvörk:

RAUÐAR LILJUR
Danshöfundur: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

NO, HE WAS WHITE
Höfundar og flytjendur: Anne Tismer,
Margrét Sara Guðjónsdóttir,
Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Rahel Savoldelli

Forsýning
9. Júní kl. 20

Frumfýring
10. Júní kl. 20

Síðasta sýning
11. Júní kl. 20

**AÐEINS
3 SÝNINGAR**

**HAFNARFJARÐAR
LEIKHÚSIÐ**

MÍÐASALA: 555 2222
midi.is / www.hhh.is

Hundruð himneskra radda

Dagana 8.-11. júní verður haldin árleg kórastefna í Mývatnssveit og munu liðlega 300 þátttakendur leggja á eitt og skapa veglega tónlistardagskrá fyrir alla unndur kórtónlistar. Aðalverkefni stefnunnar að þessu sinni er Sálumessa Mozarts og verður hún flutt á lokatónleikunum í Reykjavíki næstkomandi sunnudag.

„Þátttakendurnir hafa aldrei verið fleiri, kórarnir koma frá Norðurlandi, Reykjavík og Finnlandi en auk þess spila um fimm-tíu hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands með okkur,“ segir Margrét Bóasdóttir, söngkona og skipuleggjandi Kórastefnunnar. Hlutverk Kórastefnunnar er meðal annars að gefa kórfólki tækifæri á að hittast og



MARGRÉT BÓASDÓTTIR SÖNGKONA

takast á við stór og krefjandi verkefni. Að þessu sinni verður einnig lögð áhersla á að kynna íslenska kórtónlist og mun Þorgerður Ingólfsdóttir, kórstjóri Hamrahlíðarkórsins, hafa veg og vanda af því. „Ég er sérlega ánægð að hafa fengið Þorgerði og Hamrahlíðarkórinn til þess að stýra þessari vinnu,“ segir Margrét og áréttar að finnsku þátttakendurnir hafi þegar fengið send íslensk lög til þess að æfa og spennandi verði að heyra útkomuna. „Við höfum

stefnt að því að fjölga erlendum þátttakendum. Þetta er kjörið tækifæri fyrir kóra til þess að efla tengsl innbyrðis og oft verða hálfgerð snjóboltaáhrif af svona samstarfi,“ útskýrir hún.

Þátttökukórarnir munu syngja á tónleikum í félagsheimilinu Skjólbrekku, syngja miðnætursöng í Jarðböðunum við Mývatn og bjóða til einstaks tónlistarviðburðar í hraunhvelvingu Laxárvirkjunar næstkomandi föstudag. „Það verða spennandi tónleikar, hljómburðurinn í hvelvingunni er á við nokkrar Hallgrímskirkjur,“ segir Margrét og hvetur alla áhugasama til þess að heimsækja Mývatnssveit og njóta ógleymanlegra stunda, tónlistar og samveru í fallegu umhverfi.

Lykill að framtíð íslenskunnar

Fyrsta ráðstefnan um tungutækni á Íslandi var haldin nýverið á vegum Tungutækniseturs. Setrið, sem stofnað var sumarið 2005, er samstarfsverkefni Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík, og Orðabókar Háskóla Íslands.

Á tungutækniráðstefnunni komu saman fræðimenn og fólk úr atvinnulífinu sem starfa eitthvað við tungutækni á landinu, en sá hópur fer vaxandi. En hvað er tungutækni? „Ég segi stundum að þetta sé tvíhliða; annars vegar er þetta spurning um hvernig við getum notað tölvur til að hjálpa okkur með tungumálið, og hins vegar hvernig við getum notað tungumálið til að hjálpa okkur með tölvurnar,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands og einn af forsvarsmönnum Tungutækniseturs. „Í fyrsta lagi eru þetta til dæmis alls konar málfræðileiðréttingarforrit og í öðru lagi erum við að nota tungumálið til að hagnýta tæknina sem mest, við leit á vefnum og fleira,“ bætir hann við.

Tungutækni óhjákvæmileg þróun Eiríkur bendir á að meirihluti tækninýjunga fyrir almennan markað snúist um samskipti fólks, ýmist í síma eða á netinu, og þá hljóti tungumálið að vera í lykilstöðu. „Menn gleyma því að tungumálið leikur miklu stærra hlutverk í tengslum við tæknina, hún felst ekki bara í því að ýta á einhverja takka heldur er hún samvinnuð flestu sem við gerum,“



EIRÍKUR RÖGNVALDSSON „Það er bæði eðlileg og óhjákvæmileg þróun, nú þegar tölvurnar og allt sem er tölvustýrt er orðið svona stór hluti af okkar daglega lífi, að tungutækni fléttist þarna saman við.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

segir Eiríkur. Tungutækni er því ekki síður mikilvæg fyrir framtíð íslenskunnar. „Ef við lendum í þeirri aðstöðu að tæknin ræður ekki við íslensku þá höfum við tvo kosti. Við getum ákveðið að taka þessa tækni ekki upp á Íslandi, sem er að sjálfsögðu slæmur kostur, en hin leiðin er að tala bara ensku við tækin. Varla erum við sátt við það. Best væri að aðlaga tæknina þannig að hún ráði við íslensku en það kostar peninga og þekkingu.“

Leitarvél sem kann íslensku

Auk nokkurra íslenskra fræðimanna vinna þó nokkuð margir að tungutækniverkefnum í fyrirtækjum á borð við Símann, Hex og Spurl. „Það sást á þessari ráðstefnu að þetta er farið að skila sér í vörum og þjónustu,“ segir Eiríkur. Sem dæmi má nefna leitarvélina Emblu og leitarvél Já, sem Eiríkur segir að sé „stórkostleg bylting,“ en þær voru unnar af Hjalpmari Gíslasyni hjá fyrirtækinu Spurl. Eiríkur bendir á að allt nám og vinna byggist sífellt meira á því að leita á netinu og í gagnasöfnum, og þá sé mikilvægt að

leitarvél falli vel að íslensku. „Við finnum miklu meira ef við byggjum íslenskt beygingakerfi inn í leitarvélina,“ segir Eiríkur, en þá er til dæmis hægt að slá inn íslenskt orð í nefnifalli og leitarvélinn finnur öll dæmi orðsins í öðrum beygingarmyndum. „Svo er í bígerð verkefni sem ég tek þátt í en það er þróun á margmálaleit fyrir Norðurlandamál og ensku.“ Leitarvélinn mun gera fólk kleift að slá inn leitarorð á sínu móðurmáli og fá niðurstöður úr hinum Norðurlandamálunum.

Rafrænn þulur svarar í síma

Erlendis er tungutækni komin vel á veg. Sem dæmi má nefna að hún er mikið notuð í þjónustuverum fyrirtækja. Rafrænn þulur sér þá um að „tala“ við viðskiptavininn í símanum og sérstakur talgreinir greinir beiðni viðskiptavinarins og gefur honum samband við réttan aðila. Þetta sparar mannskap og styttr biðtíma. Fyrirtækið Hex hefur einmitt unnið að slíkum þul í samstarfi við Símann og bandaríska fyrirtækið Nuance. Afraksturinn er þulurinn Ragga, en hann hlaut nafn sitt af Ragnheiði Clausen sem ljáði honum rödd sína. „Við erum að vinna í þjónustu fyrir síma og við lítum á talviðmót, eins og þulinn Rögg, sem einn hluta af því,“ segir Helga Waage, tölvunarfræðingur hjá Hex. Ragnheiður las inn texta úr Mogganum og öðrum ritum og upptökurnar voru sendar til Nuance þar sem þær voru bútaðar niður í hljóðeindir og algeng orð. Hljóðeindunum og orðunum er svo enduráðað, útfra reglum um hljómfall og aðrar hljóðfræðireglur í íslensku, til að fá nýjar setningar. Helga telur að þulurinn muni nýtast fyrirtækjum á Íslandi, þar á meðal Hex, vel í framtíðinni.

rosag@frettabladid.is

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Mið. 7/6 örfá sæti laus, fös. 9/6, lau. 10/6. **Aðeins þessar 3 sýningar.** Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00

GENJI
Mið. 7/6 örfá sæti laus. **Aðeins þessi eina sýning. Japönsk gestadanssýning.**

PÉTUR GAUTUR
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN

Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295.**

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Sönglist og Borgarleikhúsið

bjóða upp á

Sumar námskeið

í leiklist og söng í hringiðu leiklistarinnar.
Sýning á sviði Borgarleikhússins í lok hvers námskeiðs.

Innritun og allar nánari upplýsingar í miðasölu Borgarleikhússins í síma **568-8000** eða á **www.borgarleikhus.is**

Gleði – uppbygging fagmennska – framfarir!

SÖNGLIST
Söng- og leiklistarskóli

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur

songlist@borgarleikhus.is http://songlist.ismennt.is

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - **NOKKUR SÆTI LAUS**
SUN. 11. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S. - Fréttablaðið

www.operan.is | operan@operan.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP		VILTU FINNA MILLJÓN	
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 23 Þri 13/6 kl. 20	Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Má 12/6 kl. 20	Fi 8/6 kl. 20 Lau 10/6 kl. 20 UPPS. Fi 15/6 kl. 20	Fö 9/6 kl. 20 Su 11/6 kl. 20 Su 18/6 kl. 20
GRÍMAN 2006		25 TÍMAR	
Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19 Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir		Dansleikhússamkeppnin 2006 Fi 8/6 kl. 20 MÍÐAVERÐ 2.500	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is


Alveg briliant skilnaður

Eineikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.

Vopnafjörður
Þriðjudaginn 6. júní.
Miðasala í síma 473-1300.

Landsbankinn

Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afsátt af miðaverði



Til hamingju með daginn

Sena og Prime óska Bubba Morthens
innilega til hamingju með 50 árin.
Kærar þakkir fyrir gjöfult samstarf
og við hlökkum til næstu 50 ára!



KÓNGURINN ER FIMMTUGUR

Sögur af Bubba

Ásbjörn Morthens, betur þekktur sem Bubbi Morthens, er fimmtugur í dag. Af því tilefni verður efnt til stórtónleika í Laugardalshöll þar sem kóngurinn sjálfur ætlar að flytja öll sín bestu lög. Fréttablaðið hafði samband við nokkra valinkunna einstaklinga sem hafa kynnst Bubba og það þá að rifja upp skemmtilegar sögur í tilefni dagsins.

Apamaðurinn Bubbi

Mike Pollock, sem var gítarleikari Utangarðsmanna, sparar ekki stóru orðin: „Bubbi er King Kong tónlistarsenunnar á Íslandi.“ Hann bætir svo við sþokkur: „Hann hefur reyndar alltaf verið góður að herma eftir öpum. Eitt sinn vorum við í dýragarðinum í Kaupmannahöfn og hann lék eftir apa svo vel að aparnir í búrunum hoppuðu upp og niður.“ Mike kynntist Bubba fyrst árið 1979 þegar þeir unnu báðir í Kassagerðinni. „Dag einn byrjuðum við að tala saman í hádegishlénu. Hann fór strax að tala um Bob Dylan og Iggy Pop, og við urðum strax ástfangnir, listránt séð.“



POLLOCK Kynntist Bubba í Kassagerðinni og varð strax ástfanginn af listrántu hljóðinu hans.

Mike lumar á tveimur sögum af Bubba. „Árið 1980 vorum við Utangarðsmenn að keyra í rútu úti á landi. Við sáum fólk að húkka sér far og tókum það upp í bílinn. Allt í einu birtist Bubbi aftur í rúttunni og byrjaði að leika apa, með hljóðum og hreyfingum. Hann þurfti engan búning, hann var svo góður. Hann hallar sér svo að túristunum sem voru frá Þýskalandi og byrjar að snyrta einn manninn, fíkta við hárið á honum eins og apar gera gjarnan. Bubbi gerði þetta í dálítinn tíma, og gaf frá sér apahljóð í leiðinni, en mennirnir sátu grafkyrrir, steini lostnir, og augun stóðu á stilkum. Nema hvað, Bubbi byrjaði þá smátt og smátt að fara úr öllum fötunum, braut þau snyrtilega saman og setti í næsta sæti, settist svo niður brosandist og horfði á þá! Það leið ekki langur tími þangað til fólk-ið öskraði upp yfir sig að

þau væru komin á leiðarenda og vildu út.“

Þetta var greinilega ekki eina rútuferðalagið þar sem Bubbi fór á kostum, því þegar hljómsveitin var á ferðalagi í Noregi 1981 átti hann það til að skipta yfir í annan persónuleika, hinn spastíska og treggáfaða Olla: „Við tókum þar upp í rúttuna og buðum þeim far, og Bubbi breyttist allt í einu í Olla. Við sögðum fólkinu að þetta væri frændi okkar og að við hefðum fengið leyfi til að taka hann af sjúkrahúsi í smá ferðalag. Við bættum við að hann væri mjög vingjarnlegur en maður þyrfti alltaf að svara „já“ við hverju sem hann sagði. Olli byrjaði allt í einu að klappa fólkinu á hausinn, og spurði þau hvort það sæi kafbátana. Já, já, hrópaði fólk, við sjáum kafbátana! En eftir tíu mínútur gáfust þau upp og báðu okkur um að stoppa rúttuna. Greyið fólk-ið, þú getur rétt ímyndað þér! Við gátum verið frekar andstyggilegir. En við vorum góðir strákar innst inni,“ segir Mike Pollock.

Fyrsta giggið 2ja ára

Listamaðurinn Tolli, eldri bróðir Bubba, kann eina góða sögu af kappanum þegar hann var ungur að árum: „Hann var að ferðast með Gullfossi til Danmerkur með mömmu. Ég hugsa að hann hafi ekki verið nema svona tveggja ára, kannski rúmlega það,“ segir Tolli. „Þá var svona háborð þar sem skipstjóriinn situr og aðrir gestir. Þá er það sem hann heimtar að fá að troða upp með sitt númer. Hann átti einhvers konar badmintonspáða sem hann hélt á og svo söng hann færeyska lagið Ó, Rasmus. Ég held að þetta sé fyrsta



TOLLI OG BUBBI Bubbi sýndi skemmtilega taktu um borð í Gullfossi þegar hann var tveggja ára.

giggið hans Bubba, árið 1958 eða 1959, þannig að þetta lá alveg fyrir honum. Snemma beygist krókurinn.“

Hugsjónamaður

Ómar Ragnarsson hitti Bubba fyrst á þeim árum sem hann var að skemmta með Sumargleðinni en þá voru Sumargleðin og Bubbi oft bókuð á sömu uppákomurnar. „Á þessum árum var Bubbi uppreisnargjarn þó nokkari en þegar ég kynntist honum fyrir alvör kom hann mér mjög á óvart. Hann er mikill hugsjónamaður og öðlingur og sannari og betri vin er vart hægt að hugsa sér,“ segir Ómar. Þegar hann er beðinn um að rifja upp sögu af Bubba koma nokkrar upp í hugann. Sú fyrsta tengist samstarfi þeirra Bubba við boxlýsingar fyrir Sýn.

„Í viðureign árið 1997 beit Tyson eyrað af andstæðingi sínum, Holyfield. Bubba varð svo mikið um að hann lokaði símanum hjá sér og það var ekki hægt að ná í hann í sólarhring,“ segir Ómar og bendir á að þetta sé gott dæmi um það hversu tilfinningaríkur Bubbi geti verið.

„Mér er líka mjög minnstætt þegar Bubbi fékk menningarverðlaun DV. Það man örugglega enginn eftir þessari samkomu nema fyrir þær sakir að þegar Bubbi steig á svið til að taka á móti verðlaununum þá leit hann yfir salinn þar sem sat þrúðbúið fólk á flestum borðum og sagði að þessi samkoma snerist minnst um tónlist og menningu heldur um það hver væri í flottasta dressinu. Hann sagði að fólk hefði örugglega eytt mörgum klukkustundum í það að búa sig fyrir samkomuna bara svo það gæti borið sig saman við næsta mann.“



ÓMAR RAGNARSSON FRÉTTAMAÐUR Hefur lýst ófám boxbardögum með Bubba Morthens og kann margar sögur af kónginum.

Það sem mér fannst hins vegar fyndnast við þessa ræðu Bubba var að þarna stóð hann uppstrílaður að hætti þónkara með hanakamb, barmmerki og nælur og hafði örugglega eytt einna mestum tíma af öllum þarna inni við að búa sig.“ Ómar á fleiri sögur af Bubba í pokahorninu. „Einu sinni var hann að spila á Broadway og tók þá amerískt kántrí-blús lag og gerði það svo vel að maður féll alveg í stafi. Þegar hann kom af sviðinu þá sagði ég við hann að hann væri nú þekktur fyrir að vera góður laga- og textasmiður en þarna hefði hann einnig sannað að hann væri ekki síðri söngvari og gítaristi. Það kom glampi í augun á Bubba við þetta, en þetta er hlíð sem færri þekkja.“

Stál og hnífur sungið í Grikklandi

Silja Aðalsteinsdóttir skrifaði ævisögu Bubba fyrir mörgum árum sem vakti mikla athygli og seldist eins og heitar lummur.

Hún man vel eftir fyrstu kynnum sínum af kónginum: „Ég sá hann og heyrði syngja á Félagsstofnun stúdenta 1979 og varð alveg hugfangin. Ég var að gera útvarpsþætti um farandverkafólk og lét taka tónleikana upp. Þarna var Tolli líka sem bardí gítar og söng við raust. Ég fékk svo að nota Stál og hníf sem einkennislag þáttanna,“ segir Silja. „Þetta voru þrjú klukkutíma þættir með viðtölum við farandverkafólk og svo sungu þeir bræður á milli. Ég held að þetta hafi verið í fyrsta skipti sem Bubbi kom fram í útvarpi. Ég veit ekki hvort það urðu rauðglóandi símalínur en þeir fengu ekki mikinn frið á útvarpinu eftir þættina vegna þess að fólk vildi endilega vita hver það væri sem syngi þetta lag, sem mér hefur stundum fundist síðan að væri hálfgerður þjóðsöngur Íslendinga, Stál og hnífur,“ segir hún.

„Mér er líka ákaflega minnstætt þegar ég var á ferðalagi í



SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR Silja skrifaði ævisögu Bubba sem rann út eins og heitar lummur.

Grikklandi með Sigurði A. Magnússyni. Við vorum á Eyjahafinu að sigla til Aþenu og allur hópurinn söng Stál og hnífur hátt og skýrt. Þá hugsaði ég nú með mér að asskoti væri nú strákurinn búinn að standa sig vel. Þetta var 1987 og hann er nú kominn ansi miklu lengra, ef það er hægt að komast lengra heldur en að allir kunni lag og texta eftir mann og syngi það á svona ótrúlegum stað.“



FYRSTI AÐDÁANDINN Þrátt fyrir að Bubbi sé langþekktastur af afrekum sínum hér heima reyndi hann fyrir sér á erlendri grundu. Sumarið 1977 kom Bubbi í heimsókn til Lignano, sem var mikil Íslendingaparadís á þeim tíma, en Arthúr bróðir hans var þar staddur með fjölskyldu sinni. Bubbi var að glamra eitthvað á gítar og eignaðist fyrsta addáandann, sem var níu mánaða og heitir Sandra Dögg Árnadóttir. Hérna sitja þau saman og Bubbi er að spila fyrir hana.

LÓSMYND: ARNI ÞÓR ÁRNASON



STEINAR BERG ÍSLEIFSSON Fyrirverandi útgefandi Bubba Morthens lánaði honum þúsundkall uppi í Árbæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

500 kall í leigubíl

Steinar Berg Ísleifsson byrjaði að gefa út plötur Bubba eftir að hann gaf út Ísbjarnarblús árið 1980. Stóð samstarf þeirra yfir í mörg ár eftir það. Vitaskuld kann hann margar sögur af Bubba.

„Bubbi hríngdí í mig einhvern tímann og bað mig um að bjarga sér með þúsund kall. Það var alveg sjálfsagt en við vorum uppi í Árbæ. Hann kom og fékk þúsundkallinn en fimmmhundrað kall af þúsundkallinum fór í að borga leigubílinn,“ segir Steinar Berg og hlær.

„Bubbi er ákafamaður. Hann gengur hratt og ákveðið til verks og er ástríðufullur. Það var einhverju sinni að við vorum að plana útgáfu og hann var með mér og söluólki í Steinum. Ætli þetta hafi ekki verið upp úr 1980 og velgengi Utangarðsmanna var þó nokkur. Áður fyrr, í „old days“ eins og sagt er, þá tíðkaðist það að plötur voru gefnar út miklu hraðar, eins og Bitlanir sem gáfu út fimmtán plötur á níu árum. Það var kannski ekki sama ferð á því þarna en það var alla vega hraðara en í dag,“ segir Steinar. „Bubbi var að plana plötu og hann sagði við okkur: „Svo setjum við eina á jólamarkaðinn, eina á vormarkaðinn og eina á sumarmarkaðinn“. Þá greip einn söluumaður fram í og sagði: „Og eina á útsöluarkaðinn“. Honum fannst hann fullákafur í sínum plönum en auðvitað var Bubbi að springa úr sköpun og samdi svo mikið af lögum að hann vildi koma þessu öllu frá sér. Bubbi hefur nú aldrei verið gestur á útsöluarkaðum, sem betur fer,“ segir hann.



Kafnaði næstum því á Spáni

Þorsteinn Kragh umboðsmaður hefur lengi unnið með Bubba. „Ég kynntist Bubba á vertíð einhvern tímann á milli 1983-84, við vorum saman í herbergi en ég fór ekki að vinna fyrir hann fyrr en í nóvember 1989. Mér er það minnststætt þegar ég var með Bubba á Kanarí en hann fór mjög oft til Spánar til að fá innblástur fyrir plöturnar sínar. Þarna var hann að semja lögin á plötuna Sögur af landi og varð þetta atvik kveikjan að laginu Guli flamingóinn. Við vorum á næturklúbbi og á sviðinu voru atriði, hvert öðru lélegra og rúsínan í pylsuendanum var sextugur Spánverji með ljósgult hár og tvær fimmtugar dansþiur sem voru eins og reyrdrir flóðhestar. Þetta var alveg svakalega fyndið

og Bubbi gat náttúrulega ekki haldið niðri í sér hlátrinum. Ég pikkaði í hann og bað hann um að stilla sig aðeins af kurteisissökum. Ég hélt fyrir munninn af hlátri en Bubbi veltist um og var þetta orðið fremur vandræðalegt. Hann endaði með að setja trefilinn sinn upp í sig til að hlæja ekki upp hátt nema hvað að guli Spánverjinn misstígur sig á sviðinu og dettur um annan flóðhestinn. Bubbi dettur gargandi á milli borðanna á gólfi með trefilinn upp í sér og þangað þurfti ég að sækja hann á gólfið helbláan í framan og bókstaflega að kafna úr hlátri.“

ÞORSTEINN KRAGH Lenti í afar sérstæðu atviki með Bubba á Kanarí þegar Bubbi samdi lögin á Sögur af landi.



Átrúnaðargoð úr æsku

„Bubbi Morthens var mitt goð, sérstaklega þegar ég var strákur,“ segir Óli Palli, útvarpsmaður á Rás 2. Hann segir að ekki líði sá dagur að hann spili ekki eitthvað af plötum Bubba, en hann kynntist átrúnaðargoðinu þegar hann var nemandi í Fjölbautaskólanum á Akranesi. „Þegar ég var nítján ára bað ég

hann að koma í stúdíó og spila með mér á gítar í einu lagi. Ég hafði puttibrotnað og gat þess vegna ekki spilað á gítar og notað upp-tökutíma í stúdíói sem ég hafði unnið í tónlistarkeppni í skólanum. Svo ég hringdi bara í Bubba, þekkti hann ekki neitt, og hann var alveg til í þetta. Ég keyrði til Reykjavíkur og náði í hann þar sem hann bjó, hann spilaði þetta inn á gítar og ég söng. Ég á kassettu einhvers staðar með þessu lagi,“ segir Óli Palli, greinilega ánægður með samstarf sitt með Bubba.



ÓLI PALLI Gerði heimildarmynd um Bubba en hann hafði á sínum unglingsárum haft kynni af kappanum.



BÁRÐUR BÁRÐARSON Formaður aðdáendaklúbbsins prentaði út texta við eitt laga kóngsins en honum nægði að sjá fyrsta orðið.

Reykingamaður á hlaupum

Bárður Bárðarson, sem er formaður aðdáendaklúbbs Bubba, kynntist Bubba þegar Silja Aðalsteinsdóttir fékk hann til að vinna við bókina Bubba.

„Fyrir sex árum eða eitthvað svoléiðis bjó ég á Klapparstíg og ætlaði að skreppa á tónleika með Bubba á Gauki á Stöng, Stríð og friður var þá nýtilkomin. Þegar ég var sestur þarna með kaffibollann kom umboðsmaður Bubba hlaupandi og spurði hvort ég vildi að þessir tónleikar færu fram. Ég horfði á hann furðu lostinn, en hann sagði að ég yrði að redda textanum að einu laga Bubba. Hann ætlaði að flytja þetta lag en mundi ekki textann og neitaði að byrja tónleikana fyrr en textinn væri kominn í kollinn á honum því þetta var byrjunarlagið. Svo að ég þurfti að hlaupa heim og prenta þetta út. Þegar ég kom lafmóður á Gaukinn leit Bubbi á textann og sagði: „Já, þetta er fyrsta orðið, nú man ég þetta.“ Stórreykingamaðurinn ég hljóp sem sagt á sprettinum upp á Klapparstíg út af einu orði!“



JÓN ÓLAFSSON Tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson hefur heyrt margar sögur af Bubba.

Leðurjakkinn frá Genúa

Jón Ólafsson tónlistarmaður vann fyrst með Bubba fyrir um það bil sex árum í Litlu hryllingsbúðinni en var búinn að þekkja hann í mörg ár fram að því. Jón segir að til séu endalausar sögur af Bubba. „Bubbi átti leðurjakka sem hann sagði öllum að væri frá Genúa á Ítalíu. Svo þegar menn fóru að rýna betur í jakkann þá stóð Genuine leather,“ segir Jón og hlær. „Ég veit ekki hvort þessi saga er sönn eða login, þetta er bara saga sem ég heyrði,“ bætir hann við.

BREYTTIR TÍMAR

DALVEGUR OG HOLTAGARÐAR

9-20

MÁN - FÖS

Nú eru Vínbúðirnar Dalvegi og Holtagörðum opnar **alla virka daga frá kl. 9.00 til 20.00.**



Nýtt í bíó

HEIMSFRUMSYNING

Í DAG Á 6 DEGI
6. MÁNAÐAR ÁRIÐ 2006
MUN DAGUR HANS KOMA,
ÞORIR ÞÚ Í BÍÓ

THE OMEN
6|6|06

MÖGNUM ENDURGERÐ
AF HINNI KLASSISKU
THE OMEN!

16 BLOCKS
Landsbankinn

★★★★ S.V. MBL
★★★★ D.Á.J. KVÍKMYNDIR.COM
★★★★ V.L.V. TOPPIS

THE DA VINCI CODE

LEITID SANNLEIKANS
HVERJU TRÚIR ÞÚ?
UPPLIFDU VINSÆLUSTU
BOK Í HEIMI!

HÖRUGÓÐUR SPENNUTRYLLIR
FRÁ RICHARD DONNER
LEIKSTJÓRA LETHAL WEAPON

LOKAUPPGJÖRID!
X-MEN
2000. KR. AFSLÁTTUR
FYRIR XY FÉLAGA

★★★★ B.J. BLAÐIÐ
★★★★ S.V. MBL
★★★★ V.L.V. TOPPIS

CRY WOLF

MAGNAÐUR
SPENNUTRYLLIR
SEM FÆR
HÁRIÐ TIL AÐ
RISA!

★★★★ H.J. MBL

50.000 MANN

RAUÐHETTA

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

THE OMEN kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA
X-MEN3 kl. 5.40, 6, 8, 8.30, 10.20 og 10.50 B.L. 12 ÁRA
DA VINCI CODE kl. 5, 8, og 11 B.L. 14 ÁRA
DA VINCI SYND Í LÚXUS kl. 5, 8 og 11 B.L. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ISL TALI kl. 3.50
ISÓLD M/ ISL TALI kl. 4

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

THE OMEN kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA
16 BLOCKS kl. 5.50, 8 og 10.10 B.L. 14 ÁRA
DA VINCI CODE kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ISL TALI kl. 6
RAUÐHETTA M/ ENSKU TALI kl. 8
CRY WOLF kl. 10 B.L. 14 ÁRA

Borgarbíó SÍMI 462 3500

THE OMEN kl. 8 og 10.10 B.L. 16 ÁRA
16 BLOCKS kl. 6 og 8 B.L. 14 ÁRA
X-MEN3 kl. 10 B.L. 14 ÁRA
DA VINCI CODE kl. 5.15 B.L. 14 ÁRA

400 kr. í bíó!
Gættu á allar spáningar!
Svæðingarnar markar með rauðu

Dolby Digital SDDS DTS Digital Surround THX

BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

HEIMSFRUMSYNING

THE OMEN

Í DAG Á 6 DEGI
6. MÁNAÐAR ÁRIÐ 2006
MUN DAGUR HANS KOMA,
ÞORIR ÞÚ Í BÍÓ

THE OMEN
6|6|06

MÖGNUM ENDURGERÐ
AF HINNI KLASSISKU
THE OMEN!

16 BLOCKS

★★★★ S.V. MBL
★★★★ D.Á.J. KVÍKMYNDIR.COM
★★★★ V.L.V. TOPPIS

THE DA VINCI CODE

LEITID SANNLEIKANS
HVERJU TRÚIR ÞÚ?
UPPLIFDU VINSÆLUSTU
BOK Í HEIMI!

HÖRUGÓÐUR SPENNUTRYLLIR
FRÁ RICHARD DONNER
LEIKSTJÓRA LETHAL WEAPON

LOKAUPPGJÖRID!
X-MEN
2000. KR. AFSLÁTTUR
FYRIR XY FÉLAGA

★★★★ B.J. BLAÐIÐ
★★★★ S.V. MBL
★★★★ V.L.V. TOPPIS

CRY WOLF

MAGNAÐUR
SPENNUTRYLLIR
SEM FÆR
HÁRIÐ TIL AÐ
RISA!

★★★★ H.J. MBL

50.000 MANN

RAUÐHETTA

Sími 553 2075

THE OMEN kl. 5:45, 8 og 10:10 B.L. 16 ára
X-MEN3 kl. 5:45, 8 og 10:10 B.L. 12 ára
DA VINCI CODE kl. 6, 8 og 10:10 B.L. 14 ára

INSIDE MAN

★★★★ S.V. MBL
★★★★ V.L.V. TOPPIS

THE OMEN kl. 5:45 B.L. 16 ára

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ungstirnir Lindsay Lohan berst nú við orðróm um að hún sé haldin sjúklegri fatafíkn og gangist undir dáleiðslumeðferð til að komast yfir fíknina. Stílisti Lohan, Rachel Zoe, átti upphafið að orðróminum því hún sagði í tímariti nokkru að Lohan eyddi stundum 100.000 dollurum á dag, um sjö milljónir króna. „Hún á svo



mörg fót, en hún hefur ekki einu sinni gengið í þeim öllum,” sagði stílistinn. „Fataskápanir hennar eru yfirfullir af hlutum eins og 8.000 dollara Prada kjólum og Balenciaga-töskum sem kosta 2.000 dollara.“ Talsmaður Lohan dró þetta þó til baka og sagði að þetta væri bara rugl og að sögur um dáleiðslu væru uppspuni.

Halle Berry ljóstraði því upp í spjallþætti Conan O'Brien á dögunum að þröngi latex-búningurinn sem hún notaði í myndinni X-Men væri nýtlegur



í annað en kvikmyndaleik eins og til dæmis kynlifsleiki. „Já, ég klæðist honum stundum. Maður verður að krydda lífið svolítið,” sagði hin gullfallega Berry, en hún lék karakterinn Storm í myndinni. „Storm stundar ekkert kynlíf í myndunum, en fær nóg af því heima hjá mér,” bætti hún við. Karlfyrirsætan Gabriel Aubry er sá heppni sem fær að njóta frumleika Berry í kynlífinu. Párið hefur verið saman frá því í nóvember 2005 þegar þau hittust á tókustað fyrir Versace.

Styttist í plötuna

Upptökur á fyrstu plötu hlóm-sveitarinnar Jakobínarínu ganga vel. Sveitin hefur unnið náð með upptökustjóranum Ken Thomas að undanförmu og nú er farið að sjá fyrir endann á vinnuferlinu. Að sögn Jóhanns Ágústs Jóhannssonar hjá 12 Tónum má búast við því að plata Jakobínarínu komi út síðsumars.

Aðdáendur Jakobínarínu geta hugað sig við að á næstu vikum er væntanleg smáskífa sem Rough Trade gefur út og 12 Tónar munu dreifa á Íslandi. Smáskífan mun bæði koma út sem sjötomma og á geisladiski. Á sjötommum verður að finna lögin His Lyrics Are Disastrous og Nice Guys Don't Play Good Music. Á geisladisknum verður auk þess lagið Power to the Lonely. Búast má við því að minnsta kosti tvö þessara laga verði á væntanlegri breiðskífu Jakobínarínu.

JAKOBÍNARÍNA Gefur út smáskífu á næstu vikum og fyrsta breiðskífan kemur út síðsumars. FRÉTTBLAÐIÐ/E.ÖL.



OPÍÐ HÚS Í DAG 6.6.
frá kl. 14 - 17

GISTIHEIMILIÐ ATLEY Í EGILSHÖLL

Komdu og kynntu þér nýjan og spennandi gistivalkost fyrir hópa og einstaklinga!

Gistiheimilið Atley í Egilshöll býður þig velkomin í dag, þriðjudaginn 6. júní, til að kynna þér nýjan valkost í gistingu á höfuðborgarsvæðinu.

Stór setustofa með hægindastólum og stóru sjónvarpi er í andyrinu auk stóla og borða þar sem gestir geta snætt máltíðir.

Aðstaða fyrir hópa er einstaklega glæsileg, hvort sem er til íþróttar- eða tónlistaræfinga, fundarhaldar eða námskeiða og geta gestir óskað eftir að nýta alla þá frábæru aðstöðu sem Egilshöllin hefur upp á að bjóða. **Komdu og kynntu þér aðstöðuna!**

Nánari upplýsingar á www.atley.is

Egilshöllin - Fossaleyni 1 - 112 Reykjavík - Sími 594 9600 - www.egilshollin.is

Herbergin eru stílhrein og snyrtileg bún kjójum og fataskápum.

Veitingastaðurinn Sportbitinn í Egilshöllinni tekur allt að 110 manns í sæti og er boðið upp á samlokur og saltaþar.

HM-blað komið út

HM-blaðið er komið út á vegum sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar, sem mun sýna beint frá keppninni dagana 9. júní til 9. júlí.

Blaðið er afar veglegt, 180 blaðsíður. „Þarna er kynning á liðunum 32 og ýmsir aðrir gullmolar,” segir íþróttarfréttamaðurinn Þorsteinn Gunnarsson, sem ritstýrir blaðinu ásamt Jóhanni Inga Árnasyni. „Reyndar kynnum við 33 HM-lið til leiks en aukaliðið er HM-lið Sýnar. Þar stillum við upp okkar Sýnarliði sem verður á vaktinni á HM. Ég er auðvitað í markinu, nafni minn Joð og Guðni Bergs miðverðir, Arnar Björnsson á kantinum, Höddi Maggi og Hemmi Gunn í fremstu víglínunum, svo einhverjir séu nefndir,” segir hann.

Þorsteinn hefur sökt sér í HM-fræðin undanfarnar vikur og spáir Argentínu sigri. Einnig spáir hann Brasilíu og Frakklandi góðu gengi. „Ég tippa á að Gana komist langt og verði það lið sem komi mest á óvart. Annars eru Svíar allt-



HM-BLAÐIÐ Eyjamennirnir Þorsteinn Gunnarsson og Jóhann Ingi Árnason ritstýra HM-blaðinu.

af í mestu uppáhaldi hjá mér því ég bjó þar í nokkur ár en ég er því miður ekki bjartsýnn fyrir þeirra hönd. Það er auðvitað gaman að velta þessu öllu saman fyrir sér en ég vona bara að skemmtilegasta fótbolta-liðið vinni HM.“

HM-blaðið er gefið út í tutugu þúsund eintökum og verður því dreift frítt af Ólís út um allt land. Einnig verður því dreift á völlum í Landsbankadeildinni í sumar ásamt fleiri stöðum.



ÞORSTEINN GUNNARSSON Þorsteinn spáir Argentínumönnum sigri á HM.

<p>FRUMSÝNING</p> <p>S.O.S.</p> <p>POSEIDON</p> <p>HALTU NIÐRI Í ÞER ANDANUM. MÖGNUD SPENNA FRÁ BYRJUN TIL ENDA.</p> <p>ÁLFABAKKA</p> <table border="1"> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 3:40-5:50-8-10:10</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>POSEIDON VIP</td><td>KL. 3:40-5:50-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>X-MEN 3</td><td>KL. 3:30-5:45-8-10:20</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>AMERICAN DREAMZ</td><td>KL. 3:30-5:45-8-10:20</td><td></td></tr> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 3:40-5:50</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 3:40-6-8-10:30</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>SCARY MOVIE 4</td><td>KL. 8:15-10:10</td><td>B.I. 10</td></tr> </table> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p>	POSEIDON	KL. 3:40-5:50-8-10:10	B.I. 14	POSEIDON VIP	KL. 3:40-5:50-8-10:10		X-MEN 3	KL. 3:30-5:45-8-10:20	B.I. 12	AMERICAN DREAMZ	KL. 3:30-5:45-8-10:20		THE SHAGGY DOG	KL. 3:40-5:50		MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3:40-6-8-10:30	B.I. 14	SCARY MOVIE 4	KL. 8:15-10:10	B.I. 10	<p>MED HVERJUM HELDUR ÞÚ?</p> <p>X-MEN THE LAST STAND</p> <p>Frá leikstjóra <i>American Pie</i> & <i>Abner</i> á <i>Bing</i></p> <p>KEFLAVÍK</p> <table border="1"> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 8-10</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>X-MEN 3</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>THE DA VINCI CODE</td><td>KL. 10:10</td><td>B.I. 14</td></tr> </table> <p>AKUREYRI</p> <table border="1"> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 6-8-10</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>AMERICAN DREAMZ</td><td>KL. 6-8</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 14</td></tr> </table> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	POSEIDON	KL. 8-10	B.I. 14	X-MEN 3	KL. 8	B.I. 12	THE DA VINCI CODE	KL. 10:10	B.I. 14	POSEIDON	KL. 6-8-10	B.I. 14	AMERICAN DREAMZ	KL. 6-8		MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 10	B.I. 14	<p>V.J.V. - TOPP5.IS</p> <p>J.P.P. Blaðið</p> <p>FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALIAS OG LÓSTI</p> <p>M:I-III</p> <p>ADGERÐIN ER HAFIN</p> <p>KRINGLUNNI</p> <table border="1"> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 6-8-10:10</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>AMERICAN DREAMZ</td><td>KL. 8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 8-10:30</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>SHAGGY DOG</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>SCARY MOVIE 4</td><td>KL. 6</td><td>B.I. 10</td></tr> </table> <p>SÝNDAR Í STAFRENNI ÚTGÁFU. MYND OG HLIÓÐ</p> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	POSEIDON	KL. 6-8-10:10	B.I. 14	AMERICAN DREAMZ	KL. 8-10:10		MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:30	B.I. 14	SHAGGY DOG	KL. 6		SCARY MOVIE 4	KL. 6	B.I. 10	<p>S.O.S.</p> <p>POSEIDON</p> <p>THE DA VINCI CODE</p> <p>LECTIO SANGLIÐRANG</p> <p>HÁSKÓLABÍÓ</p> <table border="1"> <tr><td>POSEIDON</td><td>KL. 7-9-11</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>THE DA VINCI CODE</td><td>KL. 6-8-10</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 6-8</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 5:30-8-10</td><td>B.I. 14</td></tr> </table> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>	POSEIDON	KL. 7-9-11	B.I. 14	THE DA VINCI CODE	KL. 6-8-10	B.I. 14	THE SHAGGY DOG	KL. 6-8		MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10	B.I. 14
POSEIDON	KL. 3:40-5:50-8-10:10	B.I. 14																																																																			
POSEIDON VIP	KL. 3:40-5:50-8-10:10																																																																				
X-MEN 3	KL. 3:30-5:45-8-10:20	B.I. 12																																																																			
AMERICAN DREAMZ	KL. 3:30-5:45-8-10:20																																																																				
THE SHAGGY DOG	KL. 3:40-5:50																																																																				
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3:40-6-8-10:30	B.I. 14																																																																			
SCARY MOVIE 4	KL. 8:15-10:10	B.I. 10																																																																			
POSEIDON	KL. 8-10	B.I. 14																																																																			
X-MEN 3	KL. 8	B.I. 12																																																																			
THE DA VINCI CODE	KL. 10:10	B.I. 14																																																																			
POSEIDON	KL. 6-8-10	B.I. 14																																																																			
AMERICAN DREAMZ	KL. 6-8																																																																				
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 10	B.I. 14																																																																			
POSEIDON	KL. 6-8-10:10	B.I. 14																																																																			
AMERICAN DREAMZ	KL. 8-10:10																																																																				
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:30	B.I. 14																																																																			
SHAGGY DOG	KL. 6																																																																				
SCARY MOVIE 4	KL. 6	B.I. 10																																																																			
POSEIDON	KL. 7-9-11	B.I. 14																																																																			
THE DA VINCI CODE	KL. 6-8-10	B.I. 14																																																																			
THE SHAGGY DOG	KL. 6-8																																																																				
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10	B.I. 14																																																																			

Pottþéttur hasarpakki

KVIKMYNDIR

[UMFJÖLLUN]

Ljúft líf farþeganna um borð í hinu glæsilega og risavaxna skemmtiferðaskipi Poseidon breytist í martröð á fyrstu mínútum nýs árs þegar kynngimögnuð flóðbylgja hvolfir skipinu með þeim afleiðingum að meirihluti þrúðbúinna gesta áramótafagnaðar um borð ferst á skelfilegan hátt. Þær órfáu og mjög svo ólíku manneskjur sem halda lífi og línum í veltingnum þurfa að snúa bökum saman og rekja sig í gegnum skipið sem breyst hefur í flókið völuandahús á hvolfi. Tíminn er naumur þar sem skipið fyllist af vatni þar sem það marar á miðju Atlantshafi með skrokkinn upp í loftið og mun óhjákvæmilega hverfa í hlyðþið með manni og mús.

Hinn mjög svo mistæki leikstjóri Wolfgang Petersen skilar hér góðu dagsverki og Poseidon er hörkufin stórslysmynd sem stendur undir öllum væntingum sem hægt er að gera til mynda af þessu tagi. Magnaðar tæknibrellur gera skipsskaðann mjög tilkomumikinn og eins stórslysamyndalögmálið gerir ráð fyrir fáum við að horfa á nokkur hundruð saklausar hræður farast á skelfilegan hátt, drukkna, kremjast undir braki sem er á fleygiferð, brenna og stikna þegar eldur brýst út og rafmagnskaplar dingla yfir

brimsöltu og blóðlituðu vatninu. Þeir sem lifa djöfulganginn hafa síðan ekkert ráðrúm til þess að gráta Björn bónda og alla hina. Líf þeirra hangir enn á bláþræði og samkvæmt áður nefndu lögmáli munu einhver þeirra geispa gólu áður en yfir líkur.

Petersen tekst að halda spennunni gangandi alveg frá því skipinu hvolfir og keyrslan er slík að áhorfendum gefst varla tækifæri til þess að draga andann eða hugsa um annað en lífsbaráttu aðalpersónanna. Poseidon er orðin ein allsherjar dauðagildra og hvert áfallið dýnur á eftirlifendunum með svo reglulegu millibili að það er ekki annað hægt en að gleyma sér algerlega og verða meðvirkur blessuðu fólkinu sem virðist sér enga björg geta veitt. Það er sérstaklega vel til fundið hjá Petersen að eyða ekki of miklum tíma í að kynna lykilpersónurnar til leiks áður en ósköpin dýnja yfir. Sá hvítleiði vani gerir það oftast en ekki að verkum að myndir í ætt við þessa verða full langar og ekki síður langdregnar. Petersen lætur ósköpin dýnja yfir við fyrsta tækifæri og tekst því að skila af sér hörkuspennandi og fullnægjandi 99 mínútna hasarpakka. Þrátt fyrir hraðsuðuna tekst honum samt að byggja upp samúð með persónunum og það er ekki langt liðið á myndinni þegar manni fer að þykja vænt um blessað



POSEIDON
LEIKSTJÓRI: WOLFGANG PETERSEN

Aðalhlutverk: Kurt Russell, Josh Lucas og Richard Dreyfuss
Niðurstaða: Poseidon er ferskur andblær fyrir þá sem sofnuðu yfir The Da Vinci Code og eru orðnir leiðir á ofurhetjumyndunum sem munu drottna yfir bíósumrinu.

fólkið og gera sér vonir að sem flestir muni aftur líta dagsins ljós.

Gamla kempan Kurt Russell leiðir hópinn og skilar sínu vel að vanda enda traustur og reyndur hasarmyndajaxl með mannlega taug. Heiðursmaðurinn og eðalleikarinn Richard Dreyfuss ber hins vegar af öllum öðrum og lyftir leikhópnum á æðra plan í hlutverki samkynhneigs og auðugs arkitekts sem er í sjálfsmorðshugleiðingum þar til hann horfist í augu við dauðann í flóðbylgjunni og gerir í framhaldinu allt til að bjarga sjálfum sér og öðrum.

Poseidon er ánægjuleg tilbreyting frá risastórum ofurhetjumyndum, seigdrepani Da Vinci skrímslinu og framhaldsmyndum sem munu drottna yfir bíósumrinu árið 2006. Allir í bátana og ekki missa af Poseidon!
Þórarinn Þórarinnsson

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

3 4 5 6 7 8 9

Þriðjudagur

LEIKLIST

- 14.00 Sýning **Brúðubilsins** á brúðuleikritinu **Duddurnar hans Lilla** í **Árbæjarsafni**.
- 20.00 **Unglingadeild Leikfélags Kópavogs** sýnir leikritið **Dans** eftir **Hrundi Ólafsdóttur** sem jafnframt leikstýrir verkinu. Aðstoðarleikstjóri er **Arnar Ingvarsson**.
- 20.00 Leikkonan **Edda Björgvinsdóttir** sýnir harmskoplega einleikinn **Alveg brilljant skilnað** á **Vopnafirði**.

FYRIRLESTRAR

- 12.00 Bandaríski sálgeirinn **Dr. Alan Roland** fjallar um sálgreiningu í ólíkum menningarheimum í **Odda**, stofu 101.
- 20.00 **Tangókvöld í Iðná**. Leiðbeinendur á staðnum og **Tangósvéit lýðveldisins** stíga á svið kl. 21.

DANSLIST

- 20.00 **Tangókvöld í Iðná**. Leiðbeinendur á staðnum og **Tangósvéit lýðveldisins** stíga á svið kl. 21.

Margar gerðir af

Ljóssum!

RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

Safðu þér góðan tíma!

– bruggaður úr íslensku byggi

léttbjór

9. hver vinnur!

ÞÚ ÞARFT EKKI AÐ VERA STÓR TIL AÐ BJARGA HEIMINUM!

Sendu SMS skeytið BTC LKF á 1900.

Þú gætir unnið!

Aðalvinningur er DVD spilari og litli kjullinn á DVD

Aukavinningar eru: Litli Kjullinn á DVD • Pepsi kippur
Fullt af öðrum DVD myndum og margt fleira

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið. Þú fær 5 mín til að svara spurningu.



Stelpurnar úr leik

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta tapaði um helgina fyrir Makedóníu 27-24 í seinni leik liðanna í undankeppni fyrir EM. Leikið var ytra en Makedónía vann einnig leikinn hér á landi og samtals átta marka sigur í einvíginu. Íslensku stelpurnar komast því ekki á EM.

sport
sport@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: STANLAUSIR ORÐRÓMAR UM FRAMTÍÐ KAPPANS HALDA ÁFRAM

Í fríu á Spáni í sögunni endalaus

Ekki ber saman sögunum sem dagblöð á Spáni og Englandi prenta þessa dagana. El Mundo Deportivo, blað sem gefið er út í Barcelona, fullyrti í gær að Spánar- og Evrópumeistararnir hefðu þegar boðið Eiði Smára Guðjohnsen samning sem hljóðar upp á 3,2 milljónir evra á ári. Eiður Smári er reyndar staddur á Spáni þessa dagana en hann dvelst þar í sumarfríi og er ekki nálægt Katalóníuhéraði og er því ekki í neinum viðræðum við nein lið um þessar mundir. Einnig hefur heyrst af áhuga Real Madrid á landsliðsfyrirliðanum, hugsanlega í skiptum fyrir Roberto Carlos, en nánast engar líkur eru taldar á því að úr því verði. The Daily Mail fullyrðir aftur á móti að Sir Alex Ferguson sé staðráðinn í því að klófesta Eið, sem

talinn er hafa meiri áhuga á því að vera áfram í ensku úrvalsdeildinni en að flytja búferlum til Spánar. Blaðamaður The Daily Mail sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði mjög áreiðanlegar heimildir fyrir þessu. Breska blaðið segir að kaupverðið sé um átta milljónir punda og að Ferguson sjái Eið fyrir sér sem framliggjandi miðjumann. Hann myndi passa vel í stöðu Paul Scholes, sem á við erfiðan augnsjúkdóm að stríða.

Eiður Smári mun væntanlega sætta sig við að yfirgefa herbúðir Englandsmestaranna eftir farsælan feril hjá félaginu. Eggert Skúlason, upplýsingafulltrúi Eiðs Smára, tjáði Fréttablaðinu það í gær að Eiður vonaðist til þess að málin myndu skýrast í þessari viku, en engar formlegar viðræður hefðu átt sér stað á milli neinna liða og Chelsea. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Arnór Guðjohnsen, föður og umboðsmann Eiðs Smára, í gær.



> Guðmundur varði titilinn

Guðmundur Stephensen varði um helgina titil sinn í einliðaleik karla á Norður-Evrópumótinu í borðtennis. Guðmundur bar sigurorð af Lukas Ryden frá Svíþjóð 4-1 í úrslitaleik sem fram fór í TBR-húsinu. Í undanúrslitum sigraði Guðmundur hinn danska Christoffer Petersen örugglega. Guðmundur og Ryden voru hins vegar samherjar í tvíliðaleiknum en dattu út í undanúrslitum. Í einliðaleik kvenna var það Lina Misikonkyte frá Litháen sem vann gullið.



SKORABÍ Ásthildur Helgadóttir skoraði síðara mark Malmö.

Sænski kvennaboltinn:

Eitt mark hjá Ásthildi

FÓTBOLTI Ásthildur Helgadóttir skorað annað mark sænska liðsins Malmö FF sem vann Balinge 2-0 á útivelli á sunnudaginn. Nú er sjö umferðum lokið í deildinni og er Malmö í fjórða sætinu með ellefu stig en Umeå trjónir á toppi deildarinnar með níttján stig.

Dóra Stefánsdóttir leikur einnig með Malmö. Erla Steina Arnardóttir og lið hennar Mallbacken tapaði fyrir Gautaborg og er í fimnda sæti deildarinnar með sex stig.

- egm

Svart varð enn svartara hjá ÍA

Skagamenn eru enn án stiga í Landsbankadeildinni eftir fimmta tapið í röð og nú á heimavelli gegn Fylki, 1-0. Það er ljóst að einhverra stórtækra aðgerða er þörf á Akranesi.

FÓTBOLTI Skagamenn eru enn án stiga í botnsæti Landsbankadeildar karla eftir 0-1 tap fyrir Fylki á heimavelli sínum á Akranesi í gær. Páll Einarsson skoraði eina mark leiksins með skalla eftir hornspyrnu á 20. mínútu leiksins. Fylkismenn höfðu öll tók á leiknum í fyrri hálfleik og héldu síðan út gegn stórsókn Skagamanna í seinni hálfleik.

„Það er lítið hægt að segja, það dettur bara ekkert með okkur,“ sagði svekktur Ólafur Þórðarson, þjálfari Skagamanna, eftir leikinn. „Ef við ætlum ekki að falla þá verða hlutirnir að fara að detta. Fylkismennirnir skora upp úr því að við mætum ekki nægilega stemmdir til leiks. Við vinnum ágætlega inn í leikinn og mér fannst við eiga seinni hálfleikinn gjörsamlega. Sjálfstraustið er

nánast horfið úr liðinu og það vita allir sem hafa upplifað að lenda í svona hrinu að þá verða allir hlutir erfiðir. Það þurfa allir að leggja allt í sölnar. Það er eina leiðin að menn snúi bökum saman og reyni að vinna sig út úr þessu. Það þýðir ekkert að gefast upp því þá gætum við alveg klárað þessa deild strax og hætt,“ sagði Ólafur að lokum.

Bjarki Gunnlaugsson spilaði sinn fyrsta leik með Skagamönnum og var í byrjunarliðinu ásamt þeim Arnari bróður sínum og þeim Bjarna og Þórði Guðjónssonum. Það entist þó ekki lengi því eftir tuttugu mínútna leik var Þórður farinn út af meiddur. Það ætlar ekki að ganga vel hjá honum að snúa aftur í íslenska boltann. Enn á ný voru það meiðsli aftan í læri sem voru að hrjá hann.

Fylkismenn voru greinilega mættir upp á Skaga til að sækja öll þrjú stigin í boði. Þeir mættu með sóknjarft lið og voru fljótir að taka völdin á miðjunni. Ólafur Stígsson var akkerið á miðjunni sem Skagamenn áttu ekki svar við.

Fylkispressan jókst stöðugt og það fór síðan þannig að Páll Einarsson kom Fylki yfir með skalla eftir hornspyrnu Peter Gravesen. Skömmu áður hafði Christian Christiansen átti skot í slána.

Skagamenn áttu góða spretti í seinni hálfleik en tókst ekki að skora. Leikur liðsins var þó allt annar og betri og munaði þar miklu að Bjarki Gunnlaugsson var kominn í gang og farinn að búa til góð færi fyrir bæði sig og aðra



ÞUNGU HUGSI Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, hefur um nóg að hugsa þessa dagana enda ÍA tapað fimm leikjum í röð. Hann fór þó ekki að dæmi forsætisráðherra í gær og sagði af sér.

Skagamenn. Sókn Skagamanna var stöðug allan hálfleikinn, Fylkismenn dattu aftur á völinni og beittu skyndisóknum en gátu vissulega talist heppnir að Skagamenn náðu ekki að jafna leikinn. Skyndisóknir Árbæinga gátu reyndar líka skilað mörkum en svo fór að mark Páls Einarssonar var það sem skildi á milli liðanna.

„Þetta var sigur og það eru víst mörkin sem telja í þessu,“ sagði hetja Fylkismanna, Páll Einarsson. „Við mættum grimmir og

pressuðum þá hátt á vellinum. Fyrri hálfleikur var mjög góður hjá okkur og við sköpuðum okkur mörg færi en þetta var síðan barningur í seinni hálfleik þar sem þeir komu grimmir.“

Ólafur Stígsson lék sinn fyrsta heila leik á tímabilinu og var sáttur í leikslok. „Þetta var snilld enda ekki oft sem maður vinnur herna uppi á Skaga. Ég er mjög þreyttur en þetta er bara það sem þarf, að komast í smá leikæfingu,“ sagði Ólafur.

- óóó

Grindavík og ÍBV skildu jöfn í bragðdaufum leik suður með sjó:

Steindautt og markalaust í Grindavík

FÓTBOLTI Leikur Grindavíkur og ÍBV er ekki á leiðinni í sögubækurnar fyrir skemmtanagildi en baráttan var í hávegum höfð á Grindavíkurvelli í gær. Jóhann Þórhallsson fékk bestu færi fyrri hálfleiks þegar hann slapp einn í gegn en Hrafn Davíðsson sá við honum, auk þess sem Jóhann átti svo skot í stöngina.

Leikurinn var í leiðinlegri kantinum og baráttan einkenndi leikmenn sem gerðu sitt besta í að skemmta áhorfendum, en fórst verkefnið illa úr hendi. Grindavíkingar voru meira með boltann en gekk illa að finna sér almennileg færi þar sem varnarmúr ÍBV var þéttur fyrir.

Hjá Eyjamönnum var það

einna helst nýjasti liðsmaðurinn, danski framherjinn Ulrik Drost, sem sýndi góða takta en hann var mjög sprækur í framlínunni og ollu usla í Grindavíkurvörninni. Þrátt fyrir að vera kvótabær mikill var sóknarleikur Vestmannaeyinga alls ekki upp á marga fiska.

Síðari hálfleikur var svipaður og sá fyrri, einkenndist af baráttu og leiðinlegri knattspyrnu. Bæði lið fengu þó dauðafæri en varð ekki til happs að skora og steindautt jafntefli var niðurstaðan í Grindavík. Það bar helst á góma í daufum síðari hálfleik að Hrafn bjargaði Eyjamönnum vel í þringang.

„Það er oft sagt um makalusa

leiki að þeir séu leiðinlegir en herna var mikið undir og þá fara leikirnir oft á þennan veg. Við lögðum okkur virkilega fram og áttum klárlega skilið eitt stig út úr leiknum,“ sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, eftir leikinn. „Ég var ánægður með leik minna manna og vinnuframlagið var til fyrirmyndar. Það er frábært að fá stig í Grindavík eftir þrjá tapleiki í röð og það sýnir að við erum hvergi nærri hættir. Við þurfum bara smá sjálfstraust og það er erfitt þegar maður lendir í taphrinu, en þá er bara að setja kassann út og berjast áfram fyrir stigunum,“ sagði Guðlaugur.

- hþ

STJÖRNUGOLF 2006

Styrktarmót þriðjudaginn 13. júní í Grafarholtinu til styrktar Umhyggju, félags langveikra barna.

FYRIRKOMULAG er Texas scramble þar sem báðir kyllingar stá upphafshögg og spila betri bolta.

FORGJÖF Hámarks vallarforgjóf fyrir hver leikmann er 28 högg. Forgjóf samherja verður lögð saman og deilt með 4 til að fá leikforgjóf liðs.

RÆSING Ræst verður samtímis af öllum teigum kl. 9:00. Mæting kl. 8:00 og verður morgunverður í boði fyrir keppendur.

VINNINGAR: Glæslegir ferðavinningar frá Icelandair fyrir efstu sætin auk fjölda annarra vinninga

Þátttökugjald er 50.000,- kr. Innifalið í þátttökugjaldi er þátttökuréttur fyrir eitt tveggja manna lið, teiggjöf, morgunmatur og glæsilegt hlaðborð að móti loknu ásamt verðlaunaafhendingu.

Hægt er að skrá sig á stjornugolf@vtsir.is
Frekari upplýsingar um mótið er hægt að fá í símunum: 845-7588 og 662-8088

Hole in One
UMHYGGJA
BONUS
ICELANDAIR
Örtur
Ód

ÞÝSKALAND 14 SINNUM

0-1

ÍA Fylkir

Akranesvöllur. Áhorf: 1153 Eyjólfur Kristinsson (7)

0-1 Páll Einarsson (20.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-15 (4-8)
Varin skot	Bjarki 6 - Fjalari 3
Horn	12-7
Aukaspjrnur fengnar	10-16
Rangstöður	1-2

ÍA 4-3-3	FYLKIR 4-4-2
Bjarki Freyr 6	Fjalari 7
Guðjón Heiðar 6	Jens Elvar 5
Árni Thor 5	Guðni Rúnar 6
Heimir Einars. 6	Ragnar 6
Pálmi Haralds. 4	Gravesen 7
Bjarni Guðjóns. 6	Páll Einars. 7
Igor Pesic 4	*Ólafur Stígs. 7
Þórður Guðjóns. 5	Eyjólfur Héðins. 6
(21. Dean Martin 4)	Björn Víðar 5
Bjarki Gunnlaugs. 7	(77. Albert -)
Hálfþór Egir 3	Haukur Ingi 6
(72. Jón Vilhelm -)	(46. Jón Björgvin 6)
Arnar Gunnlaugs. 5	Sævar Þór -
(77. Hjörtur -)	(9. Christiansen 6)

**Maður leiksins*

0-0

Grindavík IBV

Grindavíkuvöllur. Áhorf: 753 Egill M. Markússon (5)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14-14 (7-6)
Varin skot	Stewart 6 - Hrafn 5
Horn	4-3
Aukaspjrnur fengnar	15-16
Rangstöður	2-0

GRINDA. 4-3-3	ÍBV 4-5-1
Stewart 4	*Hrafn Davíðs. 7
Kristján Vald. 6	Matt Garner 3
Hannah 6	(66. Anton Bjarna 5)
Óðinn Árna. 7	Vorenkamp 4
Paul McShane 5	Páll Hjarðar 6
Óskar Órn 7	Jonah Long 5
(85. Orri Freyr -)	Atli Jóhanns. 6
Guðmundur Andri 4	Bjarni Geir 4
(63. Ahandour 6)	Andri Ólaf. 4
Eysteinn Húni 6	Mwesigwa 6
Óli Stefán 6	Pétur Runólf. 4
Sinisa Kekic 6	(80. Lundbye -)
(76. Andri Steinn -)	Ulrik Dröst 7
Jóhann Þórhall. 7	

**Maður leiksins*

3-1

Víkingur Valur

Víkinguvöllur. Áhorf: 1431 Kristinn Jakobsson (8)

1-0 Davíð Þór Rúnarsson (18.)
 1-1 Pálmi Rafn Pálmason (58.)
 2-1 Viktor Bjarki Arnarsson, víti (75.)
 3-1 Davíð Þór Rúnarsson (82.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-11 (5-7)
Varin skot	Ingvar 3 - Kjartan 1
Horn	6-5
Aukaspjrnur fengnar	12-9
Rangstöður	0-2

VÍK. 4-3-3	VALUR 4-3-3
Ingvar Kale 5	Kjartan Sturlu. 5
Höskuldur Eir. 6	Steinþór Gísla. 3
Grétar Sigfinnur 6	Valur Fannar 6
Glogovac 7	(80. Barry Smith -)
Valur Úlfars. 5	Atli Sveinn 4
(65. Stefán Kári 5)	Birkir Már 6
Jón Guðbrands. 5	Kristinn Hafliða. 5
Jökull Elisabetar. 6	Pálmi Rafn 6
*Viktor Bjarki 8	Baldur Ingimar 4
Hörður Bjarnason 5	(82. Ari Freyr -)
Arnar Jón 7	Matthias 5
Davíð Þór Rúnar. 8	Garðar Gunnlaugs. 3
(88. Perry -)	Guðmundur Ben. 5
	(82. Spangsborg -)

**Maður leiksins*



Vertu með á miðjunni!

Gerðu sófann þinn að stúku á HM
 Með stórum flatskjá færðu betri yfirsýn yfir leikina, en innbyggðir hátalarar ná ekki að skila spennunni og stemningunni á vellanum. Yamaha YSP-1000 og YSP-800 hátalarar leysa það fullkomlega. Allt í einu boxi en samt fjölrása hljóðkerfi. Komdu í Hátækni og hlustaðu, tilfinningin er ólýsanleg.



Þú þarft ekki að leggja snúror um alla stofuna til að fá gott hljóð!

d-cinema

H
Hátækni

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

Í VIKU Í SUMAR

HM-LEIKURINN

Taktu þátt í Stóra-HM leiknum á www.icelandair.is og þú gætir komist á leik á HM.



Stórleikur í kvennaboltanum:

Valsstúlkur með fullt hús

FÓTBOLTI Valsstúlkur eru einar í efsta sæti í Landsbankadeild kvenna eftir að hafa unnið öruggan sigur, 4-1, á Breiðablik í toppslag á Valbjarnarvelli á laugardaginn. Sigurinn var mjög öruggur enda var Valsliðið mun sterkara í leiknum. Rákel Logadóttir skoraði tvö fyrstu mörkin en á lokamínútu fyrri hálfleiks minnkaði Greta Mjöll Samúelsdóttir muninn.

Málfríður Erna Sigurðardóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir bættu við mörkum í seinni hálfleiknum og Valur hefur nú skorað samtals 26 mörk í fjórum fyrstu umferðunum, aðeins fengið á sig eitt mark og er með fullt hús stiga.

- egm

Arnór Atlason væntanlega á förum frá Magdeburg í Þýskalandi:

Semur líklega við FCK í Kaupmannahöfn

HANDBOLTI Landsliðsmaðurinn Arnór Atlason mun væntanlega skrifa undir samning við danska úrvalsdeildarfélagið FCK í vikunni. Arnór er með tilboð frá danska félaginu sem og frá þýska úrvalsdeildarfélaginu Düsseldorf, sem Markús Máni Michaelsson er að yfirgefa, og hann hallast að því að FCK verði fyrir valinu.

„Ég reikna með að lenda í Kaupmannahöfn en það er samt ekki rétt sem hefur verið sagt að ég sé búinn að skrifa undir hjá félaginu og hafna Düsseldorf,“ sagði Arnór við Fréttablaðið í gær. „Ég er að velta þessu fyrir mér og líklega en ella að ég loki þessu



ARNÓR ATLASON Yfirgefur herbúðir Magdeburg fljótlega og flyst væntanlega yfir til Danmerkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

fyrir helgina. Það er stígmunur á þessum félögum. FCK kemur til með að berjast um titla á næstu árum og taka þátt í Evrópukeppni á meðan Düsseldorf verður líklega í neðri hlutanum. Ég er með ágætis tilboð en það er ekki aðalmálið heldur að vera í góðu félagi þar sem keppt er um titla á hverju ári og vel haldið utan um hlutina.“

FCK ætlar sér stóra hluti á næstu árum og hefur félagið verið að sanka að sér leikmönnum síðustu vikur enda búið að setja mun meiri pening í félagið en áður. Félagið ætlar sér sigur í dönsku deildinni næsta vetur og að fara langt í Evrópukeppninni.

- hbg



VÍTI NÚMER EITT Daði Lárusson ver hér fyrra vítið sitt gegn Keflavík í gær en það var Guðmundur Steinarsson sem tók fyrri spyrnuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Daði sá um Keflvíkinga

Daði Lárusson, markvörður FH, átti stórleik gegn Keflavík og varði meðal annars tvær vítaspyrnur og þá síðari í uppbótartíma. FH hefur nú unnið alla fimm leiki sína í Landsbankadeildinni til þessa og virkar óstöðvandi.

FÓTBOLTI „Ég er bara alveg þrælsáttur við að hafa náð að leggja Keflvíkinga. Þeir eru með hörkulið en þetta datt einfaldlega ekki þeirra megin, við vorum oft á tíðum algjörlega á hælunum en ég held að hin margumtalaða meistaraheppni hafi verið til staðar. Ég trúi því að hún sé til og hafi verið með okkur,“ sagði Daði Lárusson, markvörður FH, en hann var hetja liðsins í gær og varði tvær vítaspyrnur þegar tvö efstu lið deildarinnar áttust við í Kaplakrika. Sú síðari kom í uppbótartíma og hefði getað tryggt Keflavík stig en bjargvætturinn Þórarinn Kristjánsson stóð ekki undir nafni.

FH-ingar komust yfir á átjándu mínútu eftir fyrstu alvöru skórn sína í leiknum. Baldur Bett átti hörkuskot af löngu færi sem Ómar Jóhannsson varði vel og sló boltann út en í kjölfarið átti Sigurvin Ólafsson sendingu sem fór í Jónas Guðna Sævarsson, miðjumann Keflvíkinga. Slyslegt sjálfsmark en Jónas var við enda vítateigsins og af honum fór boltinn í boga yfir Ómar í markinu og efst í fjær-

hornið. Svekkjandi fyrir gestina, sem höfðu verið sprækari ef eitthvað var í byrjun leiksins.

Tíu mínútum eftir þetta mark áttu Keflvíkingar góða skórn sem endaði með því að þeir fengu vítaspyrnu eftir að réttilega var dæmd hendi innan vítateigs á bakvörðinn Frey Bjarnason. Guðmundur Steinarsson, fyrirlíði Keflavíkur, fór á punktin en Daði Lárusson, sem átti mjög góðan leik í gær, varði spyrnuna vel. Gestirnir áttu síðan nokkrar ágætis skórnir fyrir leikhlé en ekki tókst þeim að skora og héldu svekkir til búningsherbergja.

Eftir sjö mínútna leik í seinni hálfleik bætti FH við öðru marki, Atli Viðar Björnsson gerði vel og skoraði. Eftir þetta var mjög rölegt yfir leiknum og leit út sem gestirnir væru búnir að jata sig sigraða. En svo var aldeilis ekki og um miðjan hálfleikinn fundu þeir taktinn á ný. Guðmundur Mete átti ágætis skalla eftir fyrirgjöf frá Daniel Severino sem Daði náði að verja, en Severino átti oft góða spretti í leiknum. Þórarinn náði síðan að minnka muninn eftir

að hafa komið inn sem varamaður en hann náði að læða fyrirgjöf í netið með viðkomu í Frey Bjarnasyni. Hann hefur ekkert leikið síðan í fyrstu umferð vegna meiðsla en fékk svo sannarlega tækifæri til að vera hetja leiksins þegar þrjár mínútur voru komnar yfir venjulegan leiktíma.

Þórarinn fór á punktin eftir að brotið var á Færeyingnum Simuni Samuelsen innan teigs en aftur náði Daði að verja og skömmu síðar flautaði Jóhannes Valgeirsson til leiksloka. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég næ að verja tvær vítaspyrnur í leik og það er ekki leiðinlegt, þó maður nái því svona fyrst á gamals aldri,“ sagði Daði. Enn eru FH-ingar með fullt hús stiga í deildinni þó að liðið virðist enn ekki almennilega komið í gang. Það er erfitt að sjá að eitthvað lið eigi að ná að veita FH-ingum alvöru samkeppni á tímabilinu og er allt útlit fyrir þriðja titil þeirra í röð. Keflavík er með gott lið og voru Suðurnesjamenn ekki verra liðið á vellinum í gær, en herslumuninn vantaði.

elvar@frettabladid.is



Kaplakrikav. Áhorf: 2162 Jóhannes Valgeirsson (7)

1-0 Jónas Guðni Sævarsson, sjm (19.)
2-0 Atli Viðar Björnsson (53.)
2-1 Frey Bjarnason, sjm (69.)

TÖLFRÆÐIN	
Skot (á mark)	9-12 (4-8)
Varin skot	Daði 7 - Ómar 3
Horn	1-4
Aukaspyrnur fengnar	9-10
Rangstöður	2-1

FH 4-3-3	KEFLAVÍK 4-4-2
*Daði Lárusson 8	Ómar Jóhannsson 6
Frey Bjarnason 7	Guðjón Árni 6
Ásgeir Gunnar 6	Guðm. Mete 7
Ármann Smári 7	Baldur Sig. 6
Guðm. Sævars. 7	Milicevic 5
Baldur Bett 6	Jónas Guðni 5
Sigurvin Ólafsson 7	Servino 8
Davíð Viðars. 8	(82. Ólafur Jón -)
Tryggvi Guðmunds. 7	Hólmar Örn 6
(81. Matthías -)	Magnús Sverrir 5
Atli Viðar 8	(69. Þórarinn Krist. 6)
(87. Atli Guðna -)	Guðm. Steinars. 6
Allan Dyring 4	Samuelsen 7
(33. Ólafur Páll 7)	

*Maður leiksins

STADAN Í LANDSBANKAÐEILDINN

1. FH	5	5	0	0	11-3	15
2. FYLKIR	5	3	0	2	6-4	9
3. VÍKINGUR	5	3	0	2	9-9	9
4. GRINDAVÍK	5	2	2	1	8-7	8
5. KEFLAVÍK	5	2	1	2	7-5	7
6. BREIÐABLIK	4	2	0	2	9-9	6
7. VALUR	5	2	0	3	7-8	6
8. KR	4	2	0	2	3-7	6
9. ÍBV	5	1	1	3	3-9	4
10. ÍA	5	0	0	5	5-10	0



MARKASÚPA Í VETUR Guðjón Valur Sigurðsson kokkaði markasúpu ofan í Þjóðverja í vetur.

Þýski handboltinn:

Guðjón bestur í Þýskalandi

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson var í gærkvöldi útnefndur besti leikmaður þýsku úrvalsdeildarinnar en hann var jafnframt markahæsti leikmaður þessarar sterkstu deildar heims.

Lokaumferðin fór fram á sunnudag og voru sjö Íslendingar í eldlnunni. Kiel vann Gummersbach 31-29 en liðið tapaði ekki einum einasta heimaleik á tímabilinu. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sjö mörk og Róbert Gunnarsson fimm fyrir Gummersbach.

Alexander Peterson var í miklum ham og skoraði tíu mörk fyrir Grosswallstadt og Einar Hólmgeirsson fjögur þegar liðið sigraði Lemgo, 29-27. Logi Geirsson skoraði tvö mörk fyrir Lemgo. Magdeburg vann Minden 30-27, Arnór Atlason skoraði eitt mark fyrir Magdeburg og Snorri Steinn Guðjónsson eitt fyrir Minden. Kiel varð efst í deildinni með 62 stig en Flensburg í öðru með 55 stig. Þar á eftir komu Gummersbach, Magdeburg og svo Lemgo.

- egm

Víkingar á mikilli siglingu í Landsbankadeildinni:

Baráttusigur gegn Val í Víkinni

FÓTBOLTI „Við erum núna búnir að vinna þrjá leiki í röð og við vitum að við eigum möguleika gegn öllum liðunum í deildinni ef við spilum eins og við getum. Hvað sjálfan mig varðar þá hef ég gaman að þessu og mórallinn í liðinu er góður og það hjálpar,“ sagði Arnar Jón Sigurgeirsson eftir góðan sigur á Val í gær en hann hefur spilað vel það sem af er Landsbankadeildinni.

Það verður seint sagt að sigurinn hafi verið öruggur því Valsmenn voru sterkari aðilinn lengi vel en að því er ekki spurt, það voru heimamenn sem fóru með sigur af hólmi.

Gestirnir voru sterkari til að byrja með en Víkingar unnu sig smám saman inn í leikinn. Það skilaði loks marki þegar Davíð Þór Rúnarsson skoraði eftir góðan undirbúning Viktors



VÍLFJAR KLAUFAR Willum þjálfari Vals greip oft um höfuð sér í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Bjarka Arnarssonar. Fyrri hálfleikur var frekar tíðindalítil en Kjartan Sturluson varði hins vegar vel frá Arnari Jóni Sigurgeirssyni undir lok fyrri hálfleiks.

Valsmenn mættu grimmir til leiks í upphafi síðari hálfleiks og fengu tvívegis ákjósanleg tækifæri til að jafna leikinn. Matthías Guðmundsson og Pálmi Rafn

Pálmason fóru illa með góð færi en sá síðarnefnda urðu hins vegar á engin mistök þegar stundarfjórðungur var liðinn af hálfleiknum. Hann jafnaði þá leikinn eftir slæm mistök hjá Ingvari Kale í marki Víkinga.

Nú héldu Valsmönnum engin bönd og Víkingar voru heppnir í tvígang að gestirnir tækju ekki forystuna. Í seinna skiptið fór Guðmundur Benediktsson illa með sannkallað dauðafæri en skot hans fór í stöngina. Það var því þvert gegn gangi leiksins þegar Viktor Bjarki Arnarsson kom Víkingum yfir úr vítaspyrnu eftir að brotið hafði verið á Davíð Þór Rúnarssyni í vítateignum. Eftir þetta var allur vindur úr Valsmönnum og heimamenn gengu á lagið og ráku síðasta naglann í kistu gestanna en það gerði Davíð Þór Rúnarsson.

- gj




LANDSBANKAÐEILDINN



HANN Á AFMÆLI Í DAG!

Íslenskir tónar kynna allar sólóplötur Bubba frá 1980 til 1990 í veglegum afmælisbúningi.



9
AUKALÖG

Ísbjarnarblúas (1980)

- Upprunalega platan + 9 aukalög



6
AUKALÖG

Plágan (1981)

- Upprunalega platan + 6 aukalög



5
AUKALÖG

Fingraför (1983)

- Upprunalega platan + 5 aukalög



9
AUKALÖG

Ný spor (1984)

- Upprunalega platan + 9 aukalög



7
AUKALÖG

Kona (1985)

- Upprunalega platan + 7 aukalög



9
AUKALÖG

Frelsi til sölu (1986)

- Upprunalega platan + 9 aukalög



6
AUKALÖG

Dögum (1987)

- Upprunalega platan + 6 aukalög



9
AUKALÖG

56 (1988)


- Upprunalega platan + 9 aukalög



5
AUKALÖG

Bláir (1988)

- Hluttur Bubba af Bláum draumum + 5 aukalög



5
AUKALÖG

Nóttin langa (1989)

- Upprunalega platan + 5 aukalög



6
AUKALÖG

Sögur af landi (1990)

- Upprunalega platan + 6 aukalög

Tryggðu þér eintak í safnið í næstu verslun



ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„That's life. If nothing else, it's life. It's real, and sometimes it fuckin' hurts, but it's sort of all we have.“

Svar: Sam úr Garden State frá 2004

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON JÁTAR SEKT SÍNA

Ég lét Horatio Caine hverfa

„Rannsóknarlögregluáðurinn Horatio Caine hvarf sporlaust af sjónvarpsskjánum síðastliðinn fimmtudag eftir að hafa verið bæði tilgerðarlegur og leiðinlegur. Horatio hefur að undanfögnu legið undir grun um að eyðileggja sjónvarpsþættina CSI með endalausum klisjum og nú hefur einhver loksins látið til skarar skrifa gegn honum og slökkt á sjónvarpinu. Maður, grunaður um verknaðinn, hefur játað sök í málinu og sagðist hafa fengið upp í kok af ótrúlegum tilburðum rannsóknarlögreglumannsins sem á að vera svo réttisýnn og klókur að það er hreint með ólíkindum að borgaryfirvöld í Miami skuli ekki hafa útnefnt hann sem næsta frelsara.“

Svona myndi frétt í óraunveruleikanum hljóma ef ég fengi einhverju um það ráðið - ég yrði sá seki ef einhver skyldi velkjast í vafa um það. Merkillegt þykir mér að þetta Miami-rusl skuli vera kallað „vinsælasti sjónvarpsþáttur í heimi“. Hlýt að vera svona skelfi-



HORATIO CAINE Hvarf sporlaust af sjónvarpsskjá í Hafnarfirði og mun ekki sjást þar aftur í bráð.

lega smeklaus því Horatio Caine er einhver allra verst löggluforingi sem ég veit um og eru þá endursýningar á Hunter taldar með.


Á fimmtudaginn tók steininn úr. Ég hafði reynt að gefa Caine tækifæri enda mikill áhugamaður um réttarrannsóknir í sjónvarpi. Þvílík og önnur eins klisja. Leikarinn David Caruso fer létt með að dýpka röddina og segja þessar „gullnu“ setningar sem koma á undan öllum auglýsingahléum. „Við skoðum bara þúðuragnirnar á höndunum á þér,“ sagði Horatio, setti upp sólgleraugun og svo búmm, auglýsingahlé sem á að skilja áhorfandann eftir í einhverri spennu. Ég veltist bara um af hlátri. Samstarfsfólk Caine er ekki hótnu skára og stundum liggur við að það gæti séð örverur með berum augum, slíkir eru hæfileikarnir.

CSI: Miami er svartur blettur á CSI-þáttaröðunum og Horatio Caine mun ekki birtast aftur á skjánum hjá hinum grunaða sem tekur því gleði sína ný.



GILMORE GIRLS

▶ 21.15
Drama




STRÁKARNIR

▶ 19.40
Gaman



TÍVOLÍ

▶ 20.30
Gaman



BRÚÐKAUPSÞÁTTURINN JÁ

▶ 21.30
Brúðkaup



KOMPÁS

▶ 20.10
skýringar

SIJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Martha 10.20 My Sweet Fat Valentína 11.10 Missing (18:18)

16.15 Fótboltakvöld 16.40 Út og suður 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Fræknir ferðalangar (39:52) 18.25 Andlit jarðar (2:6)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Supernanny 14.15 Numbers 15.00 Amazing Race 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons

18.30 Gló Magnaða (54:65) (Kim Possible)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Landsleikur í handbolta Bein útsending frá leik karlalandsliða Íslendinga og Dana sem fram fer í Laugardalshöll.

▶ 21.15 Mæðgurnar (14:22) (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingssaldri.

22.00 Tíufréttir

22.20 Lögregluforinginn (1:6) (The Commander II) Breskur sakamálaflakur eftir Lyndu La Plante. Clare Blaker er yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í London sem fær árlaga til rannsóknar 150 mál.

23.10 Dýrahringurinn (6:10) 0.05 Dagskrárlok

18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.

19.00 Ísland í dag

▶ 19.40 Strákarnir Sveppi, Auði, Pétur Jóhann og meðreiðarsveinar þeirra Hugi, Atli og Gunni eru í banastuði um þessar mundir og láta gamminn geisa fjögur kvöld í viku frá mánudegi til fimmtudags.

20.05 Bubbi - live 2006.

23.10 Twenty Four (18:24) (Str. b. börnum) 23.55 Bones (6:22) 0.40 Payback Time (B. börnum) 2.20 Sensitive New-Age Killer 3.45 Sex and Bullets 5.10 Fréttir og Ísland í dag 6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Innlit / útlit (e)

15.40 Everybody Hates Chris (e) 16.10 The O.C. (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Twins (1:18) (e) (Pilot)

20.00 Friends (16:23) (Vínir)

▶ 20.30 Tívoli Dóri DNA mun fara með ýmsa þjóðþekktu einstaklinga á heimaslóðir þeirra þar sem þeir munu leiða okkur í gegnum sín æskuár og segja frá eftirminnilegum atvikum.

21.00 Bernie Mac (9:22) (Droobie Or Not Droobie)

21.30 Supernatural (17:22) (Hell House)

22.20 Titan A.E. Frábær teiknimynd þar sem barátta góðs og ills er í algleymingi.

23.55 Falcon Beach (1:27) (e) 1.25 Fashion Television (e) 1.50 Friends (16:23) (e)

19.00 Beverly Hills Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.

19.45 Melrose Place Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma.

20.30 Whose Wedding is it anyway? Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með fólkinu sem undirbyr brúðkaup ríka og fræga fólksins.

▶ 21.30 Brúðkaupsþátturinn Já Nú er komið að því að Elín María fer í gang í sjöunda árið í röð með Brúðkaupsþátturinn Já. Okkur reiknast til að í sumar verði Ella viðstödd hundradasta brúðkaupið.

22.30 Close to Home

23.20 Jay Leno 0.05 C.S.I. (e) 0.50 Beverly Hills (e) 1.35 Melrose Place (e) 2.20 Östöðvandi tónlist

NFS

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 11.40 Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttaréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttaviðtal. 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin eftir hádegi 17.00 5fréttir 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

19.40 Hrafnaþing Ingva Hrafnar Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

▶ 20.10 Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.

21.00 Fréttir

21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringarþáttur.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnaþing Ingva Hrafnar Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnaþing

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Powerpuff Girls 8.00 On the Line 10.00 The Girl With a Pearl Earring 12.00 Not Without My Daughter 14.00 The Powerpuff Girls 16.00 On the Line 18.00 The Girl With a Pearl Earring 20.00 Not Without My Daughter (e) (Aldrei án dóttur minnar) Betty var gift iröndkum manni, Moody, og fór árið 1984 með honum og dóttur sinni í heimsókn til ættingja hans í Íran. 22.00 In the Bedroom (Í svefnherberginu) Frank Fowler

er kominn heim til foreldra sinna og ætlað er verja sumrinu í Maine eftir viðburðarík ár í framhaldsskóla. Aðalhlutverk: Sissy Spacek, Tom Wilkinson, Nick Stahl, Marisa Tomei. Leikstjóri: Todd Field. 2001. Bönnuð börnum. 0.10 Impostor (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 In the Bedroom (Bönnuð börnum) 4.00 In the Bedroom (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 THS Johnny Depp 15.00 What Hollywood Taught Us About Sex 17.00 Girls of the Playboy Mansion 17.30 Girls of the Playboy Mansion 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Angelina Jolie 20.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 21.00 E! News Special 21.30 Child Star Confidential 22.00 Dr. 90210 23.00 Girls of the Playboy Mansion 23.30 Girls of the Playboy Mansion 0.00 THS Angelina Jolie 1.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 2.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttabútturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



EINSTAKUR
BUBBI LIVE
VIÐBURÐUR

Stöð 2 sýnir beint frá 50 ára afmælistónleikum Bubba Morthens þar sem flutt verður tónlist allt frá fyrstu árunum með Utangarðsmönnum til dagsins í dag. Á þriðja tug tónlistarmanna koma fram á tónleikunum.

BUBBI 06.06.06

Í kvöld kl: 20:00



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Tónleikar Stöð 2 kl. 20.05

Afmælistónleikar Bubba

Þriggja klukkustunda löng bein útsending á Stöð 2 frá afmælistónleikum Bubba Morthens í Laugardalshöll. Þar mun rokkkóngurinn taka öll sín dáðustu lög frá nærri þrjátíu ára löngum ferli. Sannkallaðir risatónleikar í Laugardalshöll undir yfirskriftinni „06.06.06“. Þar hefur verið safnað saman öllum þeim hljómsveitum sem Bubbi hefur starfrækt og komið hafa út plötur með. Þær hljómsveitir sem koma fram eru Utangarðsmenn, Egó, Das Kapital, MX-21 og GCD. Auðvitað má heldur ekki gleyma því að Bubbi kemur að sjálfsgöðu einnig fram einn með kassagítarinn. Löngu er orðið uppselt á tónleikana og því geta aðrir aðdáendur kappans notið tónleikanna heima í stofu.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

7	6	5	9	3	4	8	1	2
4	2	1	6	5	8	9	3	7
3	8	9	1	2	7	6	5	4
6	5	8	4	1	9	2	7	3
2	9	4	3	7	6	1	8	5
1	7	3	5	8	2	4	6	9
5	3	2	8	9	1	7	4	6
9	1	6	7	4	5	3	2	8
8	4	7	2	6	3	5	9	1

5			1					3
	3		7	4	6			
							4	
		3	2			9		
6				5				2
		9			1	4		
	2							
			3	6	8		7	
8					2			1

19.00
Heimild
DAVID BECKHAM



17.30 Landsbankamörkin 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

18.30 Leiðin á HM 2006 í Destination Germany er fjallað um liðin sem taka þátt í mótnu og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina. Fjögur lið eru tekin fyrir hverjum þætti.

19.00 Heimildamynd um David Beckham (Footballer's Story)

20.00 HM hápunktar: 20 eftirminnlegustu atvikin Tuttugu eftirminnlegustu atvikin úr sögu HM í knattspyrnu. Skemmtileg upphitun fyrir áskrifendur Sýnar áður en veislan hefst 9. júní. Pele, Cruiff, Maradona og fleiri leika listir sínar.

20.55 Sporðaköst II (Laxá í Aðaldal)

21.25 Ensku mörkin

21.55 World Poker

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútlit **13.00** Vitt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Viðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40**

Laufskálinn **20.20** Hún skrifar svo vel að efnið talar **21.05** Pau létu verkin tala **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.10** Til allra átta

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútlit **Rásar 2** **9.05** Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitíð **9.00** Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádeggi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ivar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

- FM 90,9 TALSTÖÐIN
- FM 99,4 ÚTVARP SAGA
- FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
- FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
- FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
- FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Góðir farþegar

Við minnum á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því farþega til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

Innritun hefst kl. 5.00 eða 2 tímum fyrir brottför
Tilboðið gildir til **31. ágúst 2006**

Njótið ferðarinnar, mætið tímanlega

Finnið rúturnar með okkar merki
Farþegar eru vinsamlegast beðnir um að sýna farseðil



AÐ MÍNU SKAPI: **KORMÁKUR GEIRHARÐSSON** ÁHÆTTUFJÁRFESTIR OG INNRÁSARADILI**Kill Bill** hefur tekið við af **Guðföðurnum**

Tónlist: Eg er að hlusta á nýju lögin með Langa Sela og svo vorblótslagið sem ég er að æfa í kórnum mínum, við vinirnir hittumst hálfsmánaðarlega eða svo og semjum lög ofan í okkur. Síðan er ég ska-áðdáandi, það er tónlistartegund sem svipar til reggí en er mun hraðari.

Bókin: Eina bókin sem ég hef lesið tvisvar er sjálfsævisaga sem heitir Papillon. Bókin er eftir Frakkann Henri Charrière en það var náungi sem var settur saklaus í fangelsi. Það var mjög fræg mynd gerð eftir sögunni með Dustin Hoffman, sem var reyndar algjör skandall. Þetta er mesta ævintýrabók sem ég hef lesið. Tinnabækurnar koma svo sterkar inn. Það er allt of lítið af Tinna á Íslandi í dag.

Borgin: Amsterdam. Þar er allt sem þú vilt, hægt að ganga í allt sem maður vill gera. Það er algjör snilld. Þegar ég og Dýrleif vorum að vinna í tiskubransanum fórum við þangað oft.

Bíómyndin: Það er erfitt að gera upp á milli Kill Bill og Guðföðurnum. Kill Bill hefur eiginlega tekið við af Guðföðurnum, hún er bara mjög flott, eiginlega ævintýri, og mér finnst æðislegt þegar fólk er drepíð á listrænan hátt.

Búðin: Bertie Woolter í London. Hún er svo góð að við Skjöldur

fórum þangað um daginn og keyptum hana, með öllu. Allt fylgdi með, skiltið, golfmottan, lagerinn. Þetta var í raun innrás, ekki útrás. Við eigum eftir að finna út úr því hvað við gerum við hana herna heima.

Verkefnið: Það er náttúrulega Bertie en annars er ég með mörg járn í eldinum. Það er til dæmis heilmikið verkefni að finna út hvernig maður nær því að horfa á alla leikina á HM. Svo erum við að skoða að opna nýjan skemmtistað. En aðalverkefnið er að taka upp nýju plötuna með Langa Sela og Skuggunum á sem skemmstum tíma.

**HRÓSIÐ**

Fá Mundi og Morri, sem hafa skreytt skemmtistaðinn Barinn með skemmtilegri list.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT:

2 jurtt 6 klukka 8 umfram 9 nægilegt 11 slá 12 teygjudýr 14 þíða 16 rás 17 illæri 18 niður 20 í röð 21 nabbi.

LÓÐRÉTT:

1 rotta 3 guð 4 nískupúki 5 skjön 7 lofaður 10 útdeildi 13 kvikmyndahús 15 auma 16 espa 19 tveir eins.

LAUSN:

LÁRÉTT: 2 Gras, 6 Úr, 8 Áuk, 9 Nóg, 11 Rá, 12 Ámaba, 14 Áfísa, 16 Þó, 17 Óar, 18 Svó, 20 Lm, 21 Árða. LÓÐRÉTT: 1 Fúna, 3 Ra, 4 Áurasál, 5 Ska, 7 Romabour, 10 Gaf, 13 Bíó, 15 Arma, 16 Þesa, 19 Þó.

allt
matur

Alla föstudaga

BENEDIKT BJARNASON: HÁLFUR ÞJÓÐVERJI OG HÁLFUR ÍSLENDINGUR

Gerir heimildarmynd um Íslendingabók

Benedikt Bjarnason, sem er hálfur Íslendingur og hálfur Þjóðverji, hefur verið staddur hérlendis að undanförunni til að undirbúa heimildarmynd sína um Íslendingabók.

Tökur á myndinni hefjast hér á landi seinnipart ágúst og standa yfir fram í miðjan september. Með honum í för er tókumaðurinn Matthias Müller. Myndin er hugsuð sem lokaverkefni í kvikmyndaskóla í Þýskalandi þar sem þeir stunda nám í heimildarmyndagerð.

„Við vorum að leita að tókustöðum og fórum meðal annars austur og skoðuðum landslagið þar og strendurnar,“ segir Benedikt. „Við höfum verið að hlaupa um og tala við fólk, meðal annars mannfræðinga, sagnfræðinga og erfðafræðinga,“ segir hann.

Undirbúningurinn hefur gengið vel að sögn Benedikts en þrátt fyrir það vantar á félagana enn sögur af fólki fyrir heimildarmyndina sem hægt verður að tengja við Íslendingabókina. Vonast þeir til að fara á ættarmót á Íslandi seinna í sumar og kynna þannig íslenskum fjölskyldutengslum nánar.

„Þegar ég var að hugsa um það hvernig lokaverkefni mitt yrði talaði ég við frænku mína sem býr á Íslandi og hún sagði mér frá Íslendingabók og hvernig hún virkaði. Mér fannst það mjög áhugavert og í framhaldinu ákvað ég að búa til þessa mynd,“ segir Benedikt, sem hefur heimsótt Ísland um það bil einu sinni á ári síðan hann var lítill drengur.

Hann hefur átt í viðræðum við þýska sjónvarpsstöð um að sýna heimildarmyndina en þær eru þó skammt á veg komnar. Einnig vonast hann til að koma myndinni að hér á landi.

„Það er alveg einstakt að allir



MATTHIAS OG BENEDIKT Þeir félagar hafa verið staddir hér á landi til að undirbúa heimildarmynd sína um Íslendingabók. Benedikt er til hægri á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

skuli vera skyldir á Íslandi. Í það minnsta finnst Þjóðverjum það áhugavert því fjölskylduböndin eru ekki eins mikil í Þýskalandi og frjósemin er minni þar en á Íslandi,“ segir hann. „Þjóðverjar hafa líka gaman af framandi og skrifnum sögum.“

Peir sem vilja veita Benedikt og Matthias upplýsingar um ættarmót í sumar eða hjálpa þeim á annan hátt vegna heimildarmyndarinnar er bent á netfangið benedikt.bjarnason@filmakademie.de. Taka þeir glaðir við öllum ábendingum. freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

S umarsöngleikurinn í ár verður án efa Footloose sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu 29. júní. Tvö fyrirtæki koma að framleiðslunni, 3 Sagas Entertainment og Á þakinu, en að baki þeirra eru reyndir menn í uppsetningu sumarsöngleikja, svo sem **Bjarni Haukur Þórsson** og **Kristján Ragnar Kristjánsson**. Fyrirtækin tvö munu hafa tryggt sér réttinn að uppsetningu söngleiksins um alla Skandinavíu og hyggjast herja á þau lönd á næstu árum. Hugmyndin mun vera sú að sýningin hér á landi verði eins konar undirbúningur fyrir stærri uppfærslur erlendis og því verði afar mikið lagt í hana.



Svo mikið mun vera lagt í uppfærsluna að sagt er að hún eigi ekki möguleika á að borga sig, ágóðinn af verkefni á allur að koma frá Skandinavíu á næstu árum.

Sjónvarpskonan Sirrý snýr

eftur á skjánn með eigin þætti næstkomandi sunnudag. Sirrý tekur við plássi Kompáss á dagskrá Stöðvar 2 og NFS á sunnudagskvöldum með þátt sinn sem hefur fengið nafnið Örlagadagurinn. Meðal efnis sem Sirrý hefur tekið upp nú þegar er viðtal við fjögurra barna föður sem kom út úr skápnum eftir 25 ára hjónaband og viðtal við þekktan framkvæmdastjóra sem leggur stund á búddatru og lífir skirflífi.



Nú styttesti óðum í að ungsveitin Jakobínarína gefi út fyrstu smáskífu sína undir merkjum Rough Trade. Aðallagið á smáskífunni heitir His Lyrics Are Disastrous og má vænta þess að smáskífan komi út á næstu vikum. Líðsmenn Jakobínarínu hafa fengið góðan lífsauka í



Jóni Þór Birgissyni, söngvara Sigur Rósar, og **Alex** kærasta hans sem hönnuðu umslag-ið á smáskífunni. Alex hefur þegar hannað talsvert fyrir Sigur Rós í félagi við **Lukku Sigurðardóttur** en saman kalla þau sig Tannáfana.

- hdm

Tónleikar Bó og Sinfó á DVD

„Þetta er ekki hrist fram úr erm-inni. Það er búið að undirbúa þetta lengi og nú er verið að velja lögin og ákveða hverjir koma fram með mér á tónleikum,“ segir Björgvin Halldórsson, sem mun leika á tvennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Laugardals-höll í september. DV greindi frá þessu fyrir helgi og sagði að tvennir tónleikar yrðu sama dag. Samtals komist 5.000 gestir á tónleika Björgvins. Auk Björgvins og Sinfóníunnar koma fram rythmasveit, karlakór og ýmsir gestir.


„Það er ekki ákveðið hvaða gestir verða með en einhverjir þeirra gætu verið erlendir,“ segir Björgvin, sem segir að lagalistinn verði yfirlit yfir það besta á hans ferli. „Þetta verður allt frá Íslands-lögum og yfir í rock 'n' roll. Svo verður kannski eitthvað nýtt efni. Og svo verður þetta allt gefið út á DVD,“ segir Bó kokhraustur.

- hdm



BÓ MEÐ SINFÓ Björgvin Halldórsson leikur á tvennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Roger Waters
Egilshöll 12. júní
Miðasala á midi.is



18 nýir áfangastaðir á laugardaginn!

ICELAND EXPRESS OPEN

12
FERÐA-
VINNINGAR

» Iceland Express golfmótið verður haldið laugardaginn 10. júní nk. á Vífilsstaðavelli. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar ber hitann og þungann af skipulagningu mótsins. Keppnisfyrirkomulag er högggleikur og punktakeppni og hámarksförgjöf er 24 kk og 28 kvk. Ef skrambarnir verða ekki alltof margir gætirðu verið á leið til Evrópu með Iceland Express. Góða skemmtun!

Verðlaun fyrir besta skor

Glæsileg golfferð fyrir tvo á Manor of Groves í London með Express Ferðum

Verðlaun fyrir næstbesta skor

2 farseðlar á áfangastaði Iceland Express í Evrópu

Verðlaun í punktkeppni

1. sæti: 2 farseðlar á áfangastaði Iceland Express í Evrópu
2. sæti: 1 farseðill á áfangastað Iceland Express í Evrópu
3. sæti: 1 farseðill á áfangastað Iceland Express í Evrópu

Nándarverðlaun á 2., 4. og á 13. holu

3 farseðlar á áfangastaði Iceland Express í Evrópu

Útdráttur / leikur

1 farseðill á áfangastað Iceland Express í Evrópu

Skráðu þig á www.golf.is
Þátttökugjald: 4.000 kr.

Iceland Express



BAKPANKAR

DÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

Pöddulíf

Yfirleitt endist dagurinn ekki til að framkvæma allt sem bíður og þannig er lífið örugglega hjá fleirum en mér. Áætlanir í bráð og lengd eru viðstöðulaust í mótun og flest af því sem gera þarf er alveg nauðsynlegt. Alveg þangað til lífið minnir á rétta forgangsroðun.

EF eitthvað kippir manni harkalega niður á jörðina og endurraðar dagbókinni í einu vefangi þá eru það veikindi barna. Allt í einu er auðvelt að færa fundinn fram í næstu viku, sleppa símtölum og láta útréttingar bíða. Jafnvel þótt í flestum tilfellum séu veikindin sakleysisleg flensa eða gubbupest.

UM daginn fékk ég einmitt símtalið sem allir foreldrar óttast. Leikskólakennarinn sagði að skyndilega hefði barnið mitt veikst alvarlega og sjúkrabíll væri á leiðinni. Því miður tekst mér sjaldan að bregðast við á yfirvegaðan hátt og síst við fréttir sem þessar, svo leiðin á spítalann var sannkölluð rússíbanareid tilfinninga. Þegar frábært starfsfólk bráðamóttöku barna hafði greint dóttur mína með venjulega víruspest, þó fyrstu einkenni hafi verið martraðarkennnd, var spennufallið svo djúpt að við vorum eiginlega jafnlasnar, hún og ég.

OG nú hefur Pöddulíf verið á sírennsli í tækinu á þriðja sólarhring. Annað slagið býð ég upp á upplestur þroskandi bókmennta en svo snýr hún sér umsvifalaust aftur að hinni geysispennandi teiknimynd og tekur enga aðra í mál. Hvorki úr gamla safninu né heldur þær sem ég stökk út og keypti dýrum dómum í örvæntingu eftir tíu umferðir af Pöddulífi. Nú þegar við höfum séð hana saman í ótöluleg skipti hef ég komist yfir endurtekningarhrollinn og finnst hún bara fín, liggur við að ég horfi með eftirvæntingu. Verð smá hrædd þegar vondu engisprettarnar koma og allt.

EÐ held að þetta ferli allt sé eitthvað í ætt við heilapvott eða afbrigði af „Stockholm syndrome“. Það er svona heilkenni sem gerir stundum vart við sig hjá fórnarlömbum mannrána þegar þau byrja að halda með mannræningjunum. Kannski fer ég bráðum að horfa á Pöddulíf þótt ég sé alein og krefjast þess að borða maura-súpu og drekka flugusafa eins og hefur verið leiðin til að fá ungrúna góðu til að nærast í pestinni.



Öflugur sportjeppi

KIA Sportage dísil 140 hestöfl 2.790.000 kr.



KIA Sportage er með nýrri og byltingakenndri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum. Vélin er einstaklega umhverfisvæn, hljóðlát og eyðslugrönn.

26.890 kr. á mánuði*

Taktu þátt í HM leik KIA og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.

KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.

*M.v. 30% útborgun og 84 mán. bílasamning hjá SP fjármögnun með blandaðri myntkórðu.



KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt nýrri gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyritækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.



KIA MOTORS



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



Hávaxtareikningar

Háir vextir og mikið öryggi!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi. Kynntu þér málið á **spron.is**

